

Sheehan vakti heimsathygli fyrir í sumar þegar hún tjaldaði fyrir utan búgarð George W. Bush. Bandaríkjaforseta til að mótmæla stríðinu í Írak. Á mánuðaginn andæfði hún stríðinu ásamt nokk- ur hundruð mótmælendum í höf- uðborginni. Lögregla sagði hana og tvo aðra mótmælendur hafa hunsað fyrirmæli sín og því voru þau tekin fóst. ■





## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, hefði ekki verið nær að kaupa snjótroðara?*

„Nei, það er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig.“

Guðmundur Karl Jónsson er forstöðumaður Skiðastaða í Hlíðarfjalli á Akureyri. Tafir hafa orðið á uppsetningu snjóframleiðslukerfis vegna af mikils snjós.

Greiðslustöðvun Slippstöðvarinnar á Akureyri rennur út 4. október:

# Bærinn hugsanlega tilbúinn að leggja fram hlutafé

**ATVINNUMÁL** Jakob Björnsson, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar, telur að til greina komi að Akureyrarbær komi að rekstri slippstöðvar á Akureyri ef eigendum Slippstöðvarinnar tekst ekki að bjarga félaginu frá gjaldþroti en greiðslustöðvun Slippstöðvarinnar rennur út 4. október.

„Þetta er um 100 manna vinnustaður og því mikilvægt fyrir atvinnulífið í bænum að starfsemin leggist ekki af. Ef það verður til að tryggja rekstur slippstöðvar í bænum þá vil ég ekki útiloka að bærinn leggi fram hlutafé ef á því finnst einhver flötur,“ segir Jakob.

Hafnarsamlag Norðurlands, sem

að stærstum hluta er í eigu Akureyrarbæjar, á flotkvina og dráttarbrautina á Akureyri en Slippstöðin hefur leigt þessi upptökumannvirki af Hafnarsamlaginu.

Hörður Blöndal hafnarstjóri segir að fari Slippstöðin í gjaldþrot þá verði hafnarsamlagið fyrir fjárhagslegu tjóni þar sem Slippstöðin er í vanskilum með leigugreiðslur vegna upptökumannvirkjanna. Hann vill hins vegar ekki upplýsa um fjárhæðir í þeim efnum. - **kk**

**SLIPPSTÖÐIN Á AKUREYRI** Formaður bæjarráðs Akureyrar útilokar ekki að bærinn leggi fram fjármuni til að tryggja rekstur slippstöðvarinnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



**LOGI BERGMANN** Logi hætti hjá RÚV í gær. Hann fer til Stöðvar 2.

Logi Bergmann:

## Fer til Stöðvar 2

**FJÖLMIÐLAR** „Já, ég er hættur,“ segir Logi Bergmann Eðsson. Logi segist ekki vita hvenær hann hefur störf á Stöð 2, en það verði á næstunni.

„Hlutverk Loga verður tvíþætt. Hann verður helsti framleiðslustjóri fréttá ásmat mér og svo mun hann sinna margvíslegri þáttagerð,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2. „Þetta hefur einhver áhrif á nýja magasin-þáttinn okkar, en Loga var ætlað hlutverk í honum,“ segir Bogi Ágústsson hjá Ríkissjónvarpinu. - **saj**

## UTANRÍKISMÁL

**TVEIR NÝIR SENDIHERRAR** Kristján Andri Stefánsson hefur verið skipaður sendiherra frá 1. október, en þá tekur Kristján við sem stjórnarmaður eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Þá hefur Sigríður Dúna Kristmundsdóttir verið skipuð sendiherra í Suður-Afríku frá 1. júní 2006.

## LÖGREGLUFRETTIR

**BÁTAR SUKKU Í ÍSAFJARÐARHÖFN** Tveir róðrabátar sukku í Ísafjarðarhöfn í gær. Ástæður eru ekki ljósar en bátarnir eru opnir, léttir plastbátar og var í þeim nokkur krapí sem gæti hafa átt sinn þátt í að bátarnir sukku. Greiðlega gekk að ná bátunum á þurrt.

# Halldór undrandi og hneykslaður

Halldór Ásgrímsson kveðst telja að fjölmiðlar séu gerendur í Baugsmálinu, en það sé hlutverk fjölmiðla að upplýsa um mál. Hann segir málið hafa skaðað þjóðina og vill að dómstólar fái frið til að ljúka verkum sínum.

**BAUGSMÁLIÐ** „Ég er bæði undrandi og hneykslaður á mörgu því sem hefur komið fram síðustu daga,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra um framvindu Baugsmálsins og fjölmiðlaumfjöllun síðustu daga. „Ég tel að það sé hlutverk fjölmiðla að upplýsa um mál eftir bestu getu. En mér finnst að nokkru leyti eins og þeir séu gerendur í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt núna að dómstólar landsins fái frið til að vinna í málinu. Það er mjög alvarlegt ef menn liggja undir grun og ásökunum árum saman um alvarleg brot og þess vegna held ég að það sé best fyrir okkur öll ef dómstólararnir geta ráðið þessu máli til lykta sem allra fyrst.“

Halldór var þessu næst spurður hvað hann ætti við með því að fjölmiðlarnir væru gerendur. „Ég held að ég þurfi ekkert að útskýra það. Ef menn hafa lesið blöðin nú síðustu daga þá held ég að það sé



**STYRMIR GUNNARSSON RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS** Blaðamenn Morgunblaðsins spyrja hvort Styrmir sé orðinn þátttakandi í Baugsmálinu. Sjálfur telur hann sig hæfan til að stýra fréttaflokkningu af málinu.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** „Þjóðfélagið hefur verið gagnatekið af þessu máli og ég tel að umfjöllunin núna upp á síðkastið hafi verið þannig að fólk hefur ruglast í ríminu.“

alveg ljóst að það eiga sér stað hatrömm átök um málið og ég held ég þurfi ekkert að útskýra það fyrir ykkur.“

Halldór taldi að Baugsmálið hefði skaðað allt þjóðfélagið. „Það hefur verið gagnatekið af þessu máli og ég tel að umfjöllunin núna upp á síðkastið hafi verið þannig að fólk hefur ruglast í ríminu. Það er ekki gott. Og þess vegna tel ég að það sé mjög mikilvægt að þessu máli ljúki þannig að við getum farið að vinna að því sem skiptir okkur máli í framtíðinni. Ég tel að þetta mál taki allt of mikinn tíma og orku í umfjölluninni núna.“

Halldór kvaðst ekki vilja segja neitt um það hvaða fjölmiðlar

hefðu verið að reyna að hafa áhrif á atburðarásina. „Það sjá allir sem lesa blöðin þessa dagana hvað um er að vera.“

Halldór segir að ætlunin sé að leggja fram fjölmiðlafrumvarp á alþingi í haust. „Það er búið að ljúka störfum um þetta mál. Það náðist um það ágætt samkomulag. Mér finnst sjálfsagt að byggja á því,“ segir Halldór, en hann telur að vilji sé til að byggja á þeirri vinnu.

Halldór segir ómögulegt fyrir sig að gripa inn í atburðarásina. Um skipan rannsóknarnefndar segir hann að þetta mál sé mál-efni lögreglu og dómstóla. „Mikilvægast af öllu er að sú niðurstaða fáiast.“ **johannh@frettabladid.is**

Löggæsla í Breiðholti:

## Ný stöð opnuð

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík opnar í dag nýja lögreglustöð í Álfabakka 12 í Mjóddinni í stað stöðvarinnar í Völvufelli.

Með þessum breytingum segist lögreglan færa sig nær íbúum Breiðholts, enda með nýju stöðina í aðal þjónustu- og verslunarkjarna Breiðholts. „Aðalvarðstjóri hefur verið skipaður til að veita stöðinni forstöðu og auglýst hefur verið eftir lögreglumönnum sem eingöngu munu vinna í Breiðholti. Auk þess er hverfislögreglumaður áfram starfandi í Breiðholti,“ segir á vef lögreglunnar, en með þessu er tekið upp sama fyrirkomulag á löggæslu og verið hefur í Grafarvogi. - **óka**

Danskur ráðherra:

## Ójöfnuður er bætandi

**DANMÖRK** Þrátt fyrir óheppileg ummæli Evu Kjer Hansen, félagsmálaráðherra Danmerkur, í síðustu viku um

að aukinn ójöfnuður myndi leiða af sér kraftmeira samfélag, hefur fylgi Venstre-flokks Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra og flokksbróður Hansen, ekki dalað samkvæmt skoðanakönnun sem Jyllandsposten greinir frá. Umtalsverð reiði greip um sig í síðustu viku þegar ráðherrann lét þessi ummæli falla en hún dró þau til baka þegar Rasmussen hótaði að svipta hana ráðherraembættinu.

Flokkurinn fær í könnuninni 29,5 prósent og stjórnin og bandamenn hennar 53,6 prósent. ■



**EVA KJER HANSEN** Félagsmálaráðherra Danmerkur.

Borgaralegir flokkar ræða stjórnarmyndun í Póllandi:

## Marcinkiewicz forsætisráðherraefni

**PÓLLAND, AP** Jaroslaw Kaczynski, formaður pólska íhaldsflokksins Lög og réttlæti sem hlaut flest atkvæði í þingskosningunum um liðna helgi, sagði í gær að hann hygðist tafarlaust ganga til stjórnarmyndunarviðræðna við frjáls-hygguð flokkinn Borgaravettvang. Hann tilkynnti jafnframt að forsætisráðherraefni væri ekki hann sjálfur heldur Kazimierz Marcinkiewicz, 45 ára gamall efnahagsmálasérfræðingur flokksins.

Endanleg úrslit kosninganna voru kunngjörð í gær. Þegar öll atkvæði höfðu verið talin lá fyrir að Lög og réttlæti hefði fengið 26,99 prósent atkvæða en hinn væntanlegi samstarfsflokkur 24,14 prósent. Alls fengu þessir tveir flokkar 288 af 460 þingsætum. Kjörsókn var dræm, aðeins 40,57 prósent.

Kaczynski hefur sem leiðtogi




**EINEGGJA** Tvíburaðir Lech og Jaroslaw Kaczynski. Lech er í forsetaframboði en Jaroslaw á tilkall til forsætisráðherraembættisins, sem hann hyggst hins vegar gefa flokksbróður sínum eftir.

stærsta flokksins á þingi tilkall til forsætisráðherraembættisins, en þar sem svo gæti farið að eineggja tvíburaþróðir hans Lech sigri í forsetakosningum nú í október,

vill hann hlífa eigin landsmönnum og umheiminum fyrir ruglingnum sem það gæti valdið að tvíbura sætu samtímis í æðstu valdaembættum landsins. - **aa**

Alltaf einfalt



ódyrt bensín

15 stöðvar!

[www.ob.is](http://www.ob.is)



# KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.


Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**


Bókaðu fund hjá ráðgjafa á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is), í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

## Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts



Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðaðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

## Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma



Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi  
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



KB BANKI



| GENGIÐ                                                                                            |      |        |        |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|------|--------|--------|
| GENGI GJALDMÍÐLA 27.09.2005                                                                       |      |        |        |
|                                                                                                   | KAUP | SALA   |        |
|  Bandaríkjadalur | USD  | 62,56  | 62,86  |
|  Sterlingspund   | GBP  | 110,54 | 111,08 |
|  Evra            | EUR  | 75,16  | 75,58  |
|  Dönsk króna     | DKK  | 10,072 | 10,13  |
|  Norsk króna     | NOK  | 9,616  | 9,672  |
|  Sænsk króna     | SEK  | 8,01   | 8,056  |
|  Japanskt jen    | JPY  | 0,5525 | 0,5557 |
| SDR                                                                                               | XDR  | 90,56  | 91,1   |

Gengisvísitala krónunnar

105,7706

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jónína Benediktsdóttir:

## Kærir vegna tölvupósts

**LÖGREGLA** Jónína Benediktsdóttir hefur lagt fram kæru hjá lögreglu vegna þess að efni úr einkatölvu-pósti hennar hafi birst á síðum Fréttablaðsins.

Egill Stephensen, saksóknari hjá Lögreglustjóranum í Reykja-vík, segir sérstaka rannsókn ekki hafna sem snúi að Fréttablaðinu, en staðfestir að erindi hafi borist lögreglu frá Jónínu. „Erindið varðar meðferðina á þessum pósti og er til skoðunar hjá embættinu, en við lítum á það sem kæru og meðhöndlum sem slíkt,“ segir hann.

- óká



**ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON** Aron Pálmi gistir nú hjá vinafólki í borginni Tyler í Texas, en borgin, sem er á stærð við Reykjavík, er sögð bera vinalagan smábærjarbrag.

Á flótta í Ameríku:

## Gistir hjá vinafólki

**BANDARÍKIN** Aron Pálmi Ágústsson dvelur nú hjá fjölskylduvini í borginni Tyler í Texas, en hann þurfti að dvelja eina nótt í fangelsi eftir að lögregla meinaði hon-um að dvelja í flóttamannabúðum Rauða krossins. Hann er í hópi milljóna sem flúðu innar í land undan fellibylnum Ritu.

Aron Pálmi hefur um árabil verið í stofufangelsi í Texas, en hann hlaut dóm ytra fyrir kyn-ferðisbrot þegar hann var ellefu ára. Unnið er að því að fá leyfi til að Aron fái að flytjast heim til Ís-lands, en þær ráðagerðir kunna að dragast nokkuð vegna umstangs í kringum fellibylinn.

- óká



Kortasölunni lýkur á föstudag. Tryggðu þér sæti!



www.leikhusid.is

„Ertu viss?“ spurði forstjóri Baugs í tölvupósti árið 2002:

# Dægurtexti í meintu hótunarbréfi

**BAUGSMÁL** Tryggvi Jónsson, þá for- stjóri Baugs, vitnar í vinsælan dægurlagatexta Spilverks Þjóð- anna í meintu hótunarbréfi til Jóns Gerald Sullenbergers sem vísað er til í frétt Morgunblaðsins í gær. Bréfið var sent í tölvupósti 25. júlí 2002 og lagði Jón Gerald það fram í málaferlum við fyrir- tækið í Bandaríkjunum árið 2003. Yfirskrift bréfsins er „Ertu viss?“

Bréfið hljóðar svo: „Sæll Jón. Mér þykir afar leiðinlegt að við getum ekki rætt saman eins og maður við mann. Við vorum komir á góðan rekspöl með að klára okk- ar mál þegar málið tók óvænta stefnu, vegna óuppgerðrar skuldar

við Jón Ásgeir að því mér skilst.

Ertu viss um að það sé rétt ákvörðun hjá þér að láta persónu- legt hatur stýra þínu lífi? Ertu viss um að þú sért að gera sonum þínum rétt? Jón, ef þú vilt skal ég gera það sem ég get til að létta þér róðurinn. En þú verður að vilja það.

Spilverk þjóðanna söng einu sinni: Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir / heilagt stendur skrifað á blað / Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir / ein lítill býfluga afsannar það / Guð hjálpar þeim sem hjálpast að

Ög hvort sem þú trúir því eða ekki, þá skrifa ég undir þennan póst sem: þinn vinur Tryggvi.“

- óká



**TRYGGVI JÓNSSON** Í meintu hótunarbréfi sem sent var í tölvupósti árið 2002 frá Tryggva Jónssyni, þáverandi forstjóra Baugs, til Jóns Gerald Sullenberger og rætt hefur verið um í fréttum, endar hann bréf sitt á því að segjast vinur Jóns Gerald.

# Baugur borgaði Jóni Gerald

Stjórnarformaður Baugs segir að fullyrðing um að ráðnir hafi verið einkaspæjarar til að fylgjast með Jóni Gerald sé óhróður. Aðalatriði málsins sé að áhrifamenn innan Sjálfstæðisflokksins hafi lagt á ráðin um hvernig hrinda mætti lögreglurannsókn af stað.

**BAUGSMÁL** Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hélt því fram í grein í Morgunblað- inu í gær að Baugur hefði greitt Jóni Gerald Sullenberger 120 milljónir til þess að losna út úr málaferlum sem þeir sjálfir hefðu efnt til gegn Jóni Gerald. Auk þess hafi þeir haft fjórar lögræðistofur í vinnu fyrir sig til að vinna á Jóni Gerald, eina á Íslandi og þrjár í Bandaríkjun- um.

Hreinn Loftsson, stjórnarfor- maður Baugs, segir nánast öll atriði þessarar fullyrðingar Styrmis röng. Jón Gerald hafi stofnað til málaferlanna í Bandaríkjunum. Jón Gerald hafi stefnt Baugi, sem stefndi honum á móti.

Málið varðaði tvö fyrirtæki, Baug og Gaum, sem voru hvort með sína lögræðistofuna á Ís- landi en notuðust við sömu lög-

fræðistofuna í New York. Sú stofa hafi hins vegar óskað eftir aðstoð lögræðistofu í Flórída, eins og tíðkist í Bandaríkjunum. „Sjálfur var Jón Gerald með tvær stofur í vinnu fyrir sig,“ segir Hreinn.

Hvað varðar fullyrðingar Styrmis um að Baugur hafi ráðið einkaspæjara sem hafi lagt Jón Gerald og fjölskyldu hans í einelti segir Hreinn: „Þessi frá- sögn Styrmis er óhróður. Í Bandaríkjunum gilda aðrar rétt- arfarsreglur en hér á landi. Þar starfa sérfræðingar í upplýs- ingaöflun á grundvelli starfs- leyfis en það eru þeir sem kall- aðir eru „einkaspæjarar“ í Mogganum. Tilgangur þessara sérfræðinga var að afla gagna fyrir dómsmálið sem reka átti úti í Bandaríkjunum. Ég get ekki séð annað en að ummæli Styrmis séu gagnrýni á banda-



**HREINN LOFTSSON, STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS** Segir að „einkaspæjarnir“ sem Styrm- ir nefnir séu starfsleyfisskyldir sérfræðingar í upplýsingaöflun sem starfi fyrir lögræðistofur vegna undirbúnings dómsmála.

rískt réttarfar frekar en gagn- rýni á Baug,“ segir Hreinn.

Spurður hvers vegna hafi verið ákveðið að reiða fram 120 milljónir fremur en að reka mál- ið fyrir dómstólum segir Hreinn: „Á hverjum tíma þarf fyrirtæki í svona aðstöðu að meta hvort borgi sig að standa í slíkum málaferlum. Þetta er vel þekkt.“

Þegar Hreinn er bedinn um að skýra hvernig komist var að niðurstöðu um þessa tilteknu upphæð segir hann að viðræður hafi farið fram með milligöngu lögmanna sem leiddu til þess að samið var um uppgjör í þeirri viðskiptadeilu sem var grund- völlur málarekstursins. „Við erum bundnir trúnaði um efni


þessa samkomulags en það er augljóst að Jón Gerald hefur rofið sinn þátt þess með upplýs- ingagjöf til Morgunblaðsins,“ segir Hreinn. Hann vill þrátt fyrir það ekki sjálfur brjóta þann trúnað.

„Aðalatriði málsins er hins vegar ekki hvernig þessum málaferlum lauk og hvaða fjár- hæðir samið var um, heldur sú staðreynd að Fréttablaðið hefur með einhverjum hætti komist yfir upplýsingar sem benda til þess að áhrifamenn tengdir Sjálfstæðisflokknun og ritstjóri Morgunblaðsins hafa lagt á ráð- in um það með hvaða hætti lög- reglurannsókn yrði hrundið af stað,“ segir Hreinn.


sda@frettabladid.is

## VEÐURSPÁ


um hádegi »



» á morgun



» föstudagur



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÁFRAM VINDASAMT Á LANDINU

Mestu lætin eru þó yfirstað- in. Þó verður allhvasst norð- austan og austan til einkum á annesjum og vel kann að fara að færð geti spíllt á heiðum nyrðra.

HVAÐ UM NÆSTU HELGI?

Á laugardag: Bjart framan af degi víða um land. Snýst síðdegis í sunnanátt með hlýindum og rigningu, fyrst vestan til. Á sunnudag verður að líkindum stíf vestan átt með skúrum vestan til en þurt eystra.

HÖRFUR Í HÖFUÐ- BORGINNI

Ákveðin norðan átt. Bjart með köflum. Hiti 2 - 5 stig.

|               |                 |           |                  |                 |                  |
|---------------|-----------------|-----------|------------------|-----------------|------------------|
| Kaupmannahöfn | 16°C skúrir     | París     | 16°C hálfskýjað  | Alicante        | 25°C hálfskýjað  |
| Oslo          | 8°C léttskýjað  | Berlín    | 19°C skýjað/skúr | Milano          | 24°C léttskýjað  |
| Stokkhólmur   | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 15°C léttskýjað  | New York        | 23°C léttskýjað  |
| Helsinki      | 16°C alskýjað   | Madrid    | 20°C hálfskýjað  | San Francisco   | 25°C léttskýjað  |
| London        | 15°C léttskýjað | Barcelona | 21°C hálfskýjað  | Orlando/Florida | 32°C skýjað/skúr |

\* Sveði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.





# Bestur!



HVÍTTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sportage** er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt glænýrri gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum. Þessi árangur er mikil viðurkenning sem undirstrikar þá staðreynd að KIA er í mikilli sókn og skipar sér í flokk bestu bílaframleiðenda í heiminum.

**Sportage 2,0 CRDI 112 hestöfl dísil 2.645.000 kr.**

**Sportage 2,7 24V 175 hestöfl bensín 2.695.000 kr.**

*KIA umboðið á Íslandi veitir 3 ára verksmiðjuábyrgð á nýjum bílum.*



**KIA MOTORS**



**KIA umboðið** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700





### KJÖRKASSINN

Ætlaðu á skíði í vetur?

Niðurstöður gærðagsins á [visir.is](#)

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 24% |
| Nei | 76% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Ertu sátt(ur) við að Davíð sé hættur í ríkisstjórn?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Næstráðandi al-Kaída í Írak felldur um helgina:

## Ekkert lát á uppreisninni

**BAGDAD, AP** Lík 22 manna fundust sundurskotin í borginni Kut í Írak í gær. Þá var skýrt frá því að bandarískar og íraskar hersveitir hefðu felld næstráðanda al-Kaída í Írak um helgina.

Líkin í Kut voru í borgaralegum klæðum en þau eru talin vera af sjíum. Ekki er vitað hvenær þeir voru teknir af lífi en talið er að margir dagar geti verið síðan. Hendur þeirra höfðu verið bundnar og bindi sett fyrir augun.

Yfirvöld skýrðu frá því í gær að Abdullah Abu Azzam, háttsettur félagi í al-Kaída í Írak, hefði fallið í bardögum við íraska og bandaríska hermenn á sunnu-

dagsmorguninn. Azzam er sagður hafa stýrt ýmsum hryðjuverkaárásum al-Kaída í landinu undanfarin misseri, meðal annars lýsti hann ábyrgð á tilræðinu við Izza-dine Saleem, forseta ráðgjafaráðs Íraka, í maí 2004. Hann er auk þess sagður hafa fjármagnað flutning á erlendum vígamönnum sem streymt hafa inn til landsins undanfarin misseri.

Ekki er víst hvaða áhrif drápið á Azzam mun hafa. Bandaríkjaher hefur margoft sagst hafa haft hendur í hári háttsettra hryðjuverkamanna en þrátt fyrir það hefur ekkert lát orðið á uppreisninni í landinu.



**ABDULLAH ABU AZZAM** Azzam er af mörgum talinn hægri hönd Abu Musab al-Zarqawi, leiðtoga al-Kaída í Írak.

Bandaríski herinn:

## Yfirgefur Úsbekistan

**ÚSBEKISTAN, AP** Bandaríski herinn mun leggja herstöð sína í Úsbekistan niður fyrir lok þessa árs, að því er erindreki Bandaríkjastjórnar greindi frá í gær. Herstöðin hefur þjónað hernaðarumsvifum Bandaríkjamanna í Afganistan.

Stjórnvöld í Úsbekistan fóru fram á brottflutninginn en samskipti þeirra við Bandaríkin og önnur Vesturlönd hafa verið mjög stíðr eftir harkalegar aðgerðir Úsbekistanstjórnar gegn stjórnarandstöðunni þar í landi. Búið er við því að Bandaríkjamenn efli herstöð sína í nágrannalöndinu Kirgisistan eftir brottförina frá Úsbekistan. ■

Þjófur dæmdur:

## Braut rúður í átta bílum

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur maður var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðbundið í tvö ár, í Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun vikunnar.

Dóminn hlýtur maðurinn fyrir margvísleg þjófnaðarbrott. Auk þjófnaðar var hann í eitt sinn gripinn með tæpt gramm af maríjúana á sér.

Í september í fyrra braust maðurinn inn í átta bíla við Freyjugötu í Reykjavík, en hann braut í þeim öllum rúðu og stal svo úr sumum.

Fjórir gerðu kröfu um bætur fyrir rúðubrotin og þurfti maðurinn að greiða þremur þeirra alls, rúmar 81 þúsund krónur með vöxtum, en einni kröfunni var vísað frá vegna misræmis milli málsskjala og ákæru.

- óká

### PERÚ

**MANNSKÆÐUR JARÐSKJÁLFTI** Jarðskjálfti af stærðinni 7,5 reið yfir norðurhluta Perú í gær. Að minnsta kosti fjórir fórust í hamförunum og um sextíu slösuðust. Tæplega fjögur hundruð hús eru sögð hafa hrundið á jarðskjálftasvæðinu og rafmagns- og símalaut er á stórum hluta svæðisins. Jarðskjálftar eru algengir á þessum slóðum enda eru þar jarðfleka-mót.

**RÉTTAÐ YFIR UPPREISNARLEIÐ-TOGA** Réttarhöld eru aftur hafin yfir Abimael Guzman, leiðtoga hinnar róttæku kommúnista-hreyfingar Skínandi stígs, í Perú. Talið er að 70.000 manns hafi látist í átökum hreyfingarinnar og stjórnarhersins í gegn um tíðina. Herréttur dæmdi Guzman á sínum tíma í ævi-langt fangelsi og var verjandi hans svartsýnn á að niðurstaðan yrði önnur nú.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LEIKSKÓLABÖRN** Á fundi í leikskólanum Laufskálar í gærkvöld fengu foreldrar þau skilaboð að þeir þyrftu að standa sína plikt. Vandamál í starfsmannahaldi leikskólanna væru víðar en í Grafarvogi.

## Foreldrar skiptast á að gæta barnanna

Foreldrar í Grafarvogi segja ófremdarástand ríkja í leikskólamálum. Deildum er lokað og foreldrar skiptast á að sinna börnunum. Leikskólastjórinn vill ekki opinbera umfjöllun um málið.

**LEIKSKÓLAMÁL** Foreldrar í Grafarvogi segja ófremdarástand ríkja í leikskólamálum. Deildum á leikskólum er lokað dag og dag í senn, og dæmi eru um að foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn á sama leikskóla missi tvo eða fleiri daga í viku hverri úr vinnu.

„Okkur barst bréf undirritað af Halldóru Pétursdóttur, leikskólastjóra á Laufskálum í Grafarvogi, þar sem því var lýst yfir að óhjákvæmilegt væri að loka deildum á leikskólanum á næstunni. Ekki hefði tekist að ráða í stöður og við það bættust starfs- og undirbúningsdagar þeirra starfsmanna sem fyrir eru,“ segir Ásta Marta Róbertsdóttir, en dóttir Ástu er í Laufskálum.

Ásta segir að foreldrar barna á leikskólanum Laufskálum skiptist nú á að vera heima með börnunum hver annars. „Þetta er náttúrulega langsamlega erfiðast fyrir einstæðar mæður,“ bætir Ásta við. Ásta segist vita til þess að sambærilegt ástand sé á leikskólunum Lyngheimum og Fífuborg í Grafarvogi.

Í gærkvöld var haldinn fundur í Laufskálum þar sem borgarfulltrúarnir Stefán Jón Hafstein og Guðlaugur Þór Þórðarson hittu leikskólakennara og foreldra. Ekki var laust við að nokkurra vonbrigða gætti hjá foreldrum sem rætt var við eftir fundinn. Marteinn Þorkelsson foreldri sagði að skilaboðin hefðu verið að

foreldrar þyrftu að standa sína plikt, Laufskáli væri ekki eini leikskólinn sem byggji við skort á starfsfólki. Hvorki náðist í Stefán Jón Hafstein né Guðlaug Þór Þórðarson vegna málsins í gærkvöld.

Halldóra Pétursdóttir leikskólastjóri meinaði starfsmanni Fréttablaðsins aðgangi að fundinum og sagðist enga umfjöllun vilja um þessi mál. Hún sagði í samtali að blaðið ætti frekar að fjalla um börn að leik. „Það er enginn ávinningur af því að fjalla meira um þetta mál í fjölmiðlum en orðið er,“ segir Halldóra.

saj@frettabladid.is

## Tölvunám eldri borgara

### Grunnur

30 kennslustunda byrjendanámskeið fyrir 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 3. október og lýkur 24. október. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



### Framhald I

30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í Word. Framhaldsæfingar í Internetinu og tölvupósti auk þess sem stafrænar myndavélar verða kynntar.

Kennsla hefst 4. október og lýkur 25. október. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,-

### Framhald II

30 kennslustunda námskeið ætlað þeim sem lokið hafa fyrri framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilegan grunn og vilja enn meiri þekkingu og þjálfun. Byrjað er á upprifjun og svo er haldið áfram og kafað dýpra.

Kennsla hefst 4. október og lýkur 25. október. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16. Verð kr. 17.000,-



**TÖLVUSKÓLINN**  
**PEKking**

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • [www.tsk.is](#) • [skoli@tsk.is](#)

Frestur rann út í gær til að sækja um lóðir í Kópavogi:

## Biðraðir hjá Bæjarskipulagi Kópavogs

**KÓPAVOGUR** „Það hefur verið mikil umferð hjá okkur bæði í gær og í dag. Raunverulega hefur verið biðröð hér síðan hálf nú í morgun og alveg þangað til fresturinn rann út klukkan þrjú,“ segir Birgir Sigurðsson, skipulagsstjóri í Kópavogi. Frestur rann út í gær til að sækja um 30 íbúðalóðir í fjölbýli, fimmtán einbýlishúsalóðir, sex parhús, eitt raðhús og eitt fjörbýli.

Kópavogsbær gerði kröfu um 25 milljóna greiðslugetu fyrir einbýlishúsalóð og tuttugu milljóna greiðslugetu fyrir raðhúsum og parhúsum. Birgir segir næsta skrefið vera að koma öllum gögnum fyrir í tölvukerfinu. „Um-sóknirnar verða svo teknar fyrir á bæjarráðsfundi. Bæjarráðið vinnur úr þessu samkvæmt verklagsreglum. Næsti bæjarráðs-



**BÆJARSKIPULAG KÓPAVOGS** Biðraðir mynduðust á skrifstofunum í gær.

fundur verður á fimmtudag í næstu viku. Það er mögulegt að það náist að taka þetta fyrir þá,“ segir Birgir.

Birgir segir þessa miklu ásókn í lóðir sýna hversu bærinn er vinsæll. „Það komast færri að en vilja,“ segir Birgir.

- saj



# 100

## fríar mínútur

til Bretlands, Bandaríkjanna, Danmerkur, Þýskalands, Frakklands eða 26 annarra algengustu viðskiptalanda Íslendinga ef þú kaupir Hive áskrift fyrir 1. október.

## HiveLite

Ef þú gerist áskrifandi fyrir 1. október færðu gæða heyrnatól að verðmæti 2.990 kr. frítt með.



8Mb tenging, 4GB  
niðurhal, og þráðlaust  
internet á aðeins

### 3.990

Á MÁNUÐI?  
\*M.v. 12 mánaða samning.







### VEISTU SVARIÐ?

1

Hvaða nýi ráðherra tók sæti í ríkisstjórn Íslands í gær?

2

Hver skrifar nú fótboltasögur Guðna Bergssonar?

3

Hver er hjálfari knattspyrnuliðs ÍBV?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Grunaður um eiturlyfjasölu:

## Efni og vog gerð upptæk

**DÓMSMÁL** Við húsleit á heimili 22 ára gamals manns í Reykjavík í vor fann lögregla nokkurt magn fíkniefna sem að hluta til voru talin ætluð til sölu.

Mál mannsins var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni, en við leitina heima hjá honum fundust tæp 12 grömm af amfetamíni, rúm 97 grömm af hassi, tæp 17 grömm af marijúana, 68 e-töflur og smáræði af tilbaksblönduðu hassi. Refsingar er krafist, auk upptöku á efnunum og nákvæmrrar grammavogar.

- óká

### SPÁNN

**SPRENGJA Í ZARAGOZA** Sprengja sprakk nærri lestarstöð í Anon de Moncayo nærri borginni Zaragoza á norðaustanverðum Spáni í gærmorgun. Enginn slasaðist.

Kornuppskera eyfirskra bænda liggur undir skemmdum vegna snjókomu:

# Þriðjungur uppskerunnar gæti eyðilagst



**KORNAKUR Í EYJAFIRÐI** Snjókoman á Norðurlandi um síðustu helgi olli umtalsverðum skaða hjá eyfiskum bændum.

Almennt eru bændur á Eyja-fjarðarsvæðinu ekki tryggðir fyrir skemmdum á uppskeru og í ofanálag var kornspretta eyfirskra bænda minni í ár en undanfarin tvö ár. „Minni sprettu má annars vegar rekja til þurrka og kulda í maí og hins vegar til mikillar úrkomu og sólarleysis í ágúst,“ segir Ingvar.

Leita þarf aftur til ársins 1979 til að finna viðlíka ótíð norðanlands og í haust en þá var einnig mikil úrkoma í ágúst og langvarandi kuldi með snjókomu í september.

Kornrækt hefur vaxið jafnt og þétt á Íslandi frá árinu 1990 og í vor var sáð í um 3.000 hektara á landinu öllu. Nánast allt það korn sem íslenskir bændur rækta fer til fódur-gerðar nema hvað einn framleiðandi hefur ræktað lífrænt korn til manneldis.

- kk

### DANMÖRK

**TASKA TALIN SPRENGJA** Yfirgefin taska á brautarstöðinni í Klampenborg norðan Kaupmannahafnar var talin vera sprengja og stöðvuðust lestarferðir yfir Eyrarsund af þessum sökum í tvær klukkustundir. Taskan reyndist tilheyra þýskum ferðamanni sem hafði gleymt henni á stöðinni. Sydsvenskan greinir frá.

### LEIÐRÉTTING

Hjón sem festust á Öxarfjarðarheiði nú um helgina voru á breyttum Musso-jeppa, en ekki litlum jeppa eins og fram kom í blaðinu í gær.

Lárus Bjarnason, sýslumaður á Seyðisfirði, hefur að eigin ósk fengið heimild til tímabundins flutnings til starfa hjá Tollstjóranum í Reykjavík frá 15. október. Hann mun snúa aftur til starfa sem sýslumaður á Seyðisfirði 1. maí 2006.



**ÚRSLITUNUM FAGNAÐ** Stuðningsmenn forsætisráðherrans fögnuðu ákaft að kosningunum yrði ekki flýtt. Ákvörðunin þýðir að öldurnar hefur lægt vegna Gaza-málsins þegar loksins kemur að kosningunum en jafnframt heldur óvissan um forystu Likud-bandalagsins áfram.

# Slagnum slegið á frest

Enda þótt Ariel Sharon hafi unnið áfangasigur í atkvæðagreiðslu í miðstjórn Likud-bandalagsins í fyrrakvöld þýðir niðurstaðan að óvissan um forystuna í næstu þingkosningum heldur áfram.

**ÍSRAEL** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, vann áfangasigur í baráttunni um leiðtogaembætti Likud-bandalagsins í fyrrakvöld þegar tillaga um að flýta forkosningunum um embættið var felld. Benjamin Netanyahu, keppinautur Sharons, kallaði hann einræðis-herra að kosningunum loknum.

Hitnað hefur undir Ariel Sharon undanfarin misseri, ekki síst eftir að hann lét rýma landnemabygðir á Gaza-svæðinu. Í fyrrakvöld fór fram atkvæðagreiðsla í miðstjórn flokksins um tillögu hvort flýta bæri forkosningum vegna leiðtoga-kjörs en Benjamin Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra, skoraði Sharon á hólmi fyrir nokkrum vikum. 91 prósent miðstjórnarfulltrúa greiddi atkvæði og var tillagan felld naumlega með 1.433 atkvæðum gegn 1.329. Hefði kosningunum verið flýtt er talið öruggt að Netanyahu hefði gersigrað Sharon í þeim. Í staðinn fara kosningarnar ekki fram fyrir en í apríl.

Netanyahu var æfur að loknum kosningunum og kallaði Sharon „einræðisherra“. Hann gaf í skyn að Sharon hefði þrýst mjög á miðstjórnarfulltrúa og lofað þeim vænum embættum að launum fyrir stuðninginn. Sharon hefur síðustu daga hitt stuðningsmenn sína úr ríkisstjórninni en hunsað þá sem snerust gegn honum og er búist við að uppstokkun sé í aðsigi.

Dagblaðið Haaretz telur að þótt úrslitin hafi verið Sharon að skapi setji þau hann í vanda því staða hans í flokknum verður næstu mánuðina áfram óljós. Því fyrir sem formannskjörið fer fram þeim mun fyrir getur hann ákveðið hvort hann haldi áfram að starfa innan Likud-bandalagsins eða stofni klofningsshreyfingu eins og margir hafa spáð. Netanyahu hnykkti einmitt á því að Sharon hefði enn ekki sagt af eða á um hvort hann héldi áfram í flokknum.

Miðstjórnarmenn reyndu árangurslaust að komast í símasamband við Sharon að atkvæðagreiðslu lokinni en bilun kom upp í símúnaðinum, rétt eins og í hljóðnema hans á sunnudaginn. Margir telja að Sharon hafi uppskorið samúð fyrir vikið og rannsakar nú lögregla tildrög þess að hljóðneminn bilaði.

sveinn@frettabladid.is

### Námskeiði í innkaupum og vörustjórnun í verslunum:

## Að hámarka virði innkaupa



Á þessu námskeiði **Þekkingarseturs löntæknistofnunar** er fjallað um vörufleðni allt frá þöntun til framsetningar í verslun.

**Fyrir hvern?** Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa starfað að innkaupum og stjórnun í smásöluverslun en jafnframt þeim er hafa hug á að stofna eigin verslun eða stunda innflutning.

**Markmið** Að þátttakendur öðlist þekkingu til að hámarka virði innkaupa.

**Helstu efnisþættir**

- Hugtök innkaupa og vörustjórnunar
- Gerð innkaupaáætlunar
- Skipulag flutninga og samskipti við flutningsaðila
- Mat á verðmæti
- Verðlagning og verðstefna
- Birgða- og lagerstjórnun
- Framsetning í verslun

Námskeiðið verður haldið **6. og 8. október**.

Skráning er á [www.iti.is](http://www.iti.is) eða í síma **570 7100**.



löntæknistofnun

### Námskeiði:

## Skráning og færsla launa



Á þessu námskeiði **Þekkingarseturs löntæknistofnunar** verður lögð áhersla á almenna þekkingu og vinnubrögð við umsjón launabókhalds. Sýnt verður hvernig hægt er að einfalda alla vinnu við umsjón launa og að auka skilvirkni og öryggi við launafærslur.

**Hverjum er námskeiðið ætlað?** Námskeiðið er ætlað öllum sem hafa með höndum umsjón launaútreikninga og færslu launabókhalds eða hafa hug á að efla þekkingu sína og færni á því sviði.

**Þátttakendur öðlast þekkingu á:**

- Lögum og reglum um vinnumarkaðinn
- Reglum um sersamninga
- Réttindum og skyldum starfsmanna
- Skattaskyldum einstaklinga
- Öllum réttindum og skyldum launþega og verktaka
- TOK launabókhaldið

Námskeiðið verður haldið **11. og 13. október**.

Nánari upplýsingar og skráning á vef löntæknistofnunar [www.iti.is](http://www.iti.is) eða í síma **570 7100**.



löntæknistofnun

Tveir átján ára piltar dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur:

## Stóðu í innbrotum og smábjófnaði

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur var nýlega dæmdur í þrígga mánaða fangelsi fyrir að hafa verið í hlutverki bílstjóra í innbrotaleiðangri þrígga annarra í Reykjavík í mars á þessu ári. Þá var hann dæmdur fyrir lítilræði af hassi sem fannst í bíl hans nokkrum dögum síðar. Með honum var dæmdur félagi hans sem varð átján ára í lok mánaðarins, en sá var með í innbrotaferðinni og í að stela bensíni fyrir 1.553 krónur á bensínstöð, auk þess að stela sjálfur ýmsu smálegu í búningastöðu sjúkrahjálfunar í Reykjavík.

Dómur þess fyrri var skilorðsbundinn í þrjú ár, en hann fékk árið 2003 skilorðsbundinn dóm í tvö ár fyrir þjófnað. Hinum, sem er nokkrum mánuðum yngri, var ekki gerð sérstök refsing nú, þar sem hann var í sumar dæmdur í



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Tveir átján ára piltar sem dæmdir voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku þurfa að greiða saman málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 75.000 krónur.

10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár fyrir þjófnaði og fíkniefnabrot. „Brot ákærða eru öll framin fyrir uppkvaðningu síðastgreinds dóms,“ segir í dómnum og talið að brotin sem nú var fjallað um hefðu ekki leitt til þyngingar á þeim dómi.

- óká



# Lumar þú á góðri hugmynd?

Við viljum heyra þín sjónarmið



## Taktu þátt í samráðsdögum!

### Alþjóðleg samkeppni

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að halda alþjóðlega hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar. Áður en forsendur samkeppninnar verða skilgreindar er kallað eftir hugmyndum, viðhorfum og væntingum borgarbúa og landsmanna allra um svæðið. Þetta er einstakt tækifæri fyrir þig til að hafa áhrif á mótun á annað hundrað hektara lands sem gegna mun lykilhlutverki í borgarmynd Reykjavíkur í framtíðinni.



Þitt álit skiptir máli!

### Margar leiðir til þátttöku

- **Samráðsdagar**, þar sem leitað er eftir hugmyndum og viðhorfum almennings til skipulags Vatnsmýrarinnar í framtíðinni, verða haldnir **fimmtudaginn 29. september**, kl. 15-22, og **laugardaginn 1. október**, kl. 10-17, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.
- Þú getur komið hvenær sem þér hentar báða dagana. Vekjum þó sérstaka athygli á einnar stundar umræðufundum fimmtudag kl. 16 og 20 og laugardag kl. 11 og 14.
- Þú getur heimsótt heimasíðuna **[www.vatnsmyri.is](http://www.vatnsmyri.is)** til að fá upplýsingar um Vatnsmýrarsvæðið og dagskrá Samráðsdaga.



MÓTUM BORG NÝRRRA TÍMA





**EFTIR STORMINN** Rétt eins og systir hennar Katrín skildi fellibylurinn Rita eftir sig slóð eyðileggingar. Miklar skemmdir urðu á mannvirkjum í Texas, 38 eru taldir hafa týnt lífi og óttast er að þúsundir nautgripa hafi drukknað.

Samtök ferðapjónustunnar:

## Fagna nýju tónlistarhúsi

**SKIPULAGSMÁL** „Við höfum eindregið fagnað þessari framkvæmd og óttumst ekki að þessi nýja ráðstefnuaðstaða komi til með að skerða viðskipti hjá þeim sem nú þegar reka slíka aðstöðu,“ segir



**ERNA HAUKSÐÓTTIR** Framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar. Erna segir að hið nýja tónlistarhús verði hugsanlega til þess að beina meiri athygli að landinu sem góðum valkosti til að halda ráðstefnur og gæti ennfremsur orðið til þess að dreifa úr háannatímanum í ferðapjónustu.

- saj

Stjórnarmyndunarviðræður í Noregi standa enn yfir:

# Þátttaka í NATO umdeild

**NOREGUR** Vera má að Noregur verði fyrsta aðildarríki Atlantshafsbandalagsins sem dregur sig úr aðgerðum þess á meðan þær standa ennþá yfir.

Vinstri flokkarnir í Noregi vinna nú hörðum höndum að því að semja nýjan stjórnarsáttmála og hefur þegar komið fram að Jens Stoltenberg, leiðtogi Verkamanna-flokksins, telur að Norðmenn eigi að kalla hermenn sína heim frá Írak. Í höfuðstöðvum NATO í Brussel velta menn því hins vegar fyrir sér hvort Norðmenn hyggist jafnframt hætta þátttöku í áætlun bandalagsins um að þjálfra íraskar öryggissveitir.

„Verkamannaflokkurinn leggst gegn því að norskir hermenn verði sendir til Íraks eða þjálfunarbúða NATO. Hins vegar teljum við rétt að heimila íröskum öryggissveitum að æfa sig í Jättá við Stafangur,“ sagði Marit Nybakk, talsmaður flokksins í varnarmálum í samtali við Aftenposten. Spurð hvort Norðmenn myndu halda áfram að greiða fé til verkefnisins sagði Nybakk það alls óráðið.

Málið ætti að skýrast á næstu dögum en fari svo að Norðmenn ákveði að hætta þátttöku í NATO-verkefni á meðan það stendur enn yfir er það í fyrsta sinn sem það gerist.

- shg



**KRISTÍN HALVORSEN** Sósíalíski vinstriflokkurinn leggst mjög gegn þátttöku Norðmanna í Atlantshafsbandalaginu en hann sest að líkindum í ríkisstjórn á næstunni með Miðflokknum og Verkamannaflokkn-um.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HJÓLHÝSI FÝKUR** Stórt hjólhýsi fauk um koll í hávaðaroki á tjaldsvæði í Skagafirði á mánudagsmorgun. Engin slys urðu á fólki, en hjólhýsið er ónýtt.

**INNBRÖT** Tvö innbrot voru fram- in í Reykjavík í fyrrinótt. Upp úr klukkan fimm var lögreglunni tilkynnt um innbrot í Europris á Fiskislóð. Þar hafði rúða verið brotin, og fimm flatskjám stolið. Um svipað leyti var tilkynnt um annan þjófnað úr Tækniþæ í Skip- holti, þar sem hurð hafði verið spennt upp og hörðum tölvudisk- um stolið. Málin eru í rannsókn.

**BÍLVELTA** Flutningabíll valt á Suðurlandsveginum við Rauðavatn um sexleytið í gærmorgun. Öku- maðurinn var fluttur lítið slasaður á slysadeild, en bíllinn var fjarlægður með kranabíl. Slökkviliðið í Reykjavík hreinsaði olíu af veginum, og er lögreglan að rannsaka orsök slyssins.

# Lok viðskipta Nordica og Baugs

Tölvupóstsamskipti Tryggva Jónssonar, þáverandi forstjóra Baugs, og Jóns Geralds Sullenberger á vormánuðum 2002, þegar viðskiptum Baugs og Jóns Geralds var að ljúka. Samskiptin varða fjárhagslegt uppgjör Tryggva og Jóns Geralds vegna viðskipta Baugs og vöruhúss Jóns Geralds í Bandaríkjunum. Tölur í hornklofum eru upphæðir í bandarískum dollurum reiknaðar yfir í íslensk- ar krónur á núvirið.



**13. FEBRÚAR 2002** Tölvupóstur frá Jóni Gerald til Tryggva:

Sæll Tryggvi, takk fyrir póstinn. Í framhaldi af öllum þeim fundum, samtölum og plönum okkar á milli, allt frá 1999 til dagsins í dag, þegar ákveðið var að fara út í það að merkja vörurnar fyrir ykkur, þá tel ég mig búinn að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að þjóna ykkur sem best, bæði viðskiptalega og persónulega. Á undanförnum mánuðum hef ég látið þig fylgjast grannt með stöðu mála og rekstri Nordica. Það ætti þess vegna ekki að koma á óvart hvernig staðan er hérna megin. Í stuttu máli þá er staðan ekki góð og ég veit ekki hvað ég get meira gert til þess að bæta ástandið eða halda áfram rekstrinum á vöruhúsinu fyrir Baug.

Um mánaðamótin nóvember/desember fór ég til Íslands og hitti meðal annars Jón Ásgeir og [nafni sleppt]. Ég sagði þeim að með þessu áframhaldi yrði ég að loka hér eða hækka álagninguna á okkar vörum um 6 prósent miðað við sölu upp á \$1,5 milljónir [94,6 milljónir kr.] fyrir árið 2002. Hins vegar voru svör þeirra að þeir ætluðu að hafa samband við mig og vera búnir að ákveða einhvert plan því þeir vildu halda þessu áfram hérna megin.

Þá var ákveðið að þangað til skyldi ég halda sömu álagningu og var 9,7 prósent. Í framhaldi af því ákváðum við að setja deadline dagsetningu 10. febrúar fyrir feedback af þeirra hálfu. Jón Ásgeir ætlaði að svara mér tveimur dögum seinna og [nafni sleppt] ætlaði að koma með einhver plön fyrir 10. febrúar eins og áður var sagt en í dag er 13. febrúar og ég hef ekkert fengið hvorki frá Jóni Ásgeiri eða [nafni sleppt].

Mér er því mikið í mun að fá að vita hvað þú vilt ræða á þessum fundi næstu viku. Tryggvi minn, þar sem komið er fram í miðjan febrúar hef ég engan annan kost nema að loka hérna nema að þið komið með einhverja lausn á þessu máli og 20. febrúar verður þá of seint fyrir mig.

*Ískaldar kvæður frá Miami, Jón Gerald.*



**4. MARS 2002** Tölvupóstur frá Jóni Gerald til Tryggva:

Sæll Tryggvi minn. Svona lítur þetta út hjá okkur og er þetta ekki gott mál. Þetta er sama skjal og ég lét ykkur fá í byrjun ársins en á því var \$2 milljóna [126 milljónir kr.] áætlun og tapið um \$90 þúsund [5,7 milljónir kr.]. Þar sem þetta allt er búið að dragast á langinn þá er þetta orðið mjög slæmt mál, ég hef tvo kosti og er ég búinn að senda ykkur þá. Framkvæmdastjórinn er búin að senda mér sína niðurstöðu og tel ég hana mjög vanhugsaða þar sem ekki var talað við mig. [nafni sleppt] né [nafni sleppt] og ef ég fer með rétt mál þá hefur enginn á þessum fundi flutt inn gáma frá Ameríku og þar af leiðandi ekki neinar tölur um þann kostnað og vinnu sem til þarf til að framkvæma það sem gert er hér. Láttu mig heyra frá þér sem fyrst þar sem ég verð að geta útskýrt til bankans stöðu mála.

*Kveðja.*

Gestir á fæðingardeildum:

## Blátt bann við hjalinu

**BRETLAND** Stjórnendur Calderdale Royal-sjúkrahússins í Halifax í Englandi hafa sett bann við að fólki hjala við og stari á nýfædd börn annars fólks á fæðingardeild sjúkrahússins.

Bannið er hluti af nýjum starfsreglum þar sem kveðið er á um að starfsfólk komi fram við sjúklinga af fullri virðingu, þar á meðal nýfædd börn, samkvæmt fréttavef BBC.

Samtök um velferð barna hafa hins vegar lagst gegn banninu og segja mæðurnar fullfærar um að ákveða hverjir fá að skoða börnin. ■

Sæll Jón. Samkvæmt mínum kokkabókum hafa mál þróast með eftirfarandi hætti og ég vona að þú sért sammála þeirri lýsingu.

1. Haustið 1999 opnaðir þú vöruhúsið eftir áeggjan okkar, því kröfur voru komnar um merkingar á innfluttum matvælum frá USA.
2. Salan á árinu 2000 var minni en gert hafði verið ráð fyrir. Í framhaldi af því létum við þig fá \$80-100 þúsund [5 milljónir kr.] (þú ert sjálsagt með þá tölu).
3. Við Jón Ásgeir hittum þig í janúar 2001 til að ræða viðskiptin á því ári sem var að fara í hönd. Að þínu mati þurfti veltan að vera \$2 milljónir [126 milljónir kr.] sem var tvöföldun frá fyrra ári. Ég taldi að hún þyrfti að vera \$3 milljónir [189 milljónir kr.] en þar sem þú varst einnig með aðra sölu taldir þú að þessar \$2 milljónir [126 milljónir kr.] dygðu. Við lofuðum þér að veltan yrði að minnsta kosti sú fjárhæð, en við myndum stefna að \$3 milljónum [189 milljónum kr.].
4. Illa gekk að klára áætlunina þrátt fyrir að við þrír (Jón Ásgeir, ég og [nafni sleppt]) legðum mikla áherslu á það. Aðrir framkvæmdastjórar voru ekki eins seldir á hugmyndina, nema þá helst [nafni sleppt].
5. Síðasta haust, þegar þú komst hingað, ræddi ég við þig og sagði þér að við myndum ná þessum \$2 milljónum [126 milljónum kr.]. Það byggði ég á þeim upplýsingum sem ég hafði. Síðar kom í ljós að við vorum langan veg frá því, því miður.
6. Við munum að sjálfsögðu standa við það að bæta þér upp framlegðina sem á vantar upp í \$2 milljóna [126 milljóna kr.] sölu.
7. Ástæðan fyrir því að ég lagði til að hitta þig á Orlando miðvikudaginn 20. febrúar er annars vegar til að fara yfir stöðuna með þér, það er ef ekki dugar að fá mismuninn upp í \$2 milljóna [126 milljóna kr.] sölna, og hins vegar að fara yfir önnur mál sem eru enn óklaruð. Eins þarf að fara yfir framhaldið á viðskiptum við Baug, hvort og þá hvernig að þeim verður staðið. Bið að heilsa [nafni sleppt].

*Kveðja Tryggvi.*



**4. MARS 2002** Tryggvi svarar samdægurs:

Sæll Jón. Ég þarf aðeins betri og ítarlegri skýringar. Þegar þú hringdir í mig á laugardag sagðir þú að við værum með opna ábyrgð hjá þér upp á 30-40 milljónir króna. Á bak við þær væru ekki vörukaup, því þú hefðir þurft að taka lán til að greiða taprekstur undanfarinna ára. Er þetta rétt skilið hjá mér?

Ég þarf því að sjá uppgjörin fyrir þessi ár, það er rekstrar- og efnahagsreikninga og skýringar. Þetta kemur okkur verulega á óvart. Eins og málið lítur út gagnvart mér (byggt á þeim upplýsingum sem ég hafði fengið fram til laugardags) þá er það svona:

1. Þú opnaðir vöruhúsið 1999 og að þinni sögn fékkst samþykki eða blessun Jóns Ásgeirs fyrir því. Á sama tíma dregst salan hjá þér saman og þú lendir í taprekstri. Þegar við hittumst í maí 2000 er ákveðið að greiða þér \$80.000 [5 milljónir kr.] til að standa undir því ári.
2. Við hittumst síðan í janúar 2001. Þá kemur fram (var raunar komið fram áður) að salan var langt undir væntingum. Þú þurftir því \$2 milljóna [126 milljóna kr.] sölu til að standa undir rekstrinum.
3. Í síðasta mánuði kemur fram (og var raunar löngu komið fram) að salan 2001 gekk ekki eftir. Salan var \$1,3 í stað \$2,0 [82 milljónir kr. í stað 126 milljóna kr.]. Munurinn hér er \$700 þúsund [44,1 milljónir kr.] og til þess að bæta þér upp þann framlegðarmið sendum við þér \$50 þúsund [3,2 milljónir kr.]

Nú er sem sagt staðan sú, ef ég hef skilið laugardagssímtalið rétt, að þrátt fyrir þessar \$130 þúsund [8,2 milljónir kr.] hefur þú nýtt ábyrgðir okkar til að taka lán til að mæta rekstrartapi síðustu ára. Þýðir þetta, ef ekkert er gert, að við fáum í hausinn kröfur að fjárhæð \$300-\$400 þúsund [18,9-25 milljónir kr.]? Ég hlýt að vera að misskilja eitthvað. Í guð- anna bænum útskýrðu það fyrir mér sem allra fyrst.

Nöfn þeirra sem ekki tengjast málinu með beinum hætti hafa verið fjarlægð. Framhald tölvupóstsendinga á milli Jóns Geralds og Tryggva birtast í Fréttablaðinu á morgun.



## HAUSTPLÖNTUÚRVALIÐ -NJÓTTU HAUSTSINS MEÐ ERIKU!

## HAUSTLAUKAMARKAÐURINN -HVERGI MEIRA ÚRVAL!



Ljós-fjólublá Calluna  
*Calluna vulgaris*



Haustlyng  
*Erica rauð*



Hvít Calluna  
*Calluna vulgaris*



Haustlyng  
*Erica rauð*



Bleik Calluna  
*Calluna vulgaris*



Haustlyng  
*Erica bleik*



Fylltar dvergpáskaliur  
*'Rip van Winkle'*



Haustblómstrandi liljur  
*Colchicum 'Waterlily'*



Rauður  
*'Apeldoorn'*



Bláir páfatúlpanar  
*'Blue Parrot'*



Fylltir túlpanar  
*'Uncle Tom'*



Túlpanar  
*'Calgary'*

### FRÁBÆR TILBOÐ!

### TOPP 10 TILBOÐ!

# FÖNDURLÖFTIÐ

## NÁMSKEIÐ

### LAMPAGERÐ

Næstu námskeið: 10. okt. og 24. okt.

### VEGGFÓÐURSMYNDIR

Næstu námskeið: 20. sept. og 17. okt.

### LANDSLAGSMÁLUN

Næstu námskeið: 11. okt.

### COLLAGEN MUNSTURMÁLVERK

Næstu námskeið: 31. okt.

### BLÓMAMÁLUN

Næstu námskeið: 27. sept.

### KORTAGERÐ

Næstu námskeið: 1. og 15. nóv.

NYTTI!

### SKARTGRIPAGERÐ

Vætanlegt

NYTTI!

### TÖSKUGERÐ

Vætanlegt



LAMPAGERÐ



VEGGFÓÐURSMYNDIR



LANDSLAGSMÁLUN



BLÓMAMÁLUN




KORTAGERÐ



SKARTGRIPAGERÐ



TÖSKUR ÚR ÞÆFDRI ULL



GARDHEIMAR

HEIMUR SKEMMTILEGRA HLUTA OG HUGMYNDA!

Stekkjarbakka 6 | Sími 540 3300 | [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)





ER ALLT MEÐ FELLDU? Þingkosningar fóru fram í Afganistan fyrir rúmri viku en talning atkvæða stendur ennþá yfir. Fulltrúi eins framboðsins fylgdist með talningunni í höfuðborginni Kabúl í gær.

## Egyptalandsforseti: Sór eiðinn í fimmta sinn

**KAÍRÓ, AP** Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, sór í gærmorgun embættiseið en hann sigraði örugglega í forsetakosningum í landinu fyrr í mánuðinum, þeim fyrstu þar sem frambjóðendum annarra flokka var leyft að bjóða sig fram.

Mubarak, sem er sjötíu og sjö ára, hefur verið forseti síðan 1981 og verður forseti til ársins 2011 sitji hann út kjörtímabilið.

Kosningalögum var breytt nýverið til að mæta kröfum um aukið lýðræði. Fáum dylst þó að aðrir frambjóðendur áttu litla sem enga möguleika á sigri. ■



**HOSNI HÆSTÁ-NÆGÐUR** Mubarak tók við völdum í Egyptalandi árið 1981.

12 Sakborningar í máli tengdu skýrslettum á álráðstefnu:

# Krefjast bæði sýknu af húsbroti

**DÓMSMÁL** Arna Ösp Magnúsdóttir sem ákærð er fyrir eignaspjöll og húsbrot á hótél Nordica í sumar þar sem skvett var grænu skyri á gesti álráðstefnu breytti í gær afstöðu sinni til ákærunnar um húsbrotið. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Hún mótmælir því að hafa ruðst heimildarlaust inn í salinn,“ sagði Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður hennar, en í lagaákvæði um húsbrot er notað orðalagið að ryðjast.

Hún hafði áður játað að hafa farið inn í salinn í heimildarleysi.

Aðalmeðferð verður í máli Örnú Aspar og Ólafs Páls Sigurðssonar, sem einnig neitar sök, undir lok næsta mánaðar, en þá verða teknar skýrslur af þeim báðum fyrir dómi, auk þess sem kölluð verða til vitni, bæði af hálfu ákærvalds og verjenda.

Í sumarlök var þriðji maðurinn sem ákærður var fyrir aðild að slettunum dæmdur fyrir aðild sína, Paul Geoffrey Gill, Breti sem þátt tók í mótmælum hér, en hann fékk skilorðsbundinn fangelsisdóm og skaðabóta-kröfum var vísað frá.

- óká



**ARNA ÖSP MAGNÚSARDÓTTIR OG GUÐMUNDUR B. ÓLAFSSON** Meðal þess sem tekist er á um í skýrslettumálinu á Nordica hóteli frá því í sumar er hvort stórfelld eignaspjöll hafi orðið af slettunum. Í ljós kom að sumir hlutir sem taldir voru ónýtir voru bara skemmdir.

## Skipsbrotsmanni bjargað

Einum manni var bjargað um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar en annar er talinn látinn, eftir að bandarísk skúta lenti í hafsnaud í gærnótt.

**LANDHELGISGÆSLAN** „Það gekk bara mjög vel miðað við veður og aðstæður að koma honum um borð,“ segir Magnús Örn Einarsson, stýrimaður og sigmaður TF-LIF. „Hann treysti sér til þess að setja björgunarlykkjuna á sig sjálfur og við vorum ekki nema í fjórar mínútur yfir honum, þá var hann kominn til okkar.“

Skútan Vamos lenti í vandræðum þegar mastur hennar brotnaði í afleitu veðri um 90 sjómílur norðvestur af Vestfjörðum, um það bil mitt á milli Grænlands og Íslands. Skömmu eftir miðnætti fékk skútan á sig brotsjó, mastrið brotnaði og hún lagðist á hliðina með þeim afleiðingum að annar skipverja, skoskur að uppruna, féll fyrir borð. Hinn maðurinn, sem er bandarískur, gat lítið annað gert en að bíða eftir hjálp.

Fyrsta neyðarkallið barst klukkan 2.17 aðfaranótt þriðjudags, en ekkert samband náðist við skútuna. Landhelgisgæslan kannaði skipaferðir á svæðinu og

hafði samband við björgunarstöðvar í nágrannalöndunum til að fá upplýsingar um uppruna neyðarbaujunnar og skipaferðir. Björgunarstjórnstöðin í Norfolk í Bandaríkjunum gaf að lokum upplýsingar um skútuna, sem og að tveir menn væru um borð.

Þá var haft samband við norskan línuveiðara sem var á veiðum á svæðinu, en hann gat ekkert aðhafst vegna aftakaveðurs. Vindhraði á svæðinu var um það bil 30 metrar á sekúndu, lélegt skyggni, haglé og 10 til 15 metra ölduhæð, að sögn norska skipstjórans.

Fokker-vél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, mætti á svæðið ásamt þyrlunni þegar birt. Þær fundu skútuna skömmu eftir klukkan átta í gærmorgun, og leið mannum bærilega miðað við aðstæður, segir Magnús.

Þegar búíð var að hifa manninn um borð var leitað að félag hans, en sú leit bar engan árangur.

smk@frettabladid.is



**MANNBJÖRG** Einum manni var bjargað þegar skúta lenti í vandræðum í aftakaveðri mitt á milli Grænlands og Íslands í fyrrnótt.

Samskip vilja lóð á hafnarsvæðinu á Akureyri:

## Þvert á vilja bæjarbúa

**SKIPULAGSMÁL** Aðstandendur verkefnisins Akureyri í öndvegi, sem lýtur að uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri, eru því mjög mótfallnir að Samskip verði úthlutað lóð undir vöruskemmu við hlið Eimskips á hafnarsvæðinu. Umsókn Samskipa er nú til meðferðar hjá bæjaryfirvöldum en Ragnar Sverrisson, talsmaður Akureyrar í öndvegi, segir að fái Samskip lóðina sé það þvert á vilja bæjarbúa.

„Það er mjög alvarlegt mál ef Samskip fá þessa lóð því fram kom sterkur vilji á fjölmennu íbúðingum í fyrra að þarna verði í framtíðinni íbúðabyggð og allar verðlaunatilögurnar í hugmyndasamkeppni um mótun miðbæjarins gera ráð fyrir því,“ segir Ragnar.

Umsókn Samskipa verður tekin fyrir hjá umhverfisráði Akureyrarbæjar í dag en endanleg ákvörð-



**RAGNAR SVERRISSON** Talsmaður Akureyrar í öndvegi segist trúa því að að bæjarfulltrúar komi til með að virða vilja bæjarbúa.

un er í höndum bæjarstjórnar Akureyrar. „Ég trúi því ekki fyrr en á reynir að bæjarfulltrúar á Akureyri hunsu vilja bæjarbúa, hvernig sem málið verður afgreitt í umhverfisráði,“ segir Ragnar. - kk



MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

# Á EIGIN VEGUM





## FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breytan og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturseginnleikum og búnaði.

**STADREYNDIR:**

Ný 2,0 lítra vél - 158 hð.

Sítengt aldrif (AWD)

Veghæð - 20,5 cm

16" álfelgur

Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR

**VERÐ 2.550.000 kr.**

**30.315 kr. á mán.\***

| Ingvar Helgason                                   |                                               | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 <a href="http://www.ih.is">www.ih.is</a> | Ópið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00 |                                         |
|---------------------------------------------------|-----------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| Hrísmýri 2a<br>800 Selfossi<br>482-3100           | Eyrarlandi 1<br>530 Hvammtanga<br>451-2230    | Sæmundargötu 3<br>550 Sauðárkrúki<br>453-5141                       | Holtsgötu 52<br>260 Njardvík<br>421-8808                                | Dalbraut 2b<br>300 Akranesi<br>431-1376 |
| Víkurbraut 4<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | Búðareyri 33<br>730 Reyðarfjörður<br>474-1453 | Sindragötu 3<br>400 Ísaifjörður<br>456-4540                         | Óseyri 5<br>603 Akureyri<br>461-2960                                    |                                         |

\*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



# Vaxtalaus tilboð

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



DINAMICA



## VAXTALAUST TILBOÐ

| Rúmstærð  | verð frá                   | mánuðir | stgr.    |
|-----------|----------------------------|---------|----------|
| 90 x 200  | <b>2.999</b> <sub>kr</sub> | 7 mán.  | 20.993.- |
| 120 x 200 | <b>2.999</b> <sub>kr</sub> | 9 mán.  | 26.991.- |
| 150 x 200 | <b>2.999</b> <sub>kr</sub> | 11 mán. | 32.989.- |
| 180 x 200 | <b>2.999</b> <sub>kr</sub> | 13 mán. | 38.987.- |



IMPERIAL



## VAXTALAUST TILBOÐ

| Rúmstærð  | verð frá                   | mánuðir | stgr.    |
|-----------|----------------------------|---------|----------|
| 90 x 200  | <b>3.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 47.988.- |
| 120 x 200 | <b>4.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 59.988.- |
| 150 x 200 | <b>5.799</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 69.588.- |
| 180 x 200 | <b>7.499</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 89.988.- |



GRAND DUPEN



## VAXTALAUST TILBOÐ

| Rúmstærð  | verð frá                   | mánuðir | stgr.     |
|-----------|----------------------------|---------|-----------|
| 90 x 200  | <b>4.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 59.988.-  |
| 120 x 200 | <b>5.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 71.988.-  |
| 150 x 200 | <b>7.499</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 89.988.-  |
| 180 x 200 | <b>8.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 107.988.- |



## VAXTALAUST TILBOÐ

| Rúmstærð  | verð frá                   | mánuðir | stgr.     |
|-----------|----------------------------|---------|-----------|
| 150 x 200 | <b>8.299</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 99.588.-  |
| 180 x 200 | <b>9.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 119.988.- |

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð



ORTOPEDICA



## VAXTALAUST TILBOÐ

| Rúmstærð  | verð frá                   | mánuðir | stgr.    |
|-----------|----------------------------|---------|----------|
| 90 x 200  | <b>3.499</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 41.988.- |
| 120 x 200 | <b>4.499</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 53.988.- |
| 150 x 200 | <b>4.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 59.988.- |
| 180 x 200 | <b>5.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 71.988.- |



VENUS



## VAXTALAUST TILBOÐ

| Rúmstærð  | verð frá                   | mánuðir | stgr.    |
|-----------|----------------------------|---------|----------|
| 90 x 200  | <b>2.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 35.988.- |
| 120 x 200 | <b>3.999</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 47.988.- |
| 150 x 200 | <b>4.499</b> <sub>kr</sub> | 12 mán. | 53.988.- |

Gildir til 5. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*



## „ORDRÉTT“

## Sagan öll

„Það var bara svolítið persónulegt sem kom upp á sem gerði það að verkum að ég treysti mér ekki í þá einbeitingu sem þarf til þess að vera í beinni útsendingu.“

ARNPRÚÐUR KARLSDÓTTIR ÚT-  
VARPSMAÐUR ÚTSKYRIR FJARVERU  
SÍNA Í KASTLIÓSINU Á SUNNUDAGS-  
KVÖLD Í FRÉTTABLAÐINU.

## Var vanþörf á?

„Er það þannig að stjórnarmenn eigi nánast að sitja á öxlinni á starfsmönnum sínum og passa upp á að þeir fari í öllu að lögum?“

HRAFNEKELL JÓNSSON, FYRRUM  
STJÓRNARMAÐUR Í LÍFEYRISSJÓÐI  
AUSTURLANDS, Í FRÉTTABLAÐINU  
UM SAKARGIFTIR Á HENDUR  
STJÓRNENDA SJÓBSINS.

nær og fjær  
tilveranSJÓNARHÓLL  
PARKÓDÍN GERT LYFSEÐILSSKYLTHREFNA RÓSA JÓHANNSDÓTTIR  
KOKKUR

## Sammála

Neysla parkódins hér á landi er margfalt meiri en í Danmörku. Sífellt fleiri leita sér aðstoðar vegna lyfjaneyslunnar. Parkóðin verður því tekið úr lausasölu vegna misnotkunar og gert lyfseðilsskilyt. Dæmi eru um að einn og sami lyfjaneytandinn taki allt að því 70 parkóðintöflur á dag. „Ég er sammála þeirri ákvörðun að gera parkóðin lyfseðilsskilyt,“ segir Hrefna Rósa Jóhannsdóttir, kokkur á Sjávarkjallaranum. Hrefnu finnst of mikið um að fólk umgangist lyf á borð við Parkóðin af léttuð. „Ég hef orðið vör við að margir taka inn töflur án þess að nauðsyn beri til.“ Sjálf telur hún það ekki mikil óþægindi þótt hún geti ekki keypt parkóðin fyrirvaralaust til dæmis ef hún er með hausverk. „Ef þetta er slík kvöl að maður telur sig verða að fá lyf þá held ég að það sé best að tala við lækni. Maður á að reyna að láta líkamann vinna sjálfan úr þessu,“ segir Hrefna, sem trúir því að breytingin muni draga úr ofneyslu parkódins.

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR FIÐLULEIKARI

## Matseldin er heilög

„Það er allt gott að fréttu því orkan er öll að koma til baka,“ segir Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari. Hún kveðst hafa verið dauðþreytt allan ágústmánuð þar sem hún hafi ekki hvílt sig nógu mikið í sumar. „En nú er ég öll að koma til og hressast.“ Haustið leggst vel í Sigrúnu að hennar sögn og hún hlakkar til vetursins. „Ég er vetrarmanneskja og kviði kuldanum ekkert; á þykka úlpu og kuldaskó og klæði hann bara af mér.“ Nýverið birtust myndir af tónlistarhúsinu sem skal rísa í miðborginni og Sigrúnu list vel á. „Það er stórglæsilegt á að líta og ég get ekki beðið eftir að fá að spila í því. Allir sem ég hef talað við eru líka mjög jákvæðir.“ Sigrún er mikil áhugamanneskja um matseld og hefur einsett sér að elda mikið í vetur. „Mér finnst voða gaman að búa til eitthvað

gott. Ég elda allt. Ég á urmúl af uppskriftarbókum og vel mér alltaf eitthvað af handahófi til að matreiða. Matseldin er eiginlega heilög enda ver ég stundum nokkrum dögum í undirbúninginn,“ segir hún og hlær. Sigrún hlakkar til að hella sér í vinnu með Sinfóníuhljómsveit Íslands og býst við mikilli veislu þegar Ruman Gamba, aðalstjórnandi mætir til leiks. „Það er alltaf svo gaman þegar hann kemur,“ segir hún en sjálfri finnst henni langskemmtilegast að leika sínfóniur eftir Beethoven.

SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR



## Íslenskur langferðabíll verður til

Ari Arnórsson og samstarfsmenn hans eru að leggja lokahönd á smíði 20 manna rútu sem er sérhönnuð fyrir íslenska vegi. Bíllinn nefnist Ísar R2 og er ætlunin að hefja raðsmíði á komandi árum.

Það má heita ævintýrlegt að í húsnaði Vagna og þjónustu á Tunguhálsi í Reykjavík vinni menn myrkranna á milli við að smíða bíl. Og það engan smábíl heldur rútu sem rúmar 21 farþega, ekil og leiðsögumann. Íslendingar hafa ekki verið í fararbroddi bílaframleiðenda í heiminum en reynsla okkar af breytingum jeppa og smíði yfirbygginga á vöruflutningabíla er talsverð. Í þann reynslubanka sækir Ari Arnórsson. „Við eigum mjög færa menn í því sem þarf til að búa til farartæki sem á ekki sinn líka annars staðar í heiminum,“ segir hann.

Ari hefur lengi haft haft áhuga á bílum og ferðalögum og sameinar það tvennt í stóra draumnum sínum sem nú er að verða að veruleika.

Og ástæða þess að hann réð-

ist í verkið er tiltölulega einföld. „Ég hef lengi talað um þetta og safnað saman upplýsingum og fyrst enginn annar gerði þetta þá varð ég að gera það sjálfur.“

Áratugs undirbúningi lauk í maí þegar smíðin sjálf hófst. Unnið er með svokölluð samlokuefni en það er plastefni sem nýtt hefur verið til yfirbygginga vöruflutningabíla hérlandis í á þriðja áratug.

En hver var kveikjan að hönnuninni? „Ég vil að ferðafólk geti farið um Ísland, hvernig sem veginir eru og notið þess. Ég hef liðið fyrir það í mínu starfi að farþegarnir hafa verið hálf kvaldir af að hristast og hendast til og frá í þeim bílum sem við höfum notað. Kveikjan var sem sagt að finna eitthvað betra,“ segir Ari en hann hefur starfað sem öku- og leiðsögumaður og veit um hvað hann er að tala.

Og honum er talsvert niðri fyrir þegar hann talar um málið. „Það er að mínu mati ólíðandi hvernig við förum með okkar verðmætu ferðamenn sem hafa borgað háar fjárhæðir fyrir að ferðast um landið. Ég samþykki ekki að veginir séu ónýtir og að það eigi að slétta og malbika alla íslenska vegi, ég tel að farartækin eigi að henta vegunum en ekki öfugt.“

Ísar R2-bíllinn er byggður



ARI OG ÍSAR R2 Hann segir kosti bílsins marga. „Hann er óvenju öruggur, óvenju léttur, óvenju rúmgóður og óvenju vel einangraður.“ Smíðinni lýkur í október og verður bíllinn þá kynntur formlega.

ofan á undirvagn sem er af Ford E 450. Hann er hins vegar mikið breyttur og í raun vafamál hvort hann geti ennþá kallast Ford. „Það er allt gert af Íslendingum og þess vegna er þetta ís-

lenskur bíll,“ segir Ari sem vonast til að ljúka smíðinni í október og geta frumsýnt hann og kynnt fyrir landsmönnum.

bjorn@frettabladid.is

# DV

## LÖGREGLA GEKK Í SKROKK Á KARTÖFLUBONDA

Vinnumaður  
Karls keyrði  
of hratt

Þorir þegar aðrir þegja!

Hopp og hí og hamagangur á Hellu:

## Endurfundir SS fólks

Fólk sem vann í Sláturhúsi SS á Hellu ætlar að hittast í Árhúsum á eystri bakka Ytri-Rangár laugardagskvöldið 8. október og rifja upp gömlu dagana.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir, jafnan kenndur við Keldur, er í undirbúningsnefndinni og því viðbúið að glaumur og gleði verði á Rangárbökkum enda jafnan mikið stuð þegar hann er annars vegar.

„Við ætlum að rifja upp sögur frá liðnum tíma, syngja, dansa og borða,“ segir Sigurður sem býst við að lambakjet verði á borðum, að líkindum frá SS.

Sláturhús SS á Hellu var starfrækt frá 1941 til 1984 og telur Sigurður að alls hafi um 400 manns unnið þar í gegnum árin. Hann lætur vel af tímanum í sláturhúsinu og segir gaman að hafa unnið þar. „Það var gríðarlegt kapp í vinnunni en líka skemmtilegheit utan

vinnutíma. Karlur og konur bjuggu saman í skála, konurnar í innra herberginu og karlarnir í ytra og ekki frítt við að það væri laumast á milli. Þarna varð til efni í varanleg samþönd,“ rifjar hann upp.

Sem alkunna er hefur Sigurður á Keldum gaman af kveðskap og upp í huga hans koma vísur sem urðu til af öðru tilefni. „Það var eitt sinn sem fólk hittist aftur eftir langan tíma. Karlur urðu undrun slegnir þegar þeir sáu það sem eitt sinn voru stelpur því nú voru komnar allt aðrar línur en í gamla daga.

## Var því ort:

Fyrr var meyjan mittisnett  
mátti greipum spanna.  
En nú er holdið þykkt og þétt  
þeirra kerlinganna.

## Konurnar svöruðu á móti:

Þótt árin hafi ýmsu breytt  
ætla ég að vona.  
Að þið kvartið ekki neitt  
við erum betri svona.

Sigurður hvetur starfsmenn Sláturhúss SS á Hellu sem vilja lyfta sér upp með gömlu samstarfsmönnum til að hafa samband við sig í síma 892 1644 eða á netfanginu sigsig@hi.is.



AÐALSTEINN Á. BALDURSSON Mjaltavélin kostaði 162 þúsund krónur og Aðalsteinn segir hana hið mesta þarfapening en hann muni þó ekki sjálfur sjá um dælingu úr þingeyiskum mjólkurþrútnum brjóstum.

Verkalýðsfélag Húsavíkur:

## Styrkir kaup á mjaltavél

Verkalýðsfélag Húsavíkur samþykkti nýverið að styrkja kaup á mjaltavél fyrir mæður með börn á brjósti í Norður-Þingeyjarsýslu.

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður verkalýðsfélagsins, segir félagið kappkosta að þjóna félagsmönnum sínum sem best og því hafi félagið ekki skorast undan þegar beidni um styrk barst frá hópi norðlenskra kvenna. „Ég mun þó ekki taka að mér sjálfur að bera mjaltavélina á bakinu á milli húsa þar sem hennar er þörf heldur verður hún í umsjón Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til notkunar fyrir konur á Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn og í nærsveitum,“ segir Aðalsteinn.

- bps

- kk





28. sept – 2 okt 2005

# jazz

## HÁTIÐ

### Reykjavík Jazz Festival

| DAGS.                         | ATRÍÐI                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | STAÐUR / VERÐ                                                                                                                                    |
|-------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Miðvikudagur<br>28. september | <p><b>kl. 17:00 - Formleg opnun hátíðarinnar.</b> Hátíðin sett og nokkrir listamenn gefa sýnishorn af því sem í vændum er það sem eftir lifir viku</p> <p><b>kl. 20:30 - „Hot 'n Spicy tríó“</b> Daninn Bjarke Falgren fiðlu og Norðmennirnir Svein Erik Martinsen gítar og Lars Thormod Jensen á bassa</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <p>Ráðhús Reykjavíkur ókeypis</p> <p>Kaffi Reykjavík 1.800</p>                                                                                   |
| Fimmtudagur<br>29. september  | <p><b>kl. 20:30 - „Be bop septett Óskars Guðjónssonar“</b> - Óskar Guðjónsson og Ólafur Jónsson tenór saxófóna, Jón Páll Bjarnason og Ómar Guðjónsson gítara, Jóhann Ásmundsson bassa, Pétur Grétarsson slagverk og Matthías Hemstock trommur</p> <p><b>kl. 22:30 - „Kamelgebach“</b> Róbert Reynisson gítar, Tobias Schirrer sax, Niko Meinhold, Eiríkur Orri Ólafsson trompet og Helgi Svavar Helgason trommur</p> <p><b>kl. 00-01 - „Koko“</b> Japanski vibráfónleikarinn Taiko Saito og þýski píanólaikarinn Niko Meinhold</p> <p><b>kl. 00-02 - Jazzklúbbar</b> - Póstbarinn og Þjóðleikhúskjallarinn. Hljómsveitir kynntar síðar</p>                                                                                                                                                                                                                                               | <p>Kaffi Reykjavík 1.800</p> <p>Þjóðleikhúskjallari 1.500</p> <p>Þjóðleikhúskjallari 1.000</p> <p>1.000 á jazzklúbba kvöðsins</p>                |
| Föstudagur<br>30. september   | <p><b>kl. 20:30 - „Guðmundarvaka - Jazzvakning 30 ára“</b> - Bandaríski píanóleikarinn John Weber og hollenski píanóleikarinn Hans Kwakkernaat leika lög Guðmundar Ingólfssonar ásamt Birni Thoroddsen á gítar, Gunnari Hrafnssyni á bassa og Guðmundi Steingrímssyni á trommur. Danski píanóleikarinn Arne Forchhammer leikur að tilefni hljómdisks sem kemur út um þessar mundir.</p> <p><b>kl. 22:30 - „M &amp; M kvartettinn + 2 gestir“</b> Róbert Þórhallsson bassa, Kjartan Valdemarsson píanó, Ásgeir J. Ásgeirsson gítar, Ólafur Hólm trommur, Kjartan Guðnason slagverk og söngkonan Kristjana Stefánsdóttir.</p> <p><b>kl. 00 - „Rodent á Jazzhátíð 2005“</b> Haukur Gröndal altó sax, Jakko Hakala trompet, Lars Thormod Jensen bassa og Helgi Svavar Helgason trommur</p> <p><b>kl. 00-02 - Jazzklúbbar</b> - Kaffi Reykjavík og Póstbarinn. Hljómsveitir kynntar síðar</p> | <p>Hótel Saga 3.000</p> <p>Kaffi Reykjavík 1.800</p> <p>Kaffi Reykjavík 1.500</p> <p>1.000 á jazzklúbba kvöðsins</p>                             |
| Laugardagur<br>1. október     | <p><b>kl. 12-14 - „Jazz Brunch - Inga Eydal“</b> Inga Eydal söngur, Gunnar Gunnarsson píanó, Jón Rafnsson bassa og Benedikt Brynjólfsson trommur</p> <p><b>kl. 16-18 - „Stórsveit Reykjavíkur - Söngbók Duke Ellingtons“</b> stórsveitin undir stjórn danska píanóleikarans og stjórnandans Ole Kock Hansen</p> <p><b>kl. 20:30 - „Kenny Garrett Kvartett“</b> stórtónleikar bandaríska saxófónmeistarans Kenny Garrett með Carlos McKinney á píanó, Ronald Brunner trommur og Kristopher Funn á bassa.</p> <p><b>kl. 22:30 - „Tóneyra MEGASAR“</b> Póstberarnir, Ólafur Stolzenwald bassa, Agnar Már Magnússon píanó, Andrés Þór Gunnlaugsson, gítar, Eyjólfur Þorleifsson tenór sax og Erik Qvick trommur leika valin verk eftir MEGAS í jazzútsetningum þeirra félaga</p> <p><b>kl. 00-02 - Jazzklúbbar</b> Kaffi Reykjavík og Póstbarinn. Hljómsveitir kynntar síðar.</p>            | <p>Hótel Borg 2.500<br/>brunch innifalið</p> <p>NASA 1.500</p> <p>NASA 3.500</p> <p>Kaffi Reykjavík 1.800</p> <p>1.000 á jazzklúbba kvöðsins</p> |
| Sunnudagur<br>2. október      | <p><b>kl. 17 - „Helgisöngvar Ellingtons“</b> Langholtskórinn ásamt Stórsveit Reykjavíkur og Kristjönu Stefánsdóttur undir stjórn Ole Kock Hansens og Jóns Stefánssonar syngja og leika helgisöngva Duke Ellingtons</p> <p><b>kl. 20:30 - „Lokatónleikar 2005 - Oktett Ragnheiðar Gröndal“</b> Haukur Gröndal klarinett/sax, Jól Pálsson sax, Sigurður Flosason sax Ólafur Jónsson sax, Ásgeir J. Ásgeirsson gítar, Graig Earle bassa</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | <p>Langholtskirkja 2.500</p> <p>Kaffi Reykjavík 1.500</p>                                                                                        |



Námsmenn, ellilíferyisþegar og öryrkjar 20% afsláttur  
Forsala í verslunum Skifunnar og á midi.is.


[www.ReykjavikJazz.com](http://www.ReykjavikJazz.com)



SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi fyrirtækja í kartöflurækt

Heimild: HAGSTOFAN



# baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: FRAMTÍÐ NEW ORLEANS

## Aldrei aftur til fallinnar borgar

Fellibylurinn Katrín skildi eftir sig ótæpilega eyðileggingu og mannfall í ágúst. Til þess að bæta gráu ofan á svart kom fellibylurinn Rita strax í kjölfar Katrínar, með eilítið öðrum hætti þó. Yfirvöld borgarinnar óttast að margir íbúanna snúi aldrei aftur til New Orleans, borgin muni því aldrei ná sínum fyrri ljóma. Íbúafjöldi New Orleans var mestur árið 1960 en þá bjuggu 630 þúsund manns í borginni. Í manntali árið 2000 hafði þessi talað lækkað niður í 485 þúsund. Nú er óttast að allt að 250 þúsund manns muni aldrei snúa aftur til borgarinnar.

Hvert flytur fólkíð sem ekki kemur til baka?

Því er spáð að Baton Rouge geti orðið næsta fjármálamiðstöð Louisiana. Íbúar New Orleans haf í gegnum tíðina ekki verið uppteknir af þessari nágrannaborg. Nú eru aðstæður breyttar. Baton Rouge stendur á hálendi meðfram bökkum árrinnar

Mississippi. Þar bjuggu um 230 þúsund manns áður en Katrín skall á. Nú hefur fjöldinn þar að minnsta kosti tvöfaldast og margir þeirra sem flúðu New Orleans kaupa nú húsnæði í úthverfum Baton Rouge.

Er hægt að sannfæra fólk um að koma til baka?

Borgarstarfsmenn og aðrir opinberir aðilar leita nú leiða til þess að sannfæra fólk um að snúa aftur til borgarinnar. Hugmyndir eru uppi um að setja upp miðstöðvar á þeim stöðum þar sem flóttamenn hafast að þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um framvindu hreinsunarstarfa. Í annarri hugmynd er viðraður sá kostur að hreinlega borga fólk fyrir að snúa til baka. Langur tími gæti þó liðið þar til íbúar borgarinnar geta aftur fundið til öryggis- og finningar eftir að hafa upplifað eyðilegginguna og þá vargöld sem reið yfir í kjölfarið.



SPURT & SVARAÐ  
ÞJÓFNADUR Á TÖLVUPÓSTI



**BJARNI RÚNAR EINARSSON**  
Sérfræðingur hjá Friðriki Skúlasyni.

## Besta aðferðin að plata fólk

Mikið hefur verið rætt um öryggi tölvupósts undanfarna daga vegna tölvupóstsendinga sem Fréttablaðið hefur birt á undanförunum dögum. Bjarni Rúnar Einarsson er sérfræðingur í tölvupósti hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Friðriki Skúlasyni.

Er auðvelt að komast yfir tölvupóst? Við skulum segja að það sé ekki mjög erfitt, en þó miserfitt eftir því um hvaða tölvupóst er að ræða. Til að mynda er mjög auðvelt að stela tölvupósti ef maður deilir tölvu með einhverjum, en erfiðara að stela af einhverjum sem maður þekkir ekki neitt og býr í öðrum heimshluta.

Hvaða aðferðir er hægt að nota til að komast yfir tölvupóst?

Besta aðferðin er að plata fólk til að gefa þér beinan eða óbeinan aðgang að tölvupóstinum. Þú getur fengið einhvern til að gefa þér upp lykilorðið sitt eða að setja njósnabúnað inn á tölvuna sína, ef þú gerir það með réttum hætti. Er mikið um að tölvupósti sé stolið? Ég efast um það. En það er gallinn við rafræna miðla að ef einhver myndi stela póstinum manns, þá er ólíklegt að maður verði var við það.

# Segir fjölmiðla Baugs misnotaða

Davíð Oddsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, var spurður um Baugsmálið og fjölmiðla þegar hann kom út af sínum síðasta ríkisstjórnarfundum í gær. Hann kannast ekkert við fundi Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, og Styrmis Gunnarssonar ritstjóra um meðferð upplýsinga sem leiddu til Baugsákæru.

**BAUGSMÁLIÐ** Frétta- og blaðamenn náðu tali af Davíð Oddssyni í gær eftir að hann kom út af sínum síðasta ríkisstjórnarfundum. Hann var spurður um meint afskipti ráðamanna í Sjálfstæðisflokki af aðdraganda lögreglurannsóknna á Baugi. Sá hluti viðtalsins fer hér á eftir. Davíð (DO) svarar spurningum G. Péturs Matthíassonar (GP) hjá Sjónvarpinu, Brodda Broddasonar (BB) hjá Fréttastofu útvarpsins, Bjargar Evu Erlendsdóttur (BE) hjá Fréttastofu útvarpsins og Jóhanns Haukssonar (JH), Fréttablaðinu.

**GP:** Varst þú inni í þessum málum með Kjartani Gunnarssyni og Styrmi [Gunnarssyni]?

**DO:** Nei ekki nokkrum einustu málum.

**GP:** Hvenær heyrðir þú fyrst af þessu?

**DO:** Guð minn góður. Það get ég ekki sagt án þess að reyna að kanna það í minni mínu. Hver man svoleiðis.

**GP:** Ert þú þessi maður sem kallaður er Davíð og einskisson í tölvupóstum og fleiru slíku?

**DO:** Nú veit ég ekki hvað um mig er sagt í tölvupóstum. Ég held að í tölvunni minni í utanríkisráðuneytinu séu 7.000 tölvupóstar sem ég hef ekki einu sinni opnað. Þannig að ég gerði ekki annað. Auk þess býst ég við að um mig sé heilmikið skrifað á bloggsíðum og vefsíðum. Ég veit ekkert.

**GP:** En þú hefur fylgst með þessum málum núna?



**DAVÍÐ ODDSSON FYRRVERANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA OG FORMADUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS** „Nei ég horfi nú ekki á það þannig. Ég horfi bara á það með hryllingi með hvaða hætti Baugsmiðlarnir hafa verið notaðir. Ég held að ekki séu nokkur dæmi um það í hinum vestræna heimi.“

**DO:** Jú en ég veit ekki – af því þú spyrd mig – hvort ég sé eitt-hvert nafn sem aðrir nota. Ég veit ekkert um það.

**BB:** Finnst þér ekki sérkennileg og merkileg staða sem er komin upp, barátta skulum við segja, milli þessa tveggja stóru miðla, Moggans og Fréttablaðsins?

**DO:** Nei ég horfi nú ekki á það þannig. Ég horfi bara á það með hryllingi með hvaða hætti Baugsmiðlarnir hafa verið notaðir. Ég held að ekki séu nokkur dæmi um það í hinum vestræna heimi.

**JH:** En er ekki bara verið að sannreyna upplýsingar sem bornar eru á borð og sumt af því reynist satt, til dæmis þegar þetta er borið undir Styrmi?

**DO:** Að hvað?

**JH:** Að þetta eru bara upplýsingar eins og hverjar aðrar upplýsingar og svo eru þær sannreyndar og bornar undir menn eins og vera ber í fjölmiðlum?

**DO:** Ég horfi nú ekki á það með þeim hætti. Þegar farið er að brjótast inn í tölvupósta manna, þá er þetta komið á alvarlegt stig, mjög óvenjulegt stig, sem allir hljóta að hafa áhyggjur af. Líka starfsmenn Fréttablaðsins.

**GP:** Nú hafa menn – og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir – sérstaklega talað um pólitískt andrúmsloft og kennt þér um það. Er þetta ekki angi af því?

**DO:** Hefur hún gert það? Hefur hún kennt mér um það?

**GP:** Hún hefur svona ýjað að því að þú berir töluverða ábyrgð á einhverju einkennilegu pólitísku andrúmslofti sem hún kallar?

**DO:** Ja, hún var nú aðallega að tala um veiðileyfi á einstaklinga og fyrirtæki. Er það nú ekki alvarlegra? Og þá þarf hún að útskýra það hver gaf út það veiðileyfi á einstaklinga og fyrirtæki. Ég held nú reyndar að hún sé að reyna að hlaupa frá því öllu saman aftur.

**BE:** En hvað verður um þetta mál? Er þetta bara sápuvúla sem springur? Er þetta mál?

**DO:** Ja, Baugsmálið er aðallega dómsmál. Ég verð nú að viðurkenna það þó ég sé lögfræðingur að ég hef ekki lesið þessar ákæru. Veit ekki um hvað þær snúast. Og hef aldrei haft neinn áhuga fyrir þeim. Og menn eru að rugla því saman að áhyggjurnar eða áhuginn sem ég hafði af Baugi á sínum tíma var það – ef menn komast svona út úr látunum – að mér fannst að það stefndi í það að heilbrigð samkeppni yrði eyðilögð í landinu því ákveðnir aðilar sölsuðu allt undir sig. Það voru mínar áhyggjur. Ég hef ekkert fylgst með þessu. Ákæru? Ég þekki það ekki. Ég hef aldrei verið spurður af lögreglu vegna þess að það hefði verið gagnslaust. Ég veit ekkert um þessar ákæru sem koma fram frá þessum einstaklingi sem var í viðskiptum við þetta fyrirtæki. Þess vegna hef ég ekki lesið þessar ákæru. Ég veit ekki almennt hvort menn hafa lesið þær þótt ég sé lögfræðingur. Ég ætla kannski að lesa það þegar dómur liggja endanlega fyrir frá Hæstarétti. Það þýðir ekkert fyrir mann að vera að lesa þetta núna.

**BE:** En eru áhyggjurnar þessar sömu af viðskiptalífínu í dag?

**DO:** Já ég hef nú haft það. Það færir allt of mikið á fáar hendur. Og auðvitað þegar maður sér hvernig Baugsmiðlarnir eru misnotaðir, eins og ég var að segja áðan, með hætti sem menn hafa ekki séð, ekki einu sinni á Vesturlöndum og jafnvel ekki annars staðar heldur, þá hljóta menn að velta því fyrir sér hvort að önnur fyrirtæki sem sömu aðilar eiga séu misnotuð með sama hætti.

**JH:** Hvernig hafa þeir verið misnotaðir?

**DO:** Það sér öll þjóðin. Ég þarf ekkert að vera að útlista það fyrir þér. Það sér öll þjóðin. En það er hið alvarlega í málinu.

**GP:** En hvað segir þú þá um að Kjartan Gunnarsson og Styrmir Gunnarsson hittast saman á fundum og fara yfir þessu mál. Menn segja að þetta tengist Sjálfstæðisflokki?

**DO:** Já þú vilt gjarnan hafa það þannig. Ég heyri það. En þannig er það nú samt ekki vegna þess að rætt var um það hvort tilteknið aðilar gætu verið lögfræðingar tiltekins manns. Það skiptir engu máli. Tökum nú sem dæmi. Tökum sem dæmi að ég væri ákærður fyrir einhverja hluti. Kæmi hlutur um að ég hefði framið eitthvað misjafnt. Þegar það væri rannsakað þá kæmi upp úr kafinu að Jón Ásgeir eða Jón Ólafsson hefðu kært mig. Hvaða máli skiptir það? Það skiptir máli hvað ég hefði gert. Að það yrði rannsakað. Ekki hverju ég hefði komið til lögreglunnar. Það skiptir ekki nokkru máli. Þannig af einhverjum ástæðum vilja menn rugla umræðuna. Nota fjölmiðlavelði sitt

## HÓTEL KEA


*Akureyri*

## Dekur á Akureyri

Nýtið ykkur frábært helgartilboð á Hótel Kea, gisting, kvöldverður, morgunverður og aðgangur að sundlauginni á 6.400 kr. á mann í tveggja manna herbergi.

Allar nánari upplýsingar og bókanir í síma 460 2000 eða á [www.keahotels.is](http://www.keahotels.is)

**KEAHÓTEL**  
Hafnarstræti 87-89, 600 Akureyri.  
Sími: 460 2000 · Fax: 460 2060  
Netpóstur: [keahotels@keahotels.is](mailto:keahotels@keahotels.is)





Maurar verja þau tré sem þeim líst best á:

# Sprauta maurusýru í aðrar trjátegundir

**NÁTTÚRAN** Maurar í regnskógum Suður-Ameríku nota eitru til að grisja þær plöntur sem þeir telja óhagstæðar búsetu sinni. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar sem greint er frá í vísindaritinu Nature. Vísindamenn vildu komast að því hvers vegna aðeins ein trjátegund, *Duroia hirsuta* þrífst í svonefndum djöflagörðum á sumum svæðum í regnskógum Amazon. Þeir töldu komu til greina að trén sjálf útrýmdu öðrum tegundum eða að maurar af tegundinni *Myrmelachista schumanni* væru af einhverju ástæðum valdir að þessu. Í samanburðarrannsókn kom í ljós að þar sem maurarnir voru

fjarverandi döfnuðu aðrar trjátegundir ágætlega og nánari athugun sýndi að maurarnir sprautuðu maurusýru í laufblöð annarra trjáa. Talið er að maurunum hugnist ofangreind trjátegund sérlega vel við búsgerð sína og því kjósa þeir að eitra fyrir öðrum trjám sem þrengeta að eftirlætisviðnum þeirra. „Þetta er í fyrsta sinn sem við sjáum maura nota maurusýru til þessara nota, vanalega beita þeir henni til að vara hvern annan við eða verja bústaði sína,“ sagði Deborah Gordon, prófessor við Stanford-háskóla og einn höfunda rannsóknarinnar, í samtali við vefútgaflu BBC.

- shg



**MARGUR ER KNÁR ÞÓTT HANN SÉ SMÁR** Þótt maurar séu agnarsmáir er hugkvæmni þeirra umtalsverð.



**FULLVELDISDANS** Norður-Kóreumenn fagna því að 60 ár eru liðin frá því að þeir losnuðu undan japönskum yfirráðum. Því er mikið um dýrðir í höfuðborginni Pjongjang um þessar mundir

til að rugla umræðuna. Við skulum bara sjá hvað gerist í dómstólunum. Hvort að þessu máli verði vísað frá. Þá liggur það fyrir og gott fyrir þá. Eða hvort þeir verða sakfelldir. Við fáum bara að sjá þetta ...

**JH:** En Davíð. Heldur þú að sé til eitthvað sem heitir bara venjuleg og heiðarleg og fagleg blaðamennska?

**DO:** Það vona ég nú. Þegar ég var starfandi á þessum vettvangi vonaðist ég til að það væri og það væri mjög vont ef þessi spurning ætti rétt á sér.

**GP:** En það voru aðrir tímar þá. Ritstjórar sátu þingflokksfundir og svo framvegis. Manni finnst eima svolítið eftir af þessu andrúmslofti. Þegar blöðin voru í meiri tengslum við stjórnmálaflokkana.

**DO:** Ég heyri það. Þér er mikið í mun. Þú varst nú starfandi á Þjóðviljanum og þekktir þetta vel. Þér er mikið í mun að koma þessu máli yfir á Sjálfstæðisflokkinn.

**GP:** Ég er að gefa þér færi á að svara því sem fólk er að tala um og búið að fjalla um í dagblöðum lengi. Um fund Styrmis Gunnarssonar og Kjartans Gunnarssonar varðandi Jón Steinar og ég er að spyrja þig hvað þér finnst um það.

**DO:** Heyrðu. Ég var að segja það áðan og búið að svara því öllu saman. Ég get upplýst eitt. Og auðvitað er það stórkostlegt sam-særi. Ég er að hætta í ríkisstjórn á afmælisdegi Jóns Steinars Gunnlaugssonar. Það er gríðarlegt sam-særi. Ég skal gefa skýringar á því seinna af hverju það var gert.

[...]

**BB:** (Spyr meðal annars um fjölmiðlafrumvarpið).

**DO:** Ég get ekki neitað því að allir sem horfa á fjölmiðlamálið núna sakna þess að frumvarpið var ekki afgreitt. Held ég. Það var mikill skaði og tilræði við þjóðarhag finnst mér.

**JH:** Hver er kjarninn í þessum áhyggjum þínum af fjölmiðlum nútímans á Íslandi?

**DO:** Þegar til að mynda eins og gerst hefur núna, að auðhringar sem hafa gríðarleg ítök í öllu þjóðlífinu, hafa síðan sölgað undir sig alla helstu fjölmiðlana, að þá er komin samlegð sem engin þjóð, engin þjóð, hefur þolað. Og hvað þá lítil þjóð. Við sjáum öll misnotkunina á þessum fjölmiðlum núna. Hvert mannsbarn sér það, hvern einasta dag. Og það er afskaplega óhollt. Hollir, góðir sterkir fjölmiðlar eru mjög mikilvægir. Og að þeir séu fjölbreyttir og það sé ekkert efast um að eitthvað annarlegt búi á bak við þá. Auðvitað er það svo að allir eigendur hafa áhrif á það sem þeir eiga. Það er mjög þýðingarmikið og þá gagnvart fjölmiðlum að það komi ekki fram.

**JH:** Finnst þér eitthvað annarlegt hafa búið að baki hjá Morgunblaðinu?

**DO:** Ég held að eigendum Morgunblaðsins og ég held að það sé ekki um það deilt að þeir hafa ekki skipt sér mikið af því blaði. Ég held að það sé ekki um það deilt.



**FRÉTTAVIÐTAL**  
**JÓHANN HAUKSSON**  
johannh@frettabladid.is

## LAGERSALA

Ný og vönduð húsgögn eða útlitsgölluð á frábæru lagerverði í nokkra daga þar sem Art húsgögn var, Bæjarlind 4 (við hliðina á Players)

Það sem hægt er að versla er:  
Amerísk rúm, sófar, skápar, mexikósk húsgögn og margt fleira.

**ALGJÖRT VERÐHRUN**  
komdu og gerðu frábær kaup!

opið miðvikudag, fimmtudag og föstudag 13-18



H Ú S G Ö G N



KORTER.15



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Nýtt ráðuneyti Halldórs Ásgrímssonar tók við völdum í gær.

## Stólaskipti og nýr ráðherra

Davíð Oddsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, yfirgaf ráðherrastólinn í gær við nokkuð sérstakar aðstæður, og eftir nokkrar vikur lætur hann af störfum sem formaður Sjálfstæðisflokksins. Eitt aðalatriðið í viðtali hans við blaða- og fréttamenn að loknum síðasta ríkisstjórnarfundinum voru þau mál sem sett hafa svip á umræðuna frá því um helgi, og hafa skapað sérstakt andrúmsloft í þjóðfélaginu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Davíð og Baugsmál vekja undrun manna, en kannski aldrei sem nú.

Með brotthvarfi Davíðs Oddssonar úr ríkisstjórn verða þáttaskil í íslenskum stjórnmálum og búast má við að stjórnmálaumræðan breytist, en hvernig, verður framtíðin að skera úr um. Davíð hefur oft látið að sér kveða svo eftir verður mun- að, en dagurinn í gær var langt frá því að vera toppurinn á annars glæsilegum ferli hans.

Geir H. Haarde hefur nú tekið við embætti utanríkisráðherra og í raun hefur hann tekið við leiðtogahlutverki Sjálfstæðisflokksins nú þegar, því það er enginn sem ógnar honum við formannskjörið á landsfundi flokksins í næsta mánuði. Geir H. Haarde er vel að embætti utanríkisráðherra kominn.

Telja má víst að Þorgerður Katrín Gunnardóttir verði kjörin varaformaður Sjálfstæðisflokksins, með fullri virðingu fyrir keppinaut hennar, Kristjáni Þór Júlíussyni bæjarstjóra á Akureyri. Með því að gefa kost á sér til embættis varaformanns, er Kristján Þór að minna á sig sem þingmannsefni fyrir Norðausturkjördæmi.

Ráðherrana sem nú skipta um stóla grunaði líklega ekki við þinglok í vor að næst þegar þeir kæmu til Alþingis, sætu þeir ekki í sömu stólum og þeir yfirgáfu í maí. En svona eru stjórnmálin. Fyrst Davíð ákvað að hafa vistaskipti var það rökrétt framhald að Geir H. Haarde tæki við embætti utanríkisráðherra, en mörgum hefur áreiðanlega komið á óvart að Árni M. Mathiesen tæki við embætti fjármálaráðherra. Árni tekur við embættinu núna þegar fjárlagafrumvarpið er að fara í prentun. Nýs fjármálaráðherra biður hins vegar mikið og vandasamt verkefni við að halda ríkisfjármálunum í réttum skorðum á miklum þenslutímum. Hann þarf að vera maður til að segja nei við mörgum nauðsynlegum verkefnum, sem óskað verður eftir fjárveitingum fyrir.

Bolvíkingurinn Einar Kristinn Guðfinnsson tekur nú við embætti sjávarútvegsráðherra. Það er vonum seinna að hann skuli setjast í ráðherrastól, en skipting virðingarembætta innan stjórnmálaflokka hefur oft farið eftir kjördæmum, og Einar Kristinn galt þess við síðustu stjórnarmyndun, að fyrir var í kjördæminu ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Einar Kristinn hefur ekki alltaf verið nákvæmlega á flokkslínunni hvað varðar sjávarútvegsmálin því hann hefur þurft að tala röddu óánægðra Vestfirðinga í þeim málum. Nú þegar þeir hafa eignast sjávarútvegsráðherrann eiga þeir betur með að koma skoðunum sínum á framfæri, en sjávarútvegsstefnan er í föstum skorðum, þess er ekki að vænta að núverandi valdhafar geri þar á stórar breytingar.

| FRÁ DEGI TIL DAGS                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
Fjármálastjórinn segir að stærstu aðilarnir hafi komið inn í Enex árið 2001 með meira fjármagn. Í kjölfarið hafi fyrirtækið farið að fjárfesta meira sjálft í verkefnum og taka að sér verk-töku.

Gunnar segir starfsemina byggja á því að flytja út þekkingu á jarðhitavirkjunum. Nú sé verið að vinna í þremur útboðum sem séu sambærileg verkinu í El Salvador. Öflug fyrirtæki frá Ísrael, Ítalíu og Þýskalandi keppa um þessi verk.

8,1%\*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

\* Nafnávöxtun frá 01.08.2005–31.08.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vístast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)



## GENGISPRÓUN

|                | Vika | Frá áramótum |
|----------------|------|--------------|
| Actavis Group  | 1%   | 6%           |
| Bakkavör Group | 2%   | 81%          |
| Burðarás       | 0%   | 49%          |
| Flaga Group    | -2%  | -40%         |
| FL Group       | 2%   | 50%          |
| Grandi         | 1%   | 15%          |
| Íslandsbanki   | 0%   | 33%          |
| Jarðboranir    | 1%   | 0%           |
| Kaupþing Bank  | 1%   | 34%          |
| Kögun          | 1%   | 16%          |
| Landsbankinn   | 0%   | 82%          |
| Marel          | 10%  | 36%          |
| SÍF            | 1%   | -1%          |
| Straumur       | 0%   | 44%          |
| Össur          | 0%   | 12%          |

\*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

# Í hópi ríkustu Norðmanna

Jón S. von Tetzchner hjá Opera Software á lista með Kjell Inge-Rökke.

Íslendingurinn Jón S. von Tetzchner er kominn á lista 400 ríkustu manna Noregs sem norska viðskiptatímaritið Kapital tekur saman. Jón á um fimmtingushlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Opera Software sem hefur hækkað um 150 prósent frá áramótum og má ætla að hlutur hans sé um tveggja milljarða króna virði.

Ríkasti maður Noregs er eftir sem áður skipakóngurinn John Fredriksen, aðaleigandi Frontline og Pan Fish, en eignir hans eru taldar vera um 330 milljarðar



JÓN S. VON TETZCHNER Kominn á lista 400 ríkustu manna Noregs eftir mikla hækkun á gengi Opera Software.

króna og hækka um eitt hundrað milljarða á einu ári. Eignir hans eru rúmlega tvöfalt meiri en hjá næsta manni, fasteignamógúlnum Olav Thon.

Mikla athygli vekur að útgerðarmaðurinn góðkunni Kjell Inge-Rökke, sem hékk á barmi gjaldþrots fyrir ekki löngu síðan, er í áttunda sæti listans. Eignir hans eru um 80 milljarðar króna. Sjötti á lista er Odd Reitan, aðaleigandi verslunarsamsteypunnar Reitan-gruppen, sem var eitt sinn meðal hluthafa í Baugi Group. - eþa

## KB banki flytur

KB banki hefur samkvæmt heimildum Markaðarins fest sér nýtt húsnæði í London við Hanover Square í Mayfair, ekki langt frá þar sem bankinn hefur höfuðstöðvar nú við New Bond Street. Þar mun starfsemi KB banka í London og Singer & Friedlander verða sameinuð undir sama þaki.

Nýja húsið, sem er meðal annars í eigu Crown Estates, er tæpir tíu þúsund fermetrar að flatarmáli, eða um tvöfalt stærra en höfuðstöðvar KB banka í Borgartúni í Reykjavík. - bg

## Engin framsöl afgreidd

Stofnfjárbréf Árna Mathiesen enn óafgreidd.

Engin stofnfjárframsöl hafa verið samþykkt í SPH frá síðasta stofnfjáreigendafundi eftir því sem næst verður komist. Síðustu framsöl voru afgreidd fyrir stofnfjáreigendafund í SPH sem haldinn var seint í júlí.

Þó er vitað til þess að Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra hefur viðurkennt í fjölmiðlum að hafa selt hlut sinn en eigendaskipti á þeim hlutum bíða afgreiðslu.

Rekstur sparisjóðsins var undir væntingum á fyrri hluta



SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR

árs en samkvæmt heimildum er reksturinn nú á áætlun. - eþa

## Ker kaupir Iceland Seafood

Ólafur Ólafsson í Keri hefur keypt meirihluta í Iceland Seafood af SÍF. Kristján Þ. Davíðsson er hættur sem forstjóri og Benedikt Sveinsson tekinn við.

Björgvin Guðmundsson  
skrifar

SÍF hefur selt dótturfélagið sitt Iceland Seafood International til Kers, sem er í meirihlutaeigu og undir stjórn Ólafs Ólafssonar. Ker mun eiga meirihluta í Iceland Seafood, en Bjarni Benediktsson og Benedikt Sveinsson „minniháttar hlut“, eins og Bjarni orðar það. Ólafur Ólafsson er stjórnarformaður SÍF, sem er skráð félag í Kauphöll Íslands. Hvorki Bjarni né Jakob Sigurðsson, forstjóri SÍF, vildu upplýsa um kaupverðið. Það væri trúnaðarmál. Jakob sagði það gott fyrir hluthafa SÍF.

Í lok mars á þessu ári var tilkynnt til kauphallarinnar að SÍF hefði selt 55 prósent í Iceland Seafood til félags sem heitir Feldir. Það væri í eigu Mundils, sem er félag nátengt Keri, Benedikt Sveinssyni, Kristjáni Þ. Davíðssyni, Bjarna Benediktssyni og Hjörleifi Jakobssyni. Kristján var þá forstjóri Iceland Seafood.

Það dróst að ganga frá þessari sölu vegna tafa á áreiðanleikakönnun, að sögn forstjóra SÍF, í viðtali við Markaðinn í sumar. Í tilkynningu til Kauphallarinnar 23. september er upplýst að Feldir kaupa ekki 55 prósent í dóttur-



ÓLAFUR ÓLAFSSON Í KERI OG STJÓRNARFORMAÐUR SÍF Forstjóri SÍF segir sölu á SÍF til Kers og fleiri aðila tengjast þeirri stefnumörkun að skilja að fullvinnslu matvæla og sölu lítt unninna sjávarafurða.

félagi SÍF heldur kaupa Ker, Bjarni og Benedikt allt hlutféð.

Jakob segir þetta í samræmi við þá stefnumörkun hjá SÍF. Stefnt hafi verið að því að eignaræðild SÍF í dótturfélaginu yrði um 20 prósent fyrir lok þessa árs. „Það varð síðan ljóst að áhugi var hjá báðum aðilum að taka skrefið allt í einu og því varð niðurstaðan þessi,“ svarar hann spuningu um af hverju allt hlutféð var selt í einu.

Kristján Þ. Davíðsson segir að vegna breyttra forsenda hafi

verið rökrétt að hann hyrfi frá félaginu. Hann hefur ráðið sig á alþjóðasvið Íslandsbanka.

Hjörleifur Jakobsson, sem tengist Keri sem forstjóri Essó, segir það hafa verið einfaldara að fjárfestar kæmu beint að Iceland Seafood í stað þess að kaupa félagið í gegnum eignarhaldsfélagið Feldi. Hann eigi ör-lítinn hlut í Keri og komi þannig að þessum kaupum. Áætlað sé að halda hluthafafund nú í vikunni og reiknar Hjörleifur með að verða kjörinn stjórnarformaður.

## Tiltrú á efnahagslífið minnkar

Væntingar Íslendinga lækka nær óháð menntun, tekjum og aldri en fleiri eru þó áfram bjartsýnir.

Væntingavísitala Gallup var birt í gær en hún lækkaði um tæp ellufu stig milli mánaða og stendur nú í 123,4 stigum sem er sama gildi og í september í fyrra. Samkvæmt henni hefur tiltrú neytenda á efnahagslífið og atvinnuástandið lækkað og nær það til allra samfélagshópa nær óháð menntun, tekjum og aldri. Gera má ráð fyrir því að verð-

bóluskotið í september og neikvæð samfélagsumræða í kjölfarið hafi meðal annars haft áhrif á vísitöluna.

Enn eru þó fleiri neytendur bjartsýnir en svartsýnir sem endurspeglast í því að gildi vísitölnunnar er yfir hundrað stigum. - hhs

VÆNTA VERRA VEDURS Í EFNAHAGSLÍFINU



## Jarðboranir með lægsta tilboðið

Jarðboranir áttu lægsta tilboð í gríðarstórt borverkefni sem framundan er á Hellisheiði og Hengilssvæði og er stærsta útboð Orkuveitu Reykjavíkur frá upphafi. Tilboð Jarðborana hljóðaði upp á 7,8 milljarða króna sem var hálfum milljarði lægri upphæð en næsthæsta boð sem kom frá ÍAV/Ístak. Kostnaðaráætlun



Orkuveitunnar nemur um tíu milljörðum króna.

Verkefnið felst í að bora þrjátíu háhitaholur, tíu niðurrennslisholur, fimm holur til að afla ferskvatns og þrettán sveigholur.

Gengi hlutabréfa í Jarðborunum hækkaði mest um 23 prósent í gær en hækkunin gekk til baka þegar leið á daginn. - eþa

## Leita að 120 milljónum króna

Enn er reynt að koma starfsemi Feygingar af stað eftir margra mánaða bið.

Hluthafafundur var haldinn í Feygingu á mánudaginn þar sem hluthöfum var gerð grein fyrir því að meira fjármagn vantaði til að halda rekstrinum áfram. Davíð Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sagði um 120 milljónir króna að ræða. Hluthafar ætluðu að leggja til meira fé til starfseminnar og eins yrði reynt að fá nýja hluthafa að verkefninu. Hann sagði hluthafana vissulega vera orðna ópolinmóða eftir árangri, en lengi hefur vantað fé til rekstursins.

Starfsemi Feygingar byggir á því að vinna lín sem notað er til að framleiða slitsterkan hör, sem meðal annars er notaður í bílaáklæði. Heitt vatn og gufa munu vera nýtt hérlandis við framleiðsluna.

Orkuveita Reykjavíkur, Burðarás, Eignarhaldsfélag Suðurlands



BÍLSTÓLL Úr líni er unnið hör sem er slitsterkt og meðal annars notað á áklæði bílstóla.

og Sveitarfélagið Ölfus eru meðal hluthafa.

Davíð segir að það vanti meiri peninga til að kaupa síðasta hluta af vélbúnaðinum til framleiðslunnar. Tæknilega sé búið að leysa öll vandamál og sölusamningar við belgíska fyrirtækið Rébell liggi fyrir. Komi meira fjármagn til taki það kannski sextán til tuttugu vikur að hefja framleiðslu. Það fari meðal annars eftir veðráttu því byggja þurfi hús undir starfseminna. - bg

Við færum þér fjármálaheiminn

# EXTRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E\*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)



# CR-V

**HONDA**  
The Power of Dreams

## 4x4xinnkaupakerra



HÉR & NÚ / SÍA

### Verðlaun

Eftirsóttasti borgarjeppinn í sínum flokki (Edmunds.com)  
Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)  
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)  
Fyrsti borgarjeppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)



Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

**2.749.000**

kr.

**28.715**

kr. á mánuði\*

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum**

**og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag**

**[honda.is](http://honda.is)**



Fjór hjóladrífinn Honda CR-V er bíllinn með rými og drifgetu fyrir allan afraksturinn úr innkaupaleiðangrinum. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þeirra atriða sem tryggja öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan.

**Honda CR-V er glæsilegt dæmi um Honda áreiðanleika og Honda fjölhæfni á Honda-góðu verði.**



Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100  
**[www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)**

\* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. \*\* Bíll á mynd er CR-V Executive



# Notum kortin meira í útlöndum

Heildarvelta kreditkorta jókst um 24 prósent í ágúst.

Neysla Íslendinga erlendis hefur aukist mikið undanfarið vegna hagstæðs gengis og þenslu í hagkerfinu. Heildarvelta kreditkorta erlendis í ágúst var tæplega 3 milljarðar króna sem jafngildir um það bil 24 prósentu aukningu frá sama mánuði í fyrra.

Velta vegna kreditkorta-notkunar erlendis hefur aukist töluvert meira en heildar-

velta kreditkorta. Árið 2002, þegar kreditkortavelta dróst saman, var samdráttur erlendra veltu að sama skapi mun snarpari en hinnar erlendu.

Sveiflurnar í erlendra veltu má skýra með því að sterkt samband er milli utanlandsferða almennings og kaupmáttar, auk áhrifa af gengisþróun. - hhs

# Eftirspurn hjá Össuri

Góð þátttaka í hlutafjárútboði.

Umframeftirspurn var í hlutafjárútboði Össurar hf. í síðustu viku en félagið fjármagnaði kaup á bandaríska félaginu Royce Medical Holdings Inc. með útgáfu nýrra hluta í Össuri. Félagið seldi 63.391.690 hluti á genginu 81 eða að andvirði rúmlega 5,1 milljarði króna. Samtals óskuðu núverandi hluthafar sem nýttu forgangsrétt sinn eftir því að kaupa hlutafé



HÖFUÐSTÖÐVAR ÖSSURAR

fyrir 8,3 milljarða króna. Eigendur 96,3 prósent hlutafjár nýttu forgangsrétt sinn í útboðinu.

Hlutafé Össurar hf. eykst um 20,9 prósent við útgáfu hinna nýju hluta. Samhliða hlutafjárútboði Össurar var gengið frá sölu á rúmlega þremur milljónum hluta fyrir rúmlega 250 milljónir króna til þrjátíu og eins stjórnenda hjá félaginu. - hb

# Lítið gerst í Sterling

Ekki er að vænta niðurstöðu í bráð af þreifingum FL Group og Sterling.

FL Group hefur hug á að kaupa Sterling af Fons, eignarhaldsfélagi Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. Þreifingar hafa verið í gangi að undanfögnu, en samkvæmt heimildum Markaðarins er ekki enn farið að ræða verð og forsvarsmenn FL Group hafa ekki fengið grænt ljós á að skoða bækur Sterling.

Búið er við að samningaviðræður fari að taka á sig einhverja mynd í næstu viku. - hh

# Kaupir í bandarískri verslunarkeðju

Rúmfatalagerinn fjölgar verslunum í Kanada og fjárfestir í Bandaríkjunum.

Jákop Jacobsen, annar aðaleigandi Rúmfatalagersins, hefur keypt tæp tíu prósent í bandaríska félaginu Linens'n Things ásamt færeysku félagi. Linens'n Things selur ýmsan húsbúnað og heimilistæki.

Í frétt Bloomberg-fréttaveitunnar segir að Linen's Things reki 500 verslanir sem hafi verið reknar með tapi í eitt og hálf ár. Því hafi fyrirtækið ráðið bankann Credit Suisse First Boston sem ráðgjafa og undirbúi frekari sölu

á hlutafé. Gengi félagsins hefur hækkað í kjölfar þessara fréttu.

Linens'n Things er skráð í bandarísku kauphöllina. Markaðsvirði félagsins er um 1,2 milljarðar dollarar eða um 75 milljarðar króna. Samkvæmt því er verðmæti tíu prósentu hlutar um 7,5 milljarðar króna.

Í Markaðnum fyrir tveimur vikum var greint frá því að Rúmfatalagerinn undirbúi opnun sautján nýrra verslana. Þar af munu tíu opna í Kanada. - bg

# Ofnæmislyf fyrir Rússa

200 manns í vinnu hjá Actavis í Rússlandi.

Actavis hefur sett ofnæmislyfið Cetrizine á markað í Rússlandi. Dótturfélag Actavis, Medis, sem sér um sölu til þriðja aðila, setti lyfið á markað árið 2002. Unnið er að skráningu lyfsins á öðrum mörkuðum fyrirtækisins, svo sem í Úkraínu, Moldavíu og í Hvíta-Rússlandi, og er búið við

að það verði markaðssett þar í byrjun næsta árs.

Alls starfa rúmlega 200 manns hjá Actavis í Rússlandi og nálægunum löndum. Starfseminni er stýrt frá Moskvu en sex skrifstofur eru á svæðinu, í Moskvu, Hvíta-Rússlandi, Úkraínu, Kasakstan, Mongólíu og Georgíu. - bg

# Íslandsbanki í sögufrægt hús í London

Starfstöð Íslandsbanka í London er flutt í glæsilegt hús um leið og starfsemin vex. Ráðgert er að opna útibú í Kaupmannahöfn í október.

Björgvin Guðmundsson  
skrifar

„Þetta eru gamlar höfuðstöðvar National Westminster Bank og var húsið byggt um miðja nítjándu öld þegar bankar voru hálfgerðar hallir,“ segir Pétur Einarsson, forstöðumaður Íslandsbanka í London, sem flutti í nýtt húsnæði á mánudaginn. Hann segir nýja staðinn í hjarta City, fjármálahverfis London, á bak við Bank of England. Þar sé Íslandsbanki á sjöundu og efstu hæð með svalir allt í kring. Byggingin sé glæsileg og sögufræg; gluggar niður í gólf og nóg pláss fyrir starfsfólk og viðskiptavinum. Húsnæðið sem bankinn var í var um 200 fermetrar en það nýja er yfir 500 fermetrar.



Markaðurinn/Valli

**ANDDYRÍÐ Í HÚSINU ÞAR SEM ÍSLANDBANKI HEFUR AÐSETUR Í LONDON**  
Árið 1968 sameinuðust National Provincial Bank og Westminster Bank í National Westminster Bank. Þá höfðu báðir þessir bankar verið starfræktir frá því á fjórða áratug nítjándu aldar enda löng bankahefð í Bretlandi. Veldi þeirra sést í byggingunum sem bankar á þessum tíma byggðu og Íslandsbanki hefur nú aðsetur í.

„Við erum að vaxa hér í London eins og aðrir. Í upphafi voru hér þrír starfsmenn, nú eru þeir sextán en pláss fyrir fjórtíu. Starfsemin hefur aukist um 30 til 40 prósent á ári og það eingöngu af innri vexti. Mesti vöxturinn er í skuldsettum kaupum, fjármögnun á yfirtökum og auðvitað fyrirtækjaráðgjöf,“ segir Pétur. Fjárfstýring sé líka mikilvægur hluti starfseminnar enda hafi efnahagur bankans vaxið mikið.

Hringinn í kringum nýju staðsetningu Íslandsbanka eru fjölmörg fjármálafyrirtæki. Pétur segir þetta minna þau á samkeppnina í London, nánast sé hægt að sjá þrjú hundruð banka

út um gluggann en ekki bara þrjá eins og á Íslandi. „En við sjáum líka fullt af tækifærum og möguleikum sem er kannski ekki að finna á minni stöðum,“ bætir hann við.

Auk þess að stækka við sig húsnæðið í London áætlað Íslandsbanki að opna starfstöð í Kaupmannahöfn í lok október að sögn Völu Pálsdóttur sem sér um kynningar og fjárfestatengsl hjá bankanum. Búið sé að fastráða þrjá starfsmenn en þar verði einnig aðstaða fyrir aðra starfsmenn Íslandsbanka til að sinna verkefnum ytra. Gert sé ráð fyrir að starfsemin vaxi og tekið tillit til þess í nýja húsnæðinu.

# Stækkun ESB hefur lítil áhrif á vinnumarkað

Takmarkanir á vinnuafli skila litlu.

Stækkun Evrópusambandsins árið 2004 hefur haft lítil áhrif á norrænan vinnumarkað. Þetta er meðal niðurstaðna í skýrslu sem unnið hefur verið fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Tíu ný ríki gerðust 1. maí 2004 aðilar að ESB og þar með að Evrópska efnahagssvæðinu en áður en til þeirrar aðildar kom höfðu flest ríki EES tímabundnar takmarkanir á aðgangi fólks frá hinum nýju aðildarríkjum á vinnumarkað, að Kypur og Möltu undanskildum.

Í frétt á heimasíðu Samtaka atvinnulífsins kemur fram að hér á

landi hafi verið í gildi strangar reglur um aðgang fólks frá hinum nýju aðildarríkjum ESB. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar hefur reynslan hins vegar verið sú að þau ríki sem ekki komu á fót neinum slíkum takmörkunum á frjálsu flæði vinnuafli milli landa hafi alls ekki fengið hlutfallslega fleira erlent starfsfólk en reyndin hefur verið í þeim ríkjum sem komu á fót slíkum takmörkunum. Þá kemur fram í umræddri skýrslu að ekkert þessara landa hafi fundið fyrir neikvæðum áhrifum hvað varðar jafnvægi á vinnumarkaði. - hb

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

8,4%\*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

\* Nafnávöxtun sl. ár m.v. 31.07.2005

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fölginn í rýrni fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is).



– kraftur til þín!






2025 / TAKTÍK 22.9'05

# Vertu tímanlega - það borgar sig

Það er allt tilbúið hjá okkur




**Gúmmívinnustofan**



**587 5588**

Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík




**Hjólbarðahöllin**



**530 5700**

Fellsmúla 24, 108 Reykjavík



**Hjólbarðaverkstæði  
Vesturbæjar**



**552 3470**

Ægisíða 102, 107 Reykjavík





## ÚTRÁSARVÍSITALA

115,88

-0,25%

| Fyrirtæki         | Land       | Gengi  | Gjald-<br>miðill | (Gengi<br>gjaldmiðils) | Breyting |
|-------------------|------------|--------|------------------|------------------------|----------|
| BTC               | Búlgaría   | 11,05  | Lev              | 38,65                  | -1,02%   |
| Carnegie          | Svíþjóð    | 100,00 | SEK              | 8,10                   | 2,78%    |
| Cherryföretag     | Svíþjóð    | 27,10  | SEK              | 8,10                   | -2,41%   |
| deCode            | Bandaríkin | 8,65   | USD              | 62,88                  | -6,44%   |
| EasyJet           | Bretland   | 2,86   | Pund             | 111,57                 | -2,55%   |
| Finnair           | Finnland   | 10,66  | EUR              | 75,80                  | -2,00%   |
| French Connection | Bretland   | 2,72   | Pund             | 111,57                 | -2,14%   |
| Intrum Justitia   | Svíþjóð    | 68,75  | SEK              | 8,10                   | 2,71%    |
| Keops             | Danmörk    | 17,40  | DKR              | 10,16                  | 3,07%    |
| Low & Bonar       | Bretland   | 1,10   | Pund             | 111,57                 | 3,62%    |
| NWF               | Bretland   | 5,78   | Pund             | 111,57                 | -0,59%   |
| Sampo             | Finnland   | 13,25  | EUR              | 75,80                  | -0,44%   |
| Saunalahti        | Finnland   | 2,55   | EUR              | 75,80                  | 2,36%    |
| Scribona          | Svíþjóð    | 15,40  | SEK              | 8,10                   | -0,18%   |
| Skandia           | Svíþjóð    | 40,30  | SEK              | 8,10                   | 0,97%    |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

## SÖGUHORNID

## John Locke deyr

Þennan dag árið 1704 lést breski heimspekingurinn John Locke þá 72 ára að aldri. Locke var þekktastur fyrir skoðanir sínar á samfélagsmálum og þekkingarfræði. Hugmyndir hans um „ríkisstjórn með samþykki þeirra sem stjórnað er“ og rétt manna til lífs, frelsis og eignaréttar höfðu gríðarlega mikil áhrif á þróun stjórnmálaheimspeki og voru meðal þess sem notað var sem grunnur að lagakerfi Bandaríkjanna.

Locke lærði læknisfræði en starfaði aldrei sem læknir af því að hann fór út í pólitík að loknu námi og gerðist hluti af „whig“-hreyfingunni svokölluðu. Árið 1683 flúði hann til Hollands vegna gruns um að hann hefði átt þátt í misheppnaðri skipulagningu á morðinu á Karli II Englandskonungi og bróður hans. Þar gafst honum tími til að sinna ritstörfum á ný og skrifaði sín merkustu rit í útlegðinni. Locke sneri ekki aftur heim úr útlegð til Bretlands fyrr en eftir að Jakob II Eng-



**JOHN LOCKE** Breski heimspekingurinn John Locke lést 28. september árið 1704. Hugmyndir hans höfðu mikil áhrif og voru meðal annars grunnurinn að frelsisfirlýsingu Bandaríkjanna.

landskonungi hafði verið steypt af stóli árið 1688 í blóðlausu byltingunni og voru þau rit sem hann hafði ritað gegnum árin þá fljótlega gefin út.

Locke hafði talsverð áhrif á heimspeki og pólitík og hugmyndir hans varðandi frelsi og samfélagsmál áttu eftir að hafa áhrif á menn eins og Thomas Jefferson og James Madison. Frelsisfirlýsing Bandaríkjanna byggðist á mörgum pólitískum hugmyndum 19. aldar sem margar hverjar voru frá honum komnar. Því hafa hugmyndir Locke oftast en ekki verið tengdar Bandaríkjunum og frjálsbyggju.

## Launapak í ensku deildinni

Yfirburðir Chelsea orðnir of miklir.

Dave Whelan, eigandi enska úrvalsdeildarliðsins Wigan, vill að úrvalsdeildin taki upp launapak eins og þekktist í NBA-deildinni og bresku rúgbiðeildinni. Hann óttast að yfirburðir milljarðaliðs Chelsea séu orðnir það miklir að önnur félög fái ekki rönd við reist. „Það er aðeins ein leið til að tryggja heilbrigða samkeppni í úrvalsdeildinni og þess vegna vil ég að deildin taki upp launapak,“ segir Whelan.

Hugmyndir hans ganga út á að hvert úrvalsdeildarlið borgi að hámarki 25-30 milljónir punda í launakostnað á ári. Launahæstu leikmennirnir eru að fá um fimm til sex milljónir punda á ári.

Whelan telur að hugmynd hans eigi hljómgrunn víða, til



**LAUNAPAK Í ENSKU DEILDINN** Stjórnarformaður Wigan vill taka upp launapak til að minnka yfirburði Chelsea.

dæmis í herbúðum Blackburn Rovers, WBA, Sunderland og Charlton, en ekki er eins víst að stóru liðin taki hugmyndinni vel.

- eþa

## Fá bætur eftir bókhaldssvik

Samkomulag hefur náðst um 6,13 milljarða dollara endurgreiðslu til 830 þúsund einstaklinga og fyrirtækja sem töpuðu þegar bandaríska fjarskiptafyrirtækið WorldCom lýsti sig gjaldþrota á síðasta ári í kjölfarið af mestu bókhaldssvikum í sögu Bandaríkjanna.

Listinn yfir þau fyrirtæki sem greiða munu bæturnar er langur og á honum eru m.a. tryggingafélög, endurskoðunarstofur og önnur fyrirtæki sem áttu viðskipti við WorldCom og eru talin hafa vitað um þau svik sem þarna fóru fram. Bernard

Ebbers, stofnandi og fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins, sem í sumar var dæmdur til tuttugu og fimm ára fangelsisvistar vegna þáttar síns í svikunum, þarf að sjá á eftir stórum hluta eigna sinna en milljarðahús í Mississippi og golfvöllur eru þar á meðal.

Málið þykir skref í rétta átt til að rétta hlut þeirra sem hlunnfarnir voru en margir hluthafanna fá þó aðeins brot af því sem þeir töpuðu við hrun fyrirtækisins bætt. WorldCom lýsti sig gjaldþrota en starfar nú undir nafninu MCI. - hhs



**BERNARD EBBERS** Þarf að láta stóran hluta eigna sinna af hendi vegna þáttar síns í mestu bókhaldssvikum í sögu Bandaríkjanna.

## Sex konur meðal þeirra ríkustu í Bandaríkjunum

Bill Gates er eftir sem áður ríkasti Bandaríkjamaðurinn. Stofnendur Google yngstir.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Ríkustu menn Bandaríkjanna verða æ ríkari. Hækkun fasteignaverðs og olúverðs á síðasta ári kom sér vel fyrir bandaríska auðjöfra og námu eignir 400 ríkustu Kananna um 1,13 billjónum dala.

Það kemur líklega ekki á óvart að Bill Gates, forstjóri Microsoft og stærsti hluthafi þess, vermi efsta sæti lista Forbes yfir ríkustu menn Bandaríkjanna. Tímaritið metur hreinar eignir hans á 51 milljarð dala eða þrjú þúsund milljarða króna.

| FIMMTÁN RÍKUSTU MENN BANDARÍKJANNA |                                  |                    |
|------------------------------------|----------------------------------|--------------------|
| Nafn                               | Hreinar eignir í milljörðum dala | Helsta eign        |
| 1. Bill Gates                      | 51                               | Microsoft          |
| 2. Warren Buffet                   | 40                               | Berkshire Hathaway |
| 3. Paul Allen                      | 22,5                             | Microsoft          |
| 4. Michael Dell                    | 18                               | Dell               |
| 5. Larry Ellison                   | 17                               | Oracle             |
| 6. Christy Walton                  | 15,7                             | Wal-Mart           |
| 7. Jim Walton                      | 15,7                             | Wal-Mart           |
| 8. Robson Walton                   | 15,6                             | Wal-Mart           |
| 9. Alice Walton                    | 15,5                             | Wal-Mart           |
| 10. Helen Walton                   | 15,4                             | Wal-Mart           |
| 11. Steve Ballmer                  | 14,0                             | Microsoft          |
| 12. Barbara Cox Anthony            | 12,5                             | Cox Enterprises    |
| 13. Anne Cox Chambers              | 12,5                             | Cox Enterprises    |
| 14. Abigail Johnson                | 12,5                             | Fidelity           |
| 15. Sheldon Adelson                | 11,5                             | Spilavíti          |

Í öðru sæti er hinn 75 ára gamli ofurfjárfestir Warren Buffet, hjá Berkshire Hathaway, en eignir hans eru um 40 milljarðar dala. Í næstu sætum á eftir eru karlmenn úr tölvuheiminum, Paul Allen, sem var meðal stofnenda Microsoft, hinn fertugi Michael Dell, stofnandi Dell, og Larry Ellison, aðal-eigandi Oracle.

Í sætum sex til tíu eru erfingjar Sams Walton sem stofnaði Wal-Mart. Þar fer fremst Christy Walton, ekkja Johns Walton sem lést í slysi í sumar. Jim Walton, annar sonur stofnandans, er í sama sæti. Systkinin Robson, stjórnarformaður Wal-Mart, og Alice Walton eru í áttunda og níunda sæti. Síðust er svo Helen Walton, ekkja stofnandans.

Hinar öldruðu systur Barbara og Anne, dætur fjölmiðlakónsins James M. Cox, sitja svo í tólfta og þrettánda sæti á lista Forbes.

Stofnendur Google-leitarvélarnar, Sergey Brin og Larry Page, eru í sextánda og sautjándra sæti listans. Hreinar eignir þeirra eru metnar ellefu milljarðar dala. Þeir eru jafnframt yngstir á lista Forbes, aðeins 32 ára gamlir.



**BILLGATES** Hreinar eignir hans nema um 51 milljörðum dala eða rúmum þrjú þúsund milljörðum króna.

## Porsche hyggst kaupa í VW

Virði hlutabréfa í Porsche féll um 11 prósent í kjölfar fréttanna.

Hlutabréf þýska lúxusbílaframleiðandans Porsche féllu um 11 prósent á mánudag þegar fyrirtækið tilkynnti um fyrirhuguð kaup á 20 prósentu hlut í bílaframleiðandanum Volkswagen fyrir um 3,3 milljarða evra. Núverandi hlutur fyrirtækisins er um fimm prósent. Með kaupunum á að koma í veg fyrir að fjandsamleg yfirtaka geti átt sér stað sem gæti stefnt viðskiptasambandi fyrirtækjanna tveggja í hættu. Búist er við að lög sem verndað hafi VW gegn slíkum yfirtökum falli úr gildi á næst-

unni og því grípur Porsche til þessa ráðstafana nú.

Hlutabréf í VW fóru stöðugt hækkandi í síðustu viku vegna sögusagna um að stór fjárfestir væri að byggja upp hlut sinn til að undirbúa yfirtöku en eftir að ljós kom hver fjárfestirinn var hafa þau hins vegar staðið í stað. Hluthafar í Porsche virðast óánægðari með fyrirhuguð kaup og hlutabréf féllu um 11 prósent strax við opnun kauphalla á mánudag.

Porsche og VW hafa unnið saman að ýmsum verkefnum og

hönnuðu til dæmis í sameiningu Porsche Cayenne-jeppann. Fyrirtækin vinna nú að þróun mótors sem getur gengið fyrir hvort sem er rafmagn eða bensín. VW framleiðir um þrjátíu prósent af sölu Porsche og því um töluverða sameiginlega hagsmuni að ræða. Samstarfið á sér langa sögu og er stjórnarformaður Volkswagen, Ferdinand Piech, barnabarn Ferdinands Porsche, stofnanda Porsche-veldisins og mannsins sem próaði VW-bjölluna, „bíl fólksins“, fyrir Hitler á sínum tíma. - hhs

NEC

Þú gengur að gæðunum vísu

VT-47

- Skjávarpi • Birta: 1500 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2.9 kg

VT-470

- Skjávarpi • Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800X600
- Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2.9 kg

verð

kr. 139.900,-



Sterkir og skýrir NEC skjávarpar

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800  
www.ormsson.is

Augsangastofa Guðnagar Önnu

verð

kr.89.900,-



verð

kr. 119.900,-



LT-180

- Skjávarpi • Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024X768
- Skerpa: 1000:1 • Þyngd: 2.9 kg



# Keyptu tryggingafélag á fjögur hundruð milljarða

Bandaríska fyrirtækið WellPoint, sem er stærsti söluaðili heilsufarstrygginga í Bandaríkjunum, keypti á dögunum fyrirtækið WellChoice, sem starfar í sama geira, fyrir rúmlega fjögur hundruð milljarða íslenskra króna. Með þessu ætlar WellPoint sér að sækja enn á markaðshlutdeild UnitedHealth Group sem er næststærsti aðilinn í sölu heilsufarstrygginga í Bandaríkjunum.

Árleg velta fyrirtækja í þessum geira er gífurleg enda flestum íbúum landsins nauðsynlegt að hafa góðar tryggingar þar sem almannatryggingakerfi ná aðeins til tiltekinna grunnþátta í heilbrigðisþjónustu landsins.

Höfuðstöðvar WellChoice eru í New York og er ætlunin að WellPoint sækji í frekari mæli inn á það markaðssvæði sem er talið vera það stærsta og eftirsóknar-

verðasta í tryggingageiranum.

„New York svæðið er mjög gott markaðssvæði fyrir þá sem selja tryggingar með mikið af stórum fyrirtækjum sem hægt er að nýta til þess að ná svo til annarra landsvæða,“ sagði Michael Obuchowski sem stýrði yfirtökuinni. - hb

**FRÁ NEW YORK** Eitt stærsta markaðssvæði fyrir seljendur trygginga í Bandaríkjunum.



**TOYOTA RAV4** Færri Toyota-bífreiðar voru fluttar út frá Japan í ágúst en á sama tíma í fyrra.

## Japanar flytja út færri bifreiðar

Þrír af stærstu bílaframleiðendum Japans tilkynntu í gær að útflutningur hefði dregist saman í ágúst mánuði þegar litið er til sama tíma fyrir ári. Toyota tilkynnti að félagið hefði framleitt rétt tæplega 230.000 bíla til útflutnings í ágúst mánuði sem er 9,7 prósentu samdráttur frá því á sama tíma fyrir ári. Nissan tilkynnti einnig um samdrátt í útflutningi og sama gerði Honda. Mazda tilkynnti hins vegar að fyrirtækinu hefði gengið betur í ágúst mánuði í ár heldur en í fyrra og jókst framleiðsla félagsins til útflutnings um 0,8 prósent og framleiddi félagið alls rétt tæplega 21.000 bíla í því skyni. - hb

## Carlsberg lokar brugghúsum

Á næstu árum fyrirhugar Carlsberg að loka helmingnum af öllum brugghúsum félagsins í Evrópu. Ef

af verður mun félagið því loka alls 14 brugghúsum víðs vegar í Evrópu. Ástæðan er einkum sú að

samkeppni á evrópskum bjórmörkuðum er að færast í aukana og félagið hyggst endurskipuleggja dreifingarleiðir og framleiðslu á dönsku öli fyrir evrópskan markað.

„Við erum búnin að gera áætlun og erum að skoða hvernig þetta á eftir að þróast. Við viljum hafa stóra markaðshlutdeild og við verðum að aðlagga okkur,“ sagði talsmaður Carlsberg. - hb

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

**VÍSIR**  
VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



# GÓÐ LEIÐ TIL AÐ EFLA FYRIRTÆKIÐ

**Vilt þú nýta þau tækifæri sem felast í góðu og áhugasömu starfsfólki og auka hæfni þess eins og frekast er kostur?**

Endurmenntun Háskóla Íslands býður í vetur upp á fjölmörg námskeið sem ætlað er að auka færni og dýpka skilning á ýmsum lykilþáttum fyrirtækjareksturs.

Má þar nefna námskeið á sviði stjórnunar og starfspróunar, fjármála og reikningsskila og einnig eru í boði námskeið sem eru sérsniðin að þörfum einstakra fyrirtækja og stofnana. Þá verða sérstök námskeið fyrir starfsfólk opinberra stofnana.

Athugið að mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna í námi hjá Endurmenntun.

*Kynntu þér málin og skráðu þig á*  
**endurmenntun.is**

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna





# Sony tekur til

Tíu þúsund manns látin fjúka á næstu árum.

Sony-samsteypan hefur tilkynnt að tíu þúsund starfsmönnum um allan heim verði sagt upp á næstu tveimur og hálfu ári sem er um 7 prósent alls mannaflans en hjá fyrirtækinu vinna um 150 þúsund manns í áttatíu löndum. Fyrirtækið hefur einnig fyrirætlanir um að loka 11 af 65 verksmiðjum sínum víðs vegar um heiminn. Aðgerðirnar koma í kjölfar ráðningar nýs framkvæmdastjóra samsteypunnar, Sir Howard Stringer, sem hefur stjórnað starfsemi Sony í Bandaríkjunum með góðum árangri. Hann er fyrsti framkvæmdastjóri í 59 ára sögu fyrirtækisins sem ekki er af japönskum ættum.

Sony er næststærsti raftækjaframleiðandi heims á eftir Matsushita en hefur átt í erfiðleikum með að aðlagast breyttum aðstæðum á markaði og hefur smátt og smátt verið að missa hlutdeild til samkeppnisaðila á lykil-mörkuðum sínum. Til að mynda hefur fyrirtækinu, sem fann upp vasadiskóíð á sínum tíma, reynst tilkoma iPod frá Apple sérstaklega erfið. - hhs



# Microsoft hannar Windows vista

Hugbúnaðarframleiðendur fagna frumkvæðinu.

Hjálmar Blöndal  
skrifar

Bill Gates hvatti á dögunum hugbúnaðarframleiðendur til að gera sig reiðubúna fyrir nýtt Windows-stýrikerfi. Á kynningarfundum sem Microsoft tölvurísinn stóð fyrir, sagði Gates að nýtt stýrikerfi og nýtt viðmót Office-pakkans myndi vekja athygli þegar vörurnar kæmu á markað seint á árinu 2006. „Þegar þessar vörur koma á markaðinn, munu þær valda byltingu,“ sagði Gates.

Núverandi útgáfa af Windows, Windows XP, kom á markað undir lok ársins 2001 og hefur því liðið talsverður tími frá síðustu uppfærslu Windows. Gates sagði að ekki hefði liðið svo langur tími áður á milli útgáfa af Windows, en Gates segir að þrýstingur hafi verið kominn frá hugbúnaðarframleiðendum um að uppfæra Windows til

þess að þeir gætu gefið út nýjar útgáfur af hugbúnaði sínum.

Nýja kerfið fær nafnið Windows Vista og sagði Gates að framundan væri stærsta markaðsátak í sögu Microsoft til að kynna nýja stýrikerfið fyrir neytendum. „Þetta er það stærsta sem við höfum gert síðan við settum Windows 95 á markað,“ sagði hann.

Office-pakkinn, sem meðal annars hefur ritvinnsluforritið Word og töflureikninn Excel, verður einnig uppfærður og verður tilbúinn á sama tíma og Windows Vista. Microsoft hefur þegar sýnt fjárfestum og forsvarsmönnum hugbúnaðarfyritækja hvernig nýju kerfin munu birtast notendum þeirra en þangað til undir árslok 2006 verður algjör leynd yfir Windows Vista og Office-pakkanum en hugbúnaðarframleiðendur hafa fagnað frumkvæðinu og biðað í ofvæni eftir að geta markaðssett sínar eigin vörur.

## Sápuleikur í farsímamann

Tölvuleikjaframleiðandinn Gameloft vinnur nú að gerð farsímaleiks úr unglingasápunni O.C. sem hefur notið mikilla vinsælda um allan heim. Leikurinn verður af svipuðu sniði og tölvuleikurinn Sims, en spilarinn tekur sér hlutverk einnar af fjórum aðalpersónum þáttarins eða skapar sér sína eigin og þarf að klæðast á réttan hátt, komast inn í réttu klíkurnar, eignast rétta elskhugann og annað til að reyna að passa inn í hópinn. Gameloft er þekkt fyrir farsímaleiki byggða á



MISCHA BARTON

Hollywood-efni og hefur meðal annars skapað leiki byggða á kvikmyndunum King Kong og War of the Worlds. -hhs

## Chris Rock á Google

UPN og Google hafa gert samning um frumsýningu á nýjasta gamanþætti Chris Rock.

Leitarvél Google og sjónvarpsstöðin UPN, sem er hluti alþjóðlega fjölmiðlafyrirtækisins Viacom Inc., hafa náð samkomulagi um að frumsýna nýja gamanþætti grínistans Chris Rock á leitarvélinni Google. Þættina, sem byggja á uppvaxtarárum leikarans, má nálgast á vefsíðunni <http://video.google.com/chris> frá og með næsta mánudegi.

Leitarvélar á borð við Google og Yahoo! keppast nú um efni frá framleiðendum fréttar, sjónvarpsþátta og kvikmynda til að sýna á síðum sínum. Sumir framleiðendanna eru þó tregir til að láta efni af þessu tagi til leitarvélna af ótta við að auglýsingatekjur minnki og notendum heimasíðna þeirra fækki.

**GRÍNISTINN CHRIS ROCK** Frumsýning á sjónvarpsþáttaröð um uppvaxtarár Chris Rock verður hægt að nálgast í gegnum leitarvél Google.



BILL GATES STJÓRNARFORMAÐUR MICROSOFT

## Galdurinn er að láta okkur vinna fyrir þig

Skipasendingar

Flugsendingar

Hraðsendingar

Vörumiðstöð

Tollafgreiðsla

Akstursþjónusta

Útflutningur

JÓNAR TRANSPORT bjóða alhliða flutningsþjónustu í samstarfi við bestu flutningsaðila sem völ er á, bæði hérlandis og erlendis. Þéttriðið þjónustunet um allan heim tryggir flýti, öryggi, hagstæð gjöld og góða vörumeðhöndlun frá verksmiðjuvegg og heim í hlað.



-um víða veröld  
Kjalarvogi • Sími 535 8000  
jonar@jonar.is • www.jonar.is



# Windows í handtölvur

Handtölvufyrirtækið Palm Inc. ætlar að kynna fyrstu handtölvuna sem hefur Windows-stýrikerfi snemma á árinu 2006. Nýja handtölvun sem fengið hefur nafnið Treo 700 á að geta keyrt forrit þar sem notendur sækja tölvupóst og aðrar upplýsingar sem þeir gera alla jafna á borð- eða fartölvum.


Palm hefur því sett af stað keppni við fyrirtækið Research in Motion Ltd. en það fyrirtæki selur hinar vinsælu BlackBerry-handtölvur þar sem notendur geta sótt tölvupóst sinn beint í gegnum BlackBerry. Palm ætlar í samstarfi og samvinnu við Microsoft að reyna að laga handtölvur Palm að Microsoft-notendakerfinu og ná þannig forskoti á BlackBerry. - hb



# iPod Nano vel tekið

Fyrstu viðbrögðu við nýjasta útspili Apple, iPod Nano, eru feikilega góð og ljóst að hér er um nýjung að ræða sem tækjafíklar munu ekki láta fram hjá sér fara. Spilarinn er lítill og smellpassar í brjóst- eða rassvasann, viðmótið er einstaklega notendavænt, skjáinn er í lit og það er jafnvel hægt að skoða myndir í honum. Nýi spilarinn hefur ýmist tveggja eða fjögurra megabæta geymslunninni sem þýðir að hægt er að geyma í honum fimm hundruð eða þúsund lög. Helsti munurinn á Nano og eldri gerðum af iPod er að Nano hefur engan harðan disk heldur er notast við minniskort til að geyma gögn. Þess má vænta að iPod Mini, fyrirrennari Nano, muni nú lækka í verði og því tækifæri fyrir þá minna nýjungagjöfnu að næla sér í iPod. - hhs

**IPOD NANO** Yngsti bróðirinn í iPod-fjölskyldunni hefur hlotið góðar viðtökur.



## Yahoo með fleiri fjármálafréttir

Vefsetrið Yahoo tilkynnti á dögunum að það ætlaði að stórauka fréttaflokkun sinn úr fjármálaheiminum.

Síðastliðinn **YAHOO!** m á n u d a g opnaði Yahoo nýjan vef með fjölda pistla og greina eftir fjármálasérfræðinga, hagfræðinga og aðra sem hafa atvinnu af því að fylgjast með fréttum úr fjármálaheiminum.

Yahoo segist ætla að stórauка fréttaflokkun sinn hvað varðar ýmis málafni sem félagið telur að sérstaka athygli geti vakið út á við. Á næstu misserum mun Yahoo kynna ýmsar nýjungar í þeim efnum til sögunnar. - hb

# Microsoft stefnir á markaðsyfirráð

Xbox 360-leikjatölvun væntanleg í lok árs.

Tölvurinn Microsoft stefnir á að tvöfalda markaðshlutdeild sína og ná yfirhöndinni á leikjatölvumarkaðnum einum til tveimur árum eftir að nýja Xbox-leikjatölvun kemur á markað í lok nóvember á þessu ári. Séð hefur verið til þess að allt að fjórutíu leikir fyrir tölvuna verði þá komnir í hillur verslana sem er helmingi meira en þegar sú fyrri kom á markaðinn.

Microsoft vonast til að þessir þættir og þær tækninýjungar sem nýja tölvun hefur upp á að bjóða gefi gott forskot á Sony- og Playstation-leikjatölvuna sem hingað til hefur haft yfirhöndina

á markaðnum. Microsoft tapaði meira en 2 milljörðum króna á fyrstu gerð Xbox sem kom á markaðinn fyrir um fjórum árum og seldi minna en einn fjórða hluta þess sem Sony seldi af Playstation-tölvunni.

Xbox-pakkinn mun kosta um 400 dollara í Bandaríkjunum. Með pakkanum mun fylgja utanálíggjandi harður diskur sem þarf til að spila mjög flókna leiki og þá leiki sem hannaðir voru fyrir fyrstu gerð leikjatölvunnar. - hhs

**XBOX 360** Microsoft bindur miklar vonir við nýja gerð Xbox-leikjatölvunnar.



**Mobile Office**

FRÁ OG VODAFONE

## Alltaf í netsambandi með Mobile Connect

**Vodafone Mobile Connect** kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

- » Þú getur alltaf skoðað tölvupóstin þinn
- » Þú getur alltaf sent SMS
- » Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum

- » Þú getur alltaf vafrað á netinu
- » **Mobile Connect** notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýttir niðurrhali og lækkar kostnað viðskiptavina.

**Mobile Connect** er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífð sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



EINNIG VÆNTANLEGT



**BlackBerry** frá Vodafone



**Global Hotspots**



**Vodafone World**

og

**vodafone**

Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjþjónusta Og Vodafone**, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is





Fréttablaðið/Vikufréttir

**SVARTUR KAVÍAR Í KRUKKUM PAKK-  
AÐ** Starfsemi Fram Foods í Reykjanesbæ byggist að stærstum hluta á því að vinna hráefni fyrir verksmiðjur fyrirtækisins í Evrópu. Einnig eru unnin hrogn sem seld eru til sushi-staða í Bandaríkjunum. Mikil krafa er gerð um hreinlæti enda kröfur um gæði gríðarmiklar.

# Framleiða síld fyrir Finna

Lítið hefur farið fyrir íslenska matvælafyrirtækinu Fram Foods eftir að nýir eigendur tóku við fyrirtækinu fyrir tveimur árum. Á vegum Fram Foods er framleitt mikið af kaviar fyrir fólk á Norðurlöndum, Frakklandi og Þýskalandi. Í síðustu viku var svo tilkynnt um kaup á Boyfood Oy sem sér fjölmörgum Finnum fyrir síld. Björgvin Guðmundsson skoðaði fyrirtækið.

„Okkar markmið er að vera leiðandi fyrirtæki í matvælaframleiðslu og einbeita okkur að kældum sjávarafurðum. Það er nákvæmlega það sem við erum að gera í dag. Við viljum samt ekki einskorða okkur við framleiðslu á sjávarafurðum og leggjum áherslu á að vera alhliða matvælafyrirtæki. Því til staðfestingar heitum við ekki Fram Seafood heldur Fram Foods,“ segir Halldór Þórarinsson, stjórnarformaður fyrirtækisins.

Það hefur ekki farið mikið fyrir forsvarsmönnum Fram Foods frá árinu 2003 þegar þeir keyptu fyrirtækið, sem áður var rekið undir merkjum Bakkavarar. Lýður og Ágúst Guðmundsson í Bakkavör voru þó áfram hluthafar í sínu gamla félagi ásamt KB banka og juku nýverið hlut sinn úr 19 prósentum í 31 prósent. KB banki á um 25 prósent en Halldór Þórarinsson og Hilmar Ásgeirsson, stjórnarformaður og forstjóri Fram Foods, fara með meirihluta atkvæða í félaginu. Þeir eru stærstu hluthafarnir úr hópi starfsmanna en samanlagt fara þeir ásamt sautján öðrum starfsmönnum og lykilstjórnendum í dótturfélögum með um 44 prósent hlutfjár.

## KEYPTU BOYFOOD OY

Ástæðan fyrir hlutfjárauðningu í Fram Foods voru kaup félagsins á einum stærsta síldarframleiðenda Finnlands, Boyfood Oy. Halldór segir kaupverðið trúnaðarmál að ósk seljenda, en Boyfood var í eigu Finna að nafni Matti Ruuska, sem mun sitja í stjórn fyrirtækisins. Hann segir kaupin að verulegu leyti fjármögnuð með eigin fé en KB banki hafi líka lánað til kaupanna.

Það er sterk hefð fyrir síld á matarborðum Finna segir stjórnarformaðurinn. Boyfood hafi sterka stöðu í finnskum verslunum og sé með um 60 prósentu markaðshlutdeild í sölu síldarafurða. Þetta sé mjög vel rekið fyrirtæki sem efli starfsemi Fram Food á Norðurlöndum. Þeir séu með starfsemi á Íslandi og í Svíþjóð en einnig í Frakklandi og Þýskalandi. Starfsemin í Finnlandi sé hrein viðbót við annan rekstur sem þeir muni byggja enn frekar upp.

Áætluð velta Fram Foods á þessu ári eftir kaupin á Boyfood er um 55 milljónir evra eða um fjórir milljarðar íslenskra króna. Starfsemin hefur vaxið hægt og bítandi, meðal annars starfsemin hér á Íslandi, þar sem um fimmtán prósent af allri veltu félagsins er. Áttatíu prósent af allri framleiðslunni fara til annarra verksmiðja Fram Foods erlendis. Mest af því eru afurðir unnar úr hrognum sem notaðar eru í kaviar og smurálegg.

## FJÖLMARGIR VÖRUFLOKKAR

Í verksmiðjum Fram Foods eru framleiddar vörur undir merkjum stórmarkaða. Vörumerkjastefnan er sú að framleiða undir vörumerkjum annarra ásamt eigin vörumerki þegar það á við. Þegar framleitt er fyrir aðra er um að ræða vörur verslananna sjálfra eða þá vörur sem Fram Foods hefur þróað. Halldór og Hilmar segja að með því að framleiða eigin vörur samhliða sé hægt að halda uppi góðri þjónustu hvað varði vörubrún og markaðssókn. Verslanir, annars staðar en í Bretlandi, stundi yfirleitt enga vörubrún.

„Það er vandasamt og verðugt verkefni að framleiða vörur undir vörumerkjum verslanakeðjanna. Fólk sér það ekki endilega þannig en ríkar kröfur eru gerðar til þeirra sem framleiða fyrir þessar verslanir, enda bera þeir á endanum ábyrgð á vörunni gagnvart viðskiptavinum sínum,“ segir Halldór. Með því að byggja upp eigið vörumerki séu verslanir ekki eins háðar birgjum, auglýsa sig sjálfar upp og neytendur gangi að gæðunum vísun. Þetta sé alþekkt í Evrópu.

Þegar starfsemi Fram Foods er skoðuð sést að kaupendur framleiðslunnar eru margir og enginn einn vöruflokkur ber uppi starfseminu. Helstu vöruflokkarnir eru smurálegg, síldarafurðir og kaviar. Mikið er selt af kaviar í túbum í Svíþjóð sem telst vera smurálegg í þessu sambandi. Af heildartekjum Fram Foods koma á milli 26 og 29 prósent teknanna vegna sölu hvers vöruflokks. Tæp tuttugu prósent tekna eru vegna sölu annarra afurða. Þessar vörur eru seldar í tíu af fimmtán stærstu verslunarkeðjum í Evrópu að sögn Halldórs. Rekstraráhættan sé með þessu móti lágmörkuð, þar sem enginn einn aðili geti haft úrslitaáhrif á afkomu félagsins.

## LÍTIL YFIRBYGGING

Hilmar Ásgeirsson segir yfirbyggingu Fram Foods litla. Hjá móðurfélaginu starfi þeir Halldór, fjármálastjóri og einn sérfræðingur. Framkvæmdastjóri dótturfélaganna sjái svo um reksturinn hér heima, í Svíþjóð, Finnlandi, Frakklandi og Þýskalandi. Þá séu þeir að prófa sig áfram í Chile í útgerð sem sérhæfi sig í veiðum á kóngakrabba ásamt fleiru.

Halldór segir að hver rekstrareining sé tiltululega sjálfstæð. Þeir líti á Evrópu sem sinn heimamarkað og sátt sé innan fyrirtækisins, meðal stjórnenda og eigenda, hvert skuli stefna. Í Frakklandi hafi verið vannýtt tækifæri þar sem takmörk voru fyrir því hvað verksmiðjan þar gat framleitt. Henni hafi

verið lokað og ný opnuð í kjölfarið á öðrum stað.

„Við höfum verið að byggja upp og reksturinn hefur breyst í Frakklandi. Miðað við stærð markaðarins fannst okkur möguleikarnir miklir en vannýttir. Við keyptum því nýja verksmiðju og vélar og buðu starfsfólkinu vinnu. Að þessu einbeittum við okkur fyrsta eina og hálfa árið sem við tókum við Fram Foods. Að okkar mati höfum við náð mjög góðum árangri og innri vöxtur verið um fimmtíu prósent í ár,“ segir Halldór. Þar í landi séu þeir meðal stærstu framleiðenda laxa- og sílungakavíars, sem líka sé selt til Þýskalands.



**HILMAR ÁSGEIRSSON FORSTJÓRI OG HALLDÓR ÞÓRARINSSON STJÓRNARFORMAÐUR** Þeir hafa stjórnað uppbyggingu Fram Foods síðastliðin tvö ár og segja starfseminu hafa styrkst og eflst milli ára.

## Grásleppukaviar í tonnavis

„Þetta er ungt félag undir merkjum Fram Foods. Það er ekki nema rúmlega tveggja ára. En vöxturinn hefur verið stöðugur frá því að við tókum við,“ segir Halldór Þórarinsson, stjórnarformaður Fram Foods, sem áður var rekið undir nafni Bakkavarar. Stjórnarformaðurinn og forstjórinn, Hilmar Ásgeirsson, keyptu félagið ásamt fjölmörgum starfsmönnum.

„Við erum einir stærstu framleiðendurnir á grásleppukaviar í heimi. Við framleiðum um sjö þúsund tonnur og hver tunna er um hundrað kíló,“ segir Halldór. Þeir framleiða ekki mjög stóra vöruflokka, ef síldin er undanskilin, en vilja vera stórir í sínum flokkum.

Halldór segir að starfsemi Fram Foods í Svíþjóð hafi alltaf gengið vel og sé traust. Á upphafsárinu 2003 hafi þeir einbeitt sér meðal annars að starfseminni í Frakklandi og flutt hana í nýtt húsnæði sem bauð upp á frekari vaxtamöguleika. Það hafi komið mjög vel út og nú sé útlit fyrir að innri vöxturinn, það er aukning starfseminnar, verði um fimmtíu prósent.

Halldór segir að með kaupum á finnska síldarframleiðslufyrirtækinu Boyfood Oy stækki fyrirtækið þjónokkuð. Finnar bórði mikið af síld og Boyfood sé með um 60 prósentu markaðshlutdeild í þeim flokki undir vörumerkinu Boy. „Þetta er mjög vinsæl og góð vara,“ segir hann og í framhaldinu verður reynt að selja aðrar vörur samstæðunnar undir merkjum Boy.

Breytilegt er eftir tíma árs hve margir vinna hjá samstæðunni en Hilmar segir að tæplega 200 manns séu starfandi hjá þeim að staðaldri. Í verksmiðju félagsins í Njarðvík vinna milli 20 og 25 manns.





Nýtt ta  
a liðu  
hin  
gæði

**Þinguli  
endast.  
Komdu í dag**

Krómaðar felgur.  
Krómaðir þakbogar.  
Samlit klæðning á hliðum.

**Ford Explorer Limited 4,6i V8 sjálfskiptur**

|                     |                      |
|---------------------|----------------------|
| Listaverð           | 4.795.000 kr.        |
| <u>Afsláttur</u>    | <u>-200.000 kr.</u>  |
| <b>Uppskeruverð</b> | <b>4.595.000 kr.</b> |
| Bílasamningur       | 47.800 kr.           |
| Regstrarleiga       | 87.800 kr.           |

Öruggur staður til að vera á

\* Brimborg og Förd skilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og búnaðsveittir samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km ástár á ferri. \*\* Staðgæfir 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölugæðgjafar Brimborgar.





# Skuldabréfaútgáfan heldu

Skuldabréfaútgáfa erlendra aðila hefur vakið athygli að undanfögnu. Nokkrir af stærstu bönkum heims eru nefndir sem útgefendur skuldabréfanna og upphæðirnar skipta tugum milljarða. Hjálmar Blöndal kannaði hvað býr að baki.



Undanfarið hafa erlendir aðilar gefið út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir rúmlega fimmtíu milljarða króna en í gær var útgáfan komin alls í 57,5 milljarða króna. Skuldabréfaútgáfan vakti að vonum athygli þegar hún hófst og markaðsaðilar velta nú fyrir sér áhrifum af skuldabréfaútgáfunni fyrir íslenska hagkerfið. Ekki síst velta margir fyrir sér stöðu íslensku krónunnar og áhrifum skuldabréfaútgáfunnar á krónuna, vexti og

aðra meginþætti sem þykja fyrirferðarmestir við hagstjórn og hafa hvað mest áhrif í íslensku viðskiptalífi.

**VEXTIR OG ÁHÆTTA**

Margir velta því fyrir sér hvers vegna erlendir aðilar hafa áhuga á því að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum og hvers vegna hún verði svo áberandi nú um stundir. Ljóst er að ýmsir þættir í íslensku hagkerfi eru útgefendum skuldabréfanna hagstæðir, einkum millibankavextir svo og gengi íslensku krónunnar.

Skuldabréfin eru gefin út til að afla lánsfjármagns og ræðst verðmæti skuldabréfsins af framboði og eftirspurn, lánstíma, ávöxtun-


arkröfu markaðarins og fleiri þáttum. Skuldabréfin sem hér um ræðir eru svokölluð markaðsskuldabréf og í raun einföld skuldaviðurkenning skuldarans til lánveitandans og ganga kaupum og sölum á verðbréfamarkaði. Vextir bréfanna ákvarðast svo af framboði og eftirspurn en einnig má færa rök fyrir því að þeir taki mið af vöxtum ríkisskuldabréfa í viðkomandi landi og verður vikið að síðar. En af hverju skyldu einhverjir gefa út skuldabréf í íslenskum krónum?

Hinir svokölluðu millibankavextir í íslenskum krónum (REIBOR) eru talsvert hærri en millibankavextir með Evrum (EURIBOR). Tólf mánaða REIBOR-vextir mælast nú 9,9 prósent á meðan millibankavextir með

**GENGISSKRÁNINGARVOG ÍSLENSKU KRÓNUNNAR** Evran hefur hlutfallslega mest vægi í gengisvísitölunni. Gengisvísitalan byggir á samsetningu utanríkisviðskipta ársins 2004.

| SKULDABRÉF Í ÍSLENSKUM KRÓNUM |        |               |        |          |             |                  |             |                  |
|-------------------------------|--------|---------------|--------|----------|-------------|------------------|-------------|------------------|
| Kaupandi                      | Upphæð | Uppgjörsdagur | Vextir | Gengi    | Útgáfudagur | Söluaðili        | Lánshæfi    | Skráningarstaður |
| Eksportfinans ASA             | 9      | 7.9.2007      | 8,50%  | 100,573  | 7.9.2005    | TD Securities    | Aaa/AA+     |                  |
| Republic of Austria           | 9      | 15.9.2006     | 9,00%  | 100,72   | 15.9.2005   | TD Securities    | Aaa/AAA/AAA | Lux              |
| Barclays Bank Plc             | 1,5    | 15.9.2006     | 9,00%  | 100,75   | 15.9.2005   | Barclays Bank    | Aa1/AA      | Lux              |
| Dresdner Bank                 | 5      | 15.9.2006     | 9,25%  | 99,77    | 15.9.2005   | Dresdner Bank AG | A1/A/A      |                  |
| KfW                           | 6      | 20.9.2007     | 8,25%  | 100,91   | 20.9.2005   | TD Securities    | Aaa/AAA/AAA | Lux              |
| Rabobank Nederland            | 9      | 22.3.2007     | 8,625% | 100,625  | 21.9.2005   | TD Securities    | Aaa/AAA     | Lux              |
| Íslandsbanki                  | 1      | 21.9.2007     | 8,50%  | 100      | 21.9.2005   |                  |             |                  |
| Deutsche Bank                 | 5      | 29.9.2006     | 8,00%  | 98,55    | 29.9.2005   | Deutsche Bank    | Aa3/AA-     |                  |
| Íslandsbanki                  | 3      | 4.10.2006     | 9,00%  | 100      | 4.10.2005   | DZ Bank          | A1          | Lux              |
| EIB                           | 6      | 6.10.2008     | 7,00%  | 100,5375 | 6.10.2005   | TD Securities    | Aaa/AAA/AAA | Lux              |
| Kaupthing Bank                | 3      | 12.4.2007     | 8,00%  | 100,09   | 12.10.2005  | Deutsche Bank    | A1          |                  |
| Samtals                       | 57,5   |               |        |          |             |                  |             |                  |
| Greitt                        | 34,5   |               |        |          |             |                  |             |                  |
| Eftirstöðvar                  | 23     |               |        |          |             |                  |             |                  |

Heimild: KB banki







# Áfram

evrur mælast rétt um 2,25 prósent. Sá sem getur lánað peninga í íslenskum krónum fær því betri ávöxtun á það fjármagn en sá sem vill lána í evrum. Slíkt hefur verið nefnt vaxtamunur við útlönd og er því afar mikill eins og tölurnar sýna.

**ERLENDU BANKARNIR OG LÁNSHÆFISMAT**  
Þegar skuldabréfaútgáfan jókst og hafði náð fimmtíu milljörðum, höfðu nöfn nokkurra af stærstu bönkum heims verið nefnd sem kaupendur að bréfunum. Það er þó ekki þar með sagt að útgáfan sé á vegum bankanna sjálfra, enda eðli þeirra jafnt að stunda lána-starfsemi á eigin vegum svo og að sinna viðskiptum fyrir viðskiptavinum bankans. Um

getur verið að ræða einstaka fjárfesta, sjóði eða aðra aðila sem vilja fá ávöxtun á fjármagn eða dreifa áhættu í eignasafni. Þannig geta fjárfestar átt viðskipti við stóra banka og lánastofnanir og notið þjónustu þeirra. Ekki síst þar sem miklu máli skiptir hvert lánshæfismat viðkomandi banka er gagnvart söluaðilanum.

Borist hafa af því fréttir að austurríska ríkið hafi gefið út skuldabréf í íslenskum krónum en skuldabréfaútgáfa þess nemur nú um níu milljörðum íslenskra króna eins og sjá má á töflu fyrir neðan á fyrri síðu. Telja verður líklegra að hér sé um að ræða banka sem hafi ríkisábyrgð og geti þess vegna sýnt fram á gott lánshæfismat eða mesta mögulega lánshæfismat þeirra aðila sem mæla lánshæfi fjármálfestofnana. Með því að hafa betra lánshæfismat, minnkar því áhættan fyrir útgefandann. Þannig er líklegt að viðkomandi geti fengið betri kjör en ella. Ekki er ólíklegt að bankarnir tryggji sig fyrir áhættunni sem af útgáfunni hlýst. Þeir geta því gefið út bréf í íslenskum krónum en um leið keypt íslensk ríkisskuldabréf til að verjast mögulegri áhættu. Hagnaður bankanna er því mögulega aðeins sá mismunur sem þar hlýst og ver bankinn sig því gegn gengisáhættu með því að hafa þegar fjárfest í bréfum með sama gjaldmiðli og hann gaf út fyrir hönd fjárfestisins.

**GENGISÁHRIF OG VAXTASTEFNA**  
Sá sem gefur út skuldabréf í íslenskum krónum þarf því fyrst að kaupa eða eiga íslenskar krónur. Fjárfestirinn eða bankinn fyrir hans hönd þarf því að kaupa íslenskar krónur fyrir til að mynda evrur sem eykur eftirspurn eftir íslenskum krónum. Slíkt leiðir til sterkara gengis íslensku krónunnar gagnvart evrunni. Þar sem evran hefur hlutfallslega mest vægi allra þeirra gjaldmiðla sem mynda gengisvísitöluna, getur mikil breyting á gengi evrunnar því haft mikil áhrif á gengisvísitöluna. Margir aðrir þættir í utanríkisviðskiptum Íslands geta því bæði haft bein og óbein áhrif á gengi hennar.

Pau skuldabréf sem gefin hafa verið út fram að þessu, aðallega af erlendum aðilum en einnig af Íslandsbanka og Kaupþingi banka, eru flest á uppgjörstegum á árunum 2006 og 2007. Þannig mun því framboðið af krónum aukast sem getur leitt til þess að krónan muni veikjast. Hækki gengið geti því sá sem gaf út skuldabréfið hagnast verulega á gengisáhrifunum. Ekki verður þó séð að það sé slíkt sem vaki fyrir fjárfestinum heldur einkum vaxtamunurinn við útlönd. Meðan vextir eru svo hagstæðir og eftirspurn eftir lánsfjármagni er til staðar, verður því áframhald á.

Flestir þeir sem Markaðurinn ræddi við um skuldabréfaútgáfuna telja að ekkert lát verði á henni. Hagstæð skilyrði séu enn til staðar og það skipti máli að vaxtamunurinn sé svo hagstæður sem raun ber vitni. Enda þótt gengisvísitala krónunnar hafi nú náð sínu lægsta gildi til margra ára, spá því flestir að hún muni hækka á næstunni. Þannig gerir greiningardeild KB banka ráð fyrir því að hún verði 110 stig að meðaltali í ár en á næsta ári verði hún 121 stig. Það ætti þó ekki að breyta miklu en hún gæti svo lækkað aftur þegar áhrifin af skuldabréfaútgáfunni koma aftur inn í hagkerfið með öfugum formerkjum.



**STEINGRÍMUR ARNAR FINNSSON HJÁ KB BANKA** Segir skuldabréfaútgáfu erlendra aðila styrkja krónuna til skamms tíma en geti veikt hana þegar líftíma bréfanna er náð.

## Gengissveiflur gætu aukist til skamms og langs tíma

Steingrímur Arnar Finnsson, sérfræðingur í greiningardeild KB banka, segir að áhrif skuldabréfaútgáfunnar geti verið töluverð á fjármálastærðir í hagkerfinu.

„Áhrif útgáfunnar gætu orðið talsverð á fjármálastærðir til skamms tíma sem gæti síðan smitast út í raunhagkerfið með tímanum. Hætta er á því að skuldabréfakaupin auki gengissveiflur krónunnar bæði til styrkingar, líkt og raunin hefur verið að undanförmu, og veikingu þegar líftíma bréfanna er náð með tilheyrandi söluprýstingi á krónuna.

Jafnframt hefur útgáfan lækkað vexti á stutta endanum, það er að segja skammtíma óverðtryggðum ríkispappírurum að undanförmu.

Þegar útgáfan hófst í lok ágústmánaðar virðist vera sem stuttir óverðtryggðir ríkispappírir, einkum RIKB07, hafi að einhverju marki verið notaðir til þess að verja vaxtaskiptasamninga innlendra bankastofnana við erlendu aðilana. Ávöxtunarkrafan á þessum bréfum, t.d. RIKB07, hefur lækkað alls um 19 punkta frá upphafi útgáfunnar. Allir hvatar eru fyrir áframhaldandi útgáfu enda er vaxtamunur við útlönd um sjö prósent. Ef nafnvextir lækka enn frekar gæti það smitast út í langtíma vexti, samkvæmt klassískum væntingakenningum um tímaróf vaxta. Hinn möguleikinn er svo sá að fjárfestar gætu jafnvel fært sig yfir í langa verðtryggða pappíra ef íslensku vextirnir sem fjárfestum bjóðast eru ekki

nógu háir til þess að yfirgnæfa til að mynda álag vegna gengisáhættu krónunnar með tilheyrandi lækkunarþrýstingi á langtíma vexti.

Ljóst er að þessi þróun yrði mjög bagaleg fyrir peningamálastefnu Seðlabanka Íslands þar sem hann reynir að hækka almennt vaxtastig í landinu með stýrivöxtum sínum og myndi aukin útgáfa verka verulega á móti áhrifum vaxtaleiðar peningamálastefnunnar“.


*Hvaða áhrif hefði það ef þeir sem hafa þegar gefið út skuldabréf myndu selja bréfin?*

„Ljóst er að ef fjárfestar myndu vilja selja skuldabréfin, eða selja krónur til þess að verja gengisáhættu sína, myndi það setja þrýsting á krónuna til veikingar og svo gæti farið þegar bréfin eru á gjalddaga. Hins vegar er ekki líklegt að fjárfestar losi stöður sína á líftímanum þar sem enginn eftirmarkaður er til staðar fyrir bréfin að svo stöddu.“

*Hvernig hljóðar gengisspá KB banka?*

„Greiningardeild gerir ráð fyrir að vaxtamunur við útlönd verði nægjanlega mikill til þess að halda gengi krónunnar tiltölulega háu fram að áramótum, þrátt fyrir vaxandi viðskiptahalla. Meðalgengi krónunnar í ár verður um 110 stig og meðalgengi næsta árs verður 121 stig. Greiningardeild gerir ráð fyrir að Seðlabankinn muni hækka vexti um 50 punkta við útgáfu Peningamála þann 29. september næstkomandi.“

### GENGISVÍSITALA ÍSLENSKU KRÓNUNNAR



**GENGISVÍSITALA ÍSLENSKU KRÓNUNNAR** Meðaltal árunum 1992-2004 og það sem af er árinu 2005. Eins og sjá má mælist gengisvísitala nú langt undir meðaltali undanfarinna ára og gildi hennar 23. september er lægsta gildi sem mælist hefur á tímabilinu.



## FÓLK Á FERLI

**GUNNAR GUNNARSSON** verður sérfræðingur á sviði fjármála og reikningshalds Atlantis Group. Hann hefur unnið hjá Deloitte síðan 2003 við endurskoðun og reikningshald. Hann er 32 ára viðskiptafræðingur og er kvæntur Írisi Rut Árnadóttur, starfsmanni Íslandspósts. Þau eiga tvo drengi.

**PÓRDÍS SIGURDARDÓTTIR** hefur verið ráðin sem Forstöðumaður Nordic Fjárfestinga hjá Baugi Group hf. frá og með 1. október 2005. Þórdís tekur við stöðunni af Baldri Baldurssyni sem hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Futura sem er rekstraraðili Dominos Pizza á Íslandi og í Danmörku.

Þórdís var áður framkvæmdastjóri MBA-náms við Háskólann í Reykjavík auk þess sem hún gegndi stöðu aðstoðarprófessors. Áður en Þórdís tók til starfa hjá Háskólanum í Reykjavík var hún aðstoðarmaður framkvæmdastjóra EJS og stýrði starfsmannahaldi fyrirtækisins. Þórdís hefur undanfarna mánuði m.a. annast ráðgjafastörf hjá OgVodafone. Hún situr í stjórnnum fyrirtækjanna Mosaic Fashions, Haga hf. og Merlin. Þórdís Sigurdardóttir lauk MBA-prófi árið 2001 í Vlerick í Belgíu. Hún er einnig með M.A. próf í félagsfræði og B.A. próf í stjórnmálafræðum.

**BALDUR BALDURSSON** hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra Dominos pizza á Íslandi.

# Skynsamlegra að kaupa en stofna

Fyrirtæki leitast við að stækka þessa dagana en jafnframt eru einstaklingar með augun opin fyrir góðum fyrirtækjum. **Jens Ingólfsson**, rekstrarhagfræðingur hjá Kontakt fyrirtækjaráðgjöf, segir við **Eggert Þór Aðalsteinsson** að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé gott og aldrei hafi verið auðveldara að fjármagna fyrirtækjakaup. Mikilvægt er þó að átta sig á því hvers konar fyrirtæki henti hverjum og einum.

„Það er mikið fjör á fyrirtækjamarkaði og alltaf að verða líflegri. Þjartsýnin er mikil í þjóðfélaginu og fyrirtækjum gengur almennt vel,“ segir Jens Ingólfsson rekstrarhagfræðingur. Kontakt aðstoðar við að miðla fyrirtækjum til kaups og sölu. Margir starfsmanna fyrirtækisins hafa þó langa reynslu af fyrirtækjasölu og eru margir kaupendur, sem eru að leita að góðum fyrirtækjum, á skrá hjá því.

Fyrir tíu til fimmtán árum síðan þá þekktist það varla að menn væru að selja fyrirtækin sín. Í dag þykir það aftur á móti eðlilegt; alveg eins og menn skipta um vinnu þá skipta menn um fyrirtæki. Um þessar mundir er algengt að fyrirtæki séu í stækkunarhugleiðingum og leiti að ytri vexti. Enn fremur er mikið um það að reynslumiklir einstaklingar séu að leita sér að fyrirtækjum.

„Flest íslensk fyrirtæki eru af óhagkvæmri stærð. Fyrirtæki sem eru að velta 200 milljónum sjá að 400 milljóna króna velta er betri og sá sem rekur fyrirtæki, sem veltir 400 milljónum, sér að 600 milljónir eru betri. Því er eðlilegt að fyrirtækin séu að stækka.“

## KAUP SKYNSAMLEGRI

Það er draumur margra Íslendinga um að vera sjálfs síns herrar og fara út í rekstur. „Við fáumst við nokkuð stór fyrirtæki og fáum því til okkar aðila sem hafa reynslu af rekstri og bolmagn til að takast á við þessi verkefni. Þú getur ekki keypt alvöru fyrirtæki nema þú hafir talsvert eigið fé. Einnig verður maður að hafa rétta vangasvipinn fyrir bankann til að fá lán,“ segir Jens hlæjandi.

Er skynsamlegra að kaupa fyrirtæki en að stofna það frá grunni? „Já, það er augljóst.

Ástæðan fyrir því að menn kaupa fyrirtæki er auðvitað sú að það er hagkvæmara en að stofna þau frá grunni. Margir átta sig ekki alveg á þessu. Það tekur ákveðinn tíma fyrir fyrirtæki að komast upp í ákveðna veltu til að skila hagnaði. Með því að kaupa fyrirtæki, sem skilar rekstrarhagnaði, þá er maður með jákvætt sjóðsstreymi frá fyrsta degi.“

Jens segist ekki muna eftir fyrirtækjakaupum á síðustu árum sem hafi mistekist. Þetta gengur yfirleitt vel upp, jafnvel þegar menn eru sagðir hafa keypt fyrirtæki dýru verði.

## SEXÍ FYRIRTÆKI

Að sögn Jens þarf þrennt að koma til áður en maður finnur rétta fyrirtækið. Í fyrsta lagi þarf hagfræðin að vera í lagi, fyrirtækið verður að vera með rekstrarsögu, sýna rekstrarhagnað (EBITDA) og vera fjármögnunarhæft. Þessi þáttur er yfirleitt alltaf í lagi þegar alvöru fyrirtæki eiga í hlut. Í öðru lagi verður félagið að vera sexí og eitthvað sem kaupandinn vill gera. Í þriðja lagi verða hugsanlegir kaupendur að sjá möguleika að gera betur í rekstrinum en núverandi eigendur.

„Það sem er ef til vill mikilvægast af þessu þrennu er annar liðurinn – að fyrirtækið sé sexí – því að það sem er sexí fyrir einn er ekki fyrir annan. Mesti vandinn er alltaf að finna hvað það er sem þig langar í. Um leið og við finnum hverjar þarfir kaupandans eru þá erum við tiltölulega fljótir að finna eitthvað gott dæmi.“

Jens er spurður hvers konar fyrirtæki séu eftirsóttust. „Ef matvöruheildverslun eða framleiðslufyrirtæki með matvörur kæmi á markað þá myndi það ekki stoppa lengi. Stórir aðilar á þessum markaði, eins og heildsölur,

eru mjög vakandi fyrir viðbótum af þessu tagi.“

## SEXFÖLD EBITDA

Hérlandis er einkum miðað við EBITDA-margfeldi við verðlagningu á fyrirtækjum. Hugtakið EBITDA stendur fyrir rekstrarhagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. Það getur farið nokkuð eftir stærð fyrirtækisins og starfsemi þess hvaða tala er notuð en hún geti verið frá fjórfaldri EBITDA upp í tólfalda. Oft er miðað við að fyrirtæki gangi kaupum og sölum fyrir sexfaldan rekstrarhagnað. Þegar komið er út í herra margfeldi getur verið erfið að fjármagna kaupin. „Maður sér ekki herra margfeldi nema þegar fyrirtæki eru að kaupa önnur fyrirtæki og sjá mikil samlegðaráhrif.“

„Þegar litið er á EBITDA þá er hún ekki tekinn hrá heldur leiðrétt. Ef fyrirtæki er í eigin húsnæði þá vantar húsnæðiskostnað. Launakostnaður er oft leiðréttur þar sem eigendur taka oft laun í gegnum arð. Þá þarf að skoða hvort einkaneysla sé fyrir hendi sem er algeng þegar fyrirtæki eru í eigu eins eða fáeinna aðila,“ segir Jens.

Hann er ekki á því að verð á fyrirtækjum hafi hækkað á milli ára. Seljendur hafa í dag kannski fleiri kaupendur en áður. „Sumir vilja meina að verð á fyrirtækjum sé hátt miðað við fyrirtæki í Englandi og á Norðurlöndunum þar sem hægt er að kaupa fyrirtæki á mjög góðu verði. Ég tel hins vegar að verðið sé ekki of hátt.“

Það sem hefur haft meiri áhrif er að fjármögnun er orðin auðveldari. „Í dag er mjög algengt að stærri fyrirtæki séu fjármögnuð að fjórðungi með eigið fé á móti skuldum. Þá getur ávöxtun eigin fjár orðið mun betri en ef eigendurnir leggja meira af mörkum. Lánsfé er oft á sjó til átta prósentu vöxtum. Eftir því sem lánsfé er herra hlutfall af kaupunum því herra verð er hægt að borga við kaupin,“ segir Jens að lokum.

### Kontakt fyrirtækjaráðgjöf

Eigendur: Brynhildur Bergþórsdóttir, rekstrarhagfræðingur ásamt fleirum.  
Starfsmenn: 5.  
Höfuðstöðvar: Suðurlandsbraut 4.



**Talstöðin**  
FM 90,9

## ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oft á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Fréttablaðið/GVA

**KONTAKT FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF** „Ástæðan fyrir því að menn kaupa fyrirtæki er auðvitað sú að það er hagkvæmara en að stofna þau frá grunni,“ segir Jens Ingólfsson, rekstrarhagfræðingur hjá Kontakt fyrirtækjaráðgjöf.

## BESTA RÁÐIÐ

# Heiðarleiki eini kosturinn

Tómas Tómasson, athafnamaður með meiru og aðaleigandi Hamborgarabúllu Tómasar, þrífst á fleygum setningum og máltækjum. Ein þeirra setninga sem eru í miklu uppáhaldi hjá honum er höfð eftir Vince Lombardi, goðsagnakenndum þjálfara í amerískan fótboltanum: „Heiðarleiki er ekki besti kosturinn. Heiðarleiki er eini kosturinn.“

Árið 1985, í upphafi ferils Tómasar, brá hann sér til London til að sinna viðskiptaerindum. Í leiðinni heimsótti hann þónokkrum sinnum bílasölu sem seldi notaða Rolls Royce- og Bentley-bíla því hann hafði augastað á '68 árgerð af Bentley sem

þar var til sölu. Eigandi bílasöluunnar var virðulegur eldri maður að nafni Frank Dale sem hafði verið í viðskiptum í áratugi. Frank þessi átti meðal annars hinn gullna Rolls Royce í kvikmyndinni Goldfinger sem margir kannast við. Það varð úr að Tómas keypti draumabílinn og flutti inn til Íslands, þann fyrsta sinnar tegundar á landinu. Þegar þeir Tómas voru búnir að ganga frá kaupunum bað Tómas gamla manninn að gefa sér, ungum manninum sem væri að hefja viðskiptaferil sinn, eitt heilræði. „Herra Tómasson – heiðarleiki!“ sagði sá gamli um hæl og hafði ekki um það fleiri orð. Tómas



**TÓMAS TÓMASSON** Að vera heiðarlegur er dýrmætasta heillaráð sem honum hefur verið gefið.

segir að því meira sem hann hugsi um þetta heilræði og eftir því sem tíminn líði geri hann sér betur grein fyrir því hversu dýrmætt það er. „Það er svo mikilvægt að manni sé treyst í viðskiptum því það tekur mörg ár að byggja upp traust en aðeins nokkrar sekúndur að brjóta það niður.“ - hhs

# Við svörum í símann!



**Fraktlausnir**  
Flutningar án landamæra



Skútuvegur 1e · Sími 5 200 600 · frakt@frakt.is · www.frakt.is



# Nýr fjármálaráðherra

Árni Mathiesen tók við embætti fjármálaráðherra á ríkisráðsfundi í gær. Mikið mun mæða á honum á næstunni þar sem hans fyrsta verk verður að leggja fram fjárlagafrumvarpið í upphafi þings nú í byrjun október. Mikill þrýstingur er á ríkisstjórnina að taka virkari þátt í að halda verðbólgu í skefjum með því að slá á eftirspurnina og þannig aðstoða Seðlabankann við framkvæmd peningamálastefnunnar. Því hefur verið sett fram sú skoðun að skera þurfi niður ríkisútgjöld. Hvort af því verði kemur í ljós þegar fjárlagafrumvarpið verður lagt fram.



# Nýjung frá Símanum

OpenHand er komið í farsíma.

Síminn hefur sett á markað OpenHand fyrir farsíma sem hentar viðskiptavinum fyrirtækisins í atvinnulífinu. Þeir eiga þess nú kost að geta sótt bæði nýjan og eldri tölvupóst auk þess sem þeim stendur til boða að uppfæra dagbók og tengiliði. Í tilkynningu frá Símanum segir að einn höfuðkostur OpenHand sé sá að lausnin virki á ferða- og lófatölvur (PDA) og nýja kynslóð farsíma, snjallsíma, frá öllum helstu símaframleiðendum heims, og því þurfi ekki að nota sérframleidd tæki.



Kerfið vinnur með öllum helstu tölvupóstkerfum, til dæmis MS Exchange, Lotus Domino og IMAP póstkerfum. Mikið er lagt upp úr öryggi þess og eru öll samskipti símans við miðlarann dulkóðuð auk þess sem gögnin sjálf eru ekki geymd í símanum. Notandinn fær svo aðgang að gögnunum eftir þörfum. Ef tæki týnist eða því er stolið þá eru viðkvæm gögn ekki í hættu. Í tilkynningunni segir enn fremur að OpenHand hafi verið í notkun hérlandis í tvö ár og eru notendur þess mörg hundruð. Tölvudeild Landsbankans hefur meðal annars valið kerfið vegna stífra öryggiskrafna bank-

## Það er til skynsamari leið til að afrita gögnin

### SecurStore – sjálfvirk, örugg netafritun

SecurStore afritunarlausnin er örugg afritunar- og endurheimtarþjónusta fyrir netkerfi fyrirtækja og stofnana. SecurStore geymir öll gögn fyrirtækisins í öruggri gagnamiðstöð og tryggir um leið hraðvirka endurheimt þeirra.

- Engar spólar
- Enginn stofnkostnaður
- Háþróuð dulkóðun
- Hröð endurheimt gagna
- Vöktun 24/7

Microsoft CERTIFIED Partner

575 9200 | [www.securstore.is](http://www.securstore.is)

SECURSTORE  
BUSINESS BACKUP GUARD

# INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

EITT  
EINN  
EINN  
EINU  
FÆRRA

FYRIRTÆKI  
GJALDMIÐILL  
REIKNINGUR  
ÁHYGGJUEFNINU

### Innflutningshraðsendingar DHL auðvelda innflutning

Innflutningur hefur venjulega í för með sér fjölmörg símtöl, marga reikninga, fleiri en einn gjaldmiðil og mörg höfuðverkjarköst. En ekki með innflutningshraðsendingum DHL. Allt sem þarf er eitt símtal. Við sjáum um restina, allt frá því að sækja vöruna, þangað til við afhendum hana viðtakanda. Auk þess færðu fullt verð uppgæfið fyrirfram. Og aðeins einn reikning í íslenskum krónum. Engu skiptir hvort þú ert að flytja inn þungan farm frá Sjanghæ eða sýnishorn frá San Francisco, þú getur alltaf treyst á DHL.

Kannaðu málið á [dhl.is](http://dhl.is) eða í síma 535 1100.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Aðkoma einkaframtaks að tónlistarhúsinu er ánægjuleg:

## Fjárfestingartækifæri í menningunni

**Hafliði Helgason**

Hún hefur ekki verið þrautalaus sú ganga sem íslenskt tónlistar-fólk hefur gengið á leið sinni til þess að eignast alvöru tónleikasal.

Hér hefur um langt skeið verið starfandi sinfóníuhljómsveit sem hefur tekið stórstígun framförum, svo undrum sætir í ekki stærra samfélagi. Sá hljómur og list þessarar frábæru framvarðasveitar íslenskra tónlistarmanna hefur þó aldrei notið sín til fulls hér á landi. Þar hefur þurft ferðalög til og heimsóknir í tónlistarhús erlendra borga.

Það er því mikið gleðiefni að nú styttest í að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði búin sú aðstaða og sú listræna umgjörð sem hæfir metnaði hljómsveitarinnar og hinni dýru list. Niðurstaðan er glæsileg bygging sem efalaust mun verða eitt af kennileitum borgarinnar til langrar framtíðar. Það er mikið gleðiefni.

Tónlistarhús hefur lengi verið efst á óskalista þeirra sem telja að það skipti miklu fyrir sjálfsmynd okkar og þroska að hlúa vel að menningarstarfsemi. Verkefnið var árum saman á könnu hins opinbera og fjárhagslega veikburða áhugahóps sem lagði mánaðarlega inn á reikning til að þessi langþráði draumur um musteri tónlistargöðjunnar mætti verða að veruleika. Nú hefur það tekist með sameiginlegu átaki einkaaðila og opinberra og niðurstaðan er bygging sem hýsir hótél og aðstöðu fyrir ráðstefnur og hljómlist.

Síðasti sprettur þessa stórvirkis hefur gengið vel og flest sem bendir til þess að hægt verði að njóta fagurrar og vel fluttrar tónlistar í húsinu árið 2009. Vandséð er að þessi draumur hefði orðið að veruleika svo snemma nema af því að það tókst að virkja einkafram-takið til verksins.

Undanfarin ár hefur nokkur fjöldi Íslendinga efnast verulega. Margir þeirra eru ungt fólk sem nýtir enn sem komið er alla sína fjármuni til að byggja upp og sækja fram. Sá tími kemur hins vegar að menn sjá fyrir endann á lífsverki sínu. Ríkidæmið er ekki markmið í sjálfru sér, heldu afl þeirra hluta sem gera skal. Það er því líklegt að margir þeir sem efnast hafa vel muni sýna því áhuga að láta gott af sér leiða í samfélaginu með myndarlegum framlögum til líknarmála, lista, íþróttar og menningar.

Verkefnin eru næg. Listaháskólinn er á hrakhólum og einhvern tíma í framtíðinni munum við eignast óperuhús. Þar fyrir utan kreppir skórinn víða í heilbrigðismálum og í félagslegum vandamálum. Verkefnin eru næg og einkaaðili með ríkan vilja til að láta gott af sér leiða getur komið hlutum hraðar og betur í verk en opinberir aðilar.

Hinu mega menn ekki gleyma að þótt hús séu mikilvæg, skiptir meira máli hvað fer fram í þeim. Áhugi virðist vaxandi á því að styrkja og efla lifandi menningarstarfsemi, enda er það einu sinni svo að menningar- og menntunarstig ræður mestu um almenna farsæld og hvort þjóðin getur af sér afreksfólk. Sama á hvaða sviði það er.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is  
hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is

### FRÉTTIR Á MAR.IS

*Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er bjartsýnn um að illvígum deilum um sjávarútveginn linni*

*Fiskistofa til Hafnarfjarðar um miðjan desembermánuð*

*Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra vill samræma starf stofnana sem vinna í matvælaeftirliti*

*Flugrekstrardeild Landhelgisgæslunnar fær EASA-vottun*

*Friðun viðkvæmra hafsvæða nauðsynleg til að vernda kóral á hafsbotni*

Fréttir  
Markaðstorg  
Þjónustuflokkar  
Sjómannafélög

**mar.is**  
Sérvefur um sjávarútveg

# Hljóðleg bylting

Hljóðleg bylting er að eiga sér stað á Íslandi í menningar- og velferðarmálum. Fjárfestingar og bein framlög einstaklinga og fyrirtækja til þessara mála-flokka hafa aukist gríðarlega á örfáum árum.

Á síðustu 2-3 árum hafa borist nokkuð reglulega fréttir af stofnun margvíslegra styrktarsjóða eða beinum framlögum fyrirtækja og eigenda þeirra til menningar og lista og velferðarmála. Einstök framlög sem nema 100-300 milljónum til annaðhvort sérstakra sjóða eða til beinna verkefna eru ekki óalgeng. Áætla má að framlög þeirra tíu fyrirtækja og eigenda þeirra sem mest hafa lagt af mörkum hafi numið allt að 3-4 þúsund milljónum á síðustu árum.

Þá má segja að fyrirhuguð uppbygging tónlistar- og ráðstefnuhúss marki enn ein tíma-mót í þessum efnunum en þeir einkaaðilar sem munu reisa þá byggingu ráðgera að fjárfesta fyrir um 3 þúsund milljónir í húsinu á næstu þremur árum. Það er líklega stærsta einstaka fjárfesting einkaaðila í menningu hérlandis.

Því má gera ráð fyrir að áætlanir um framlög eða fjárfesting stærstu fyrirtækja landsins og eigenda þeirra til menningar- og velferðarmála nemi að minnsta kosti 6-7 þúsund milljónum á árunum 2003-2009. Hefði síðan menningarsjóður SPRON orðið að raunveruleika hefði landslagið hér í menningarmálum breyst enn meira hvað þetta varðar en sá sjóður hefði haft 5-6 milljarða

### ORÐ Í BELG

**Pór Sigfússon**  
framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráðs  
Íslands



til ráðstöfunar.

Í mennta- og heilbrigðismálum hefur þróunin orðið hægari. Þó má benda á að frjáls samtök lögðu til 300 milljónir í hlutafé til Háskólans í Reykjavík fyrr á þessu ári sem er líklega eitt hæsta framlag einkaaðila til menntamála hérlandis. Í mennta- og heilbrigðismálum eru mýmörg tækifæri vannýtt þar sem einkaaðilar og opinberir aðilar geta tekið höndum saman. Þau tækifæri á að nýta. Í fyrsta lagi má nýta einkaframkvæmd við uppbyggingu á Landspítalalóðinni og taka mun stærri skref í þeirri uppbyggingu en ráð er fyrir gert með því opinbera fé sem til ráðstöfunar er. Í öðru lagi eiga opinberir aðilar að skoða hvernig auka megi sjálfstæði grunnskóla og framhaldsskóla þannig að þessir aðilar fái aukna hvata til að leita eftir samstarfi við öflug fyrirtæki og áhugasama einstaklinga um fjárfestingar og einstök verkefni. Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Verzlunarskóli Íslands hafa verið í fararbroddi við að afla fjár frá fyrirtækjum til uppbyggingar sinnar. Stór verkefni eins og uppbygging Listaháskóla Íslands í miðborginni eða framtíðarverk-

efni á borð við lítinn og sérhæfðan einkaviðskiptaháskóla á Austurlandi gætu verið dæmi um verkefni þar sem einkaaðilar leggja til umtalsvert eigið fé, hugvit og reynslu í rekstri. Sömu aðferðum má án efa einnig beita í grunn- og framhaldsskólum ef sjálfstæði þessara skóla er aukið. Í þriðja lagi þarf að nýta samkeppni við frekari uppbyggingu heilsugæslu, hjúkrunarheimila og sérhæfðrar lækningar- og hjúkrunarþjónustu.

Ástæða þess að fyrirtæki sýna velferðar-, mennta- og menningarmálum vaxandi áhuga er án efa sú að fyrirtæki og einstaklingar hafa aukið fjárhagslegt svigrúm og þau skynja að samkeppnisstaða Íslands ræðst einnig af því hvernig okkur tekst að hlúa að þeim systkinum mann-úð og markaði.

Um leið og viðskiptalífið sýnir aukinn áhuga á því að taka þátt í velferðar- og menningarmálum þurfa stjórnvöld að skynja þau tækifæri sem þarna bjóðast. Mest öll umræða um opinberan rekstur hefur snúist um gjaldahliðina – hvernig draga megi úr útgjöldum. Sú umræða er brýn. Hins vegar þurfa stjórnvöld að skoða hvernig hugsanlegt er að upphugsa nýjar leiðir til að fjármagna verkefni með samstarfi við einkaaðila og frekari hvata fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að leggja ýmsum velferðar-, mennta- og menningarmálum lið. Í þeim efnunum þarf uppfinningasama stjórnmalamenn sem vilja líta fordómalaust á nýja möguleika í samstarfi einkaaðila og hins opinbera.

**Mest öll umræða um opinberan rekstur hefur snúist um gjaldahliðina – hvernig draga megi úr útgjöldum. Sú umræða er brýn. Hins vegar þurfa stjórnvöld að skoða hvernig hugsanlegt er að upphugsa nýjar leiðir til að fjármagna verkefni með samstarfi við einkaaðila og frekari hvata fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að leggja ýmsum velferðar-, mennta- og menningarmálum lið.**



### UM VÍÐA VERÖLD

#### Á hægri leið

**Economist** | Eftir að 26 ára löngu tímabili borgarastyrjaldar lauk fyrir þremur árum mjakast Afríkuríkið Angóla til aukinnar velsældar að mati Economist. Angóla, sem er næstmesti olíuframleiðandi Afríku, framleiðir um eina milljón tunna á dag og er talið að framleiðslan muni tvöfaldaðast til ársins 2008. Olían leggur til um helming af þjóðarframleiðslunni en með hækkandi olúverði hafa tekjur ríkisins aukist. Á síðasta ári óx hagkerfið um tólf prósent og erlendir fjárfestar streyma til landsins sem aldrei fyrr. Þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst við það að hemja verðbólgu, sem enn telst vera óðaverðbólga, og fjárlagahalli hafi minnkað, eru hendur stjórnvalda bundnar við frekari uppbyggingu. Þjóðin er skuldbett og stór hluti framtíðartekna af olíuframleiðslu hefur verið sleginn út á krít. Misskipting auðs er enn mikil, þar sem 70 prósent þjóðarinnar lifa í sárri fátækt, auk þess sem spilling er landlæg.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSDÓRI: Hafliði Helgason RITSDÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjalmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSDÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. **ADALSIÐIR:** 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) og [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) VEFFANG: [mar.is](http://mar.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

#### Veiki maðurinn, sterki maðurinn

**Financial Times** | Financial Times veltir því fyrir sér hvort Ítalía hafi tekið við af Þýskalandi sem veiki maðurinn í Evrópu. Í kjölfar afsagnar fjármálaráðherrans Domenico Siniscalco er útlitið í ítölsku efnahagslífi allt annað en bjart og ekki bætir úr skák að staða ríkisfjármála er í lamasessi. Margir evrópskir kollegar Domenico töldu að hann væri sterki maðurinn til að takast á við efnahags-samdráttinn og berjast gegn auknum ríkisútgjöldum sem óhjákvæmilega munu fylgja í aðdraganda þingkosninga á næsta ári. Meðal annars var það álit manna innan Evrópusambandsins að hann væri rétti maðurinn til að koma fjárlagahalla ítalska ríkisins undir þrjú prósent fyrir árslok 2007 sem er krafa af hálfu sambandsins. Hagfræðingar innan Alþjóða gjaldeyrissjóðsins eru nú uggandi yfir minnkandi framleiðni og hærri framleiðslukostnaði í ítölskum iðnaði.



# Krónan og skuldabréfin í kastljósinu

Greiningardeildir bankanna horfa enn mikið til skuldabréfa-útgáfu erlendra aðila í íslenskum krónum. Vel er fylgst með krónunni, en hún hefur veikt síðustu daga eftir talsverða styrkingu. KB banki fjallaði um gengi krónunnar á mánudag: „Mikil viðskipti voru með krónur á gjaldeyrismarkaði í dag og veiktist krónan um 0,75%. Þannig hefur krónan gefið aðeins eftir frá því í síðustu viku þegar hún náði lokagildinu 104,9 sem er sterkasta lokagildi frá opnun gjaldeyrismarkaðar árið 1993. Svo virðist sem innlendir aðilar hafi í auknum mæli verið að taka stöðu á

## ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

móti krónunni í morgun sem bendir til þess að þeir hafi metið það svo að krónan sé nálægt sínu hæsta gildi og að líkur hafi vaxið á gengislækkun. Útgáfa Peningamála er áætluð næsta fimmtudagi og í kjölfarið má vænta vaxtahækkunar. Greiningardeild spáir um 50 punkta hækkun stýrivaxta af því tilefni sem er í samræmi við þær væntingar markaðsaðila og telja má líklegt að markaðsaðilar hafi svipaðar væntingar um vaxtabreytingar. Hins vegar hefur reyndin verið sú að töluverð tíð-

indi hafi átt sér stað á gjaldeyrismarkaði við síðustu þrjá útgáfudaga Peningamála. Ástæðan er einkum sú að Seðlabankinn kom markaðnum á óvart með vaxtabreytingum sínum sem leiddu líklega til þess að vaxtavæntingar markaðsaðila hliðruðust til. Krónan hefur hafið hækkunar-

leitni – líkt og gerðist í desember 2004 og júní 2005 – eða lækkunarleitni – líkt og gerðist í mars 2004. Af þessu má líklega einnig vænta nokkurs taugatitnings í vikunni á gjaldeyrismarkaði,“ segir greiningardeild KB banka. Gengi krónunnar hefur áhrif á erlenda skuldabréfaútgáfu.

Greining Íslandsbanka segir veikingu krónunnar hvetjandi. „Það má allt eins búast við því að útgáfan haldi áfram ekki síst í ljósi þess að með væntanlegri vaxtahækkun Seðlabankans á fimmtudag mun munur á innlendum og erlendum skammtímavöxtum aukast enn frekar. Einnig virðist það hafa hvetjandi áhrif á útgáfu í hvert sinn sem krónan gefur eilítið eftir.“

**Það má allt eins búast við því að útgáfan haldi áfram ekki síst í ljósi þess að með væntanlegri vaxtahækkun Seðlabankans á fimmtudag mun munur á innlendum og erlendum skammtímavöxtum aukast enn frekar.**

## SPÁKAUPMAÐURINN

### Pálminn í höndunum

Jæja, maður hefur varla getað einbeitt sér að framsýnum fjárfestingarákvörðunum þessa dagana meðan maður er agndofa yfir þessu bévítans Baugsmáli.

Þetta mál gerir ekkert annað en að trufla markaðinn og það sem skiptir máli fyrir okkur hér á Íslandi sem er að sjálfsögðu að græða peninga. Ég vona að Jón Ásgeir láti þetta ekki trufla það sem hann er að gera. Hann er náttúrulega komin með puttana í FL Group og ég vil fara að sjá smá aksjón þar. Kaup á Sterling og svo farið í easyJet af fullum krafti. Það myndi klárlega setja kraft í markaðinn sem hann þarf á að halda núna.

Það er allt í lukkunnar velstandi og fáránlegt að þjóðin fari á taugum og fyllist þunglyndi út af kvennamálum og klúðri því tengdu. Ég er nú frekar íhaldsamur í þessum efnum, þegar ég er hér á landi, en það sem maður gerir í útlöndum er svo önnur saga. Þar þekkir mann enginn.

Allavega spái ég því að FL Group klári þessi kaup á Sterling innan mánaðar. Pálmi er greinilega með pálmann í höndunum og ótrúlega brílljant af honum að kaupa þetta danska drasl og búa til úr því alvöru söluvöru.

Menn á markaðnum hafa lengi verið að spá því að skýrari mynd fari einnig að koma á aðkomu FL Group og Baugs í Íslandsbanka. Menn voru að bræða þetta með sér fyrripart sumarsins, en það er mikið að gera hjá mörgum þessa dagana og erfitt að átta sig á hvenær menn klára það mál. Karl Wernersson ætlar örugglega ekki að lina tökin í Íslandsbanka og nýta Bjarna til að keyra bankann áfram. Bankinn er á leið í nýtt húsnæði í London og manni skilst að þeir séu mjög hamingjusamir með Noreg – hvernig sem það er nú hægt.

Svo bíður maður eftir að Landsbankinn kaupi eitthvað stórt og að Straumur fari á fullt með öllu því afli sem það batterí ræður yfir. Það er því engu að kvíða ef fólk sekkur sér ekki niður í svartagallsruglið.

Spákaupmaðurinn á horninu

## Fólksbílar

-  Toyota Yaris
-  VW Polo
-  Ford Focus sjálfskiptur
-  Renault Megane Station
-  Toyota Corolla
-  Kia Magentis

Aðrir bílar í fólksbílaflokk: Kia Cerato sjálfskiptur, Subaru Legacy sjálfskiptur.

## Jeppar


-  Toyota Rav4
-  Suzuki Grand Vitara
-  Hyundai Santa Fe
-  Mitsubishi Pajero Sport
-  Kia Sorento EX


|                                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                       |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                          |                                                                                                  |                                                                                  |                                                                                                  |
| <b>50 km á dag</b><br>Innifalið í verði er 50 km akstur á dag og kaskótrygging með 80.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á. | <b>Ótakmarkaður akstur</b><br>Innifalið í verði er ótakmarkaður akstur og kaskótrygging með 80.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á. | <b>50 km á dag</b><br>Innifalið í verði er 50 km á dag og kaskótrygging með 150.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á. | <b>Ótakmarkaður akstur</b><br>Innifalið í verði er ótakmarkaður akstur og kaskótrygging með 150.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á. |

## Budget bílaleiga: Einfalt val.

Budget bílaleiga, sími 562 6060, Vatnsmýrarvegi v/BSÍ, 101 Reykjavík, [www.budget.is](http://www.budget.is)  
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstöðum, Þórshöfn og Bakkaflugvelli.







**Íslensk list - fyrir alla**  
Skiptiholti 50d | s: 581 4020



AURASÁLIN

# Innvígsla og innmúrun

**Aurasálin hefur alltaf** kunnað þá list að afmá fingraför sín af hverjum þeim hlut sem vera má að komi henni í koll ef upp kemst. Enda eru þeir ekki margir í samfélaginu sem hafa áttað sig á því hversu mikið hreyfiafl í íslensku viðskiptalífi Aurasálin í raun er. Aurasálin hefur þar að auki haft það að sið að tala aldrei við nokkurn mann í gegnum síma eða tölvupóst og umengst aðeins fólk sem er eins innmúrað, innvígt og innvinklað og frekast má hugsa sér. Tryggð vina Aurasálarinnar nær út fyrir gröf og dauða og er algjörlega ófrávikjanleg á allan hátt.

**Til þess að verða** vinur Aurasálarinnar og hljóta innvígslu í tryggðahring hennar þurfa menn að uppfylla fjölmörg skilyrði sem ekki eru á margra færi. Hið erfiðasta skilyrði er vitaskuld innmúrunin sjálf sem reynir verulega á hollustu við Aurasálinu og andlega getu.

**Vinir Aurasálarinnar**, sem vilja hljóta ótakmarkað traust hennar þurfa nefnilega að dveljast innmúraðir í tömu herbergi undir skæru ljósi í þrjá sólarhringa og þylja upp tryggðaeið við Aurasálinu í sífellu. Á sextíu mínútna fresti fá þeir rafmagnsstuð sem eykst að styrkleika eftir því sem tíminn líður og er boðið að losna undan sársaukanum ef þeir aðeins afneita Aurasálinni. Þeim eru svo sagðar ýmis konar lygar um Aurasálinu og gefið er í skyn að Aurasálin muni á endanum svíkja þá.

**Peir sem standast** þetta próf og afneita ekki Aurasálinni teljast vera innvígðir og innmúraðir.

**En valdamenn** þurfa að fara varlega. Aurasálin hefur til að mynda ráðlagt vinum sínum að nota aldrei nafn Aurasálarinnar við nokkurn mann, og sérstaklega ekki í rekjanlegum samskiptum sem óprúttir kaupahéðnar og götustrákar geta svo snúið á haus og notað gegn Aurasálinni og vinum hennar. (Það skal tekið fram að þegar Aurasálin ráðleggur þá er alltaf farið eftir þeim ráðleggingum undanbragðalaust).

**Þá hefur Aurasálin** alltaf gefið það í skyn við vini sína að þeir ættu aldrei nokkurn tímann að láta þess ófreistað að gleðja Aurasálinu með því að ráðast að óvinum hennar eða gera þeim lífið erfiðara. (Það skal tekið fram að þegar Aurasálin gefur eitthvað í skyn við vini sína þá leitast vinir hennar undantekningar- og undanbragðalaust við að uppfylla vilja hennar).

**Það vill þó svo til** að Aurasálin er almennt mjög geðgóð og kristileg í hugarfari og því ætti enginn að þurfa að óttast reiði hennar. En besta leiðin til að forðast hana er vitaskuld að gera það sem Aurasálin vill.

# Úr gullgreftri í samheitalyf

Mark Keatley er með fjölþætta reynslu af fyrirtækjarekstri um víða veröld, meðal annars hjá Ford Motors, gullnámufyrirtæki, líftækni og lyfjaiðnaði. Hann stýrir nú fjármálum Actavis. Hafliði Helgason hitti hann og ræddi reynsluna, söguna og framtíð Actavis.

Mark Keatley er nýkominn í hóp helstu stjórnenda Actavis. Hann var ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs í lok sumars. Hann hefur mikla reynslu af fjármálastjórn og einnig af fyrirtækjum í heilbrigðisgeiranum. Hann var stofnandi og fjármálastjóri Ardana Bioscience og fjármálastjóri lyfjaframleiðslufyrirtækisins Famar síðustu þrjú ár áður en hann gekk til liðs við Actavis nú síðla sumars. „Samheitalyfjageirinn er sá geiri iðnaðarins sem vex hvað hraðast og hagnaðarvonin góð. Menn verða hins vegar að vita hvað þeir eru að gera. Við verðum að vera fljótir að þróa lyfin, standa vel að markaðssetningu þeirra og gæta hagkvæmni í framleiðslunni. Actavis gerir þetta allt vel,“ segir Mark. „Kostnaðarahlald í rekstri fyrirtækis eins og Actavis þarf að vera varanlegt, því í þessum geira má búast við að verð muni lækka. Kostnaðurinn þarf að vera lágur frá byrjun og halda áfram að lækka. Actavis hefur góða sögu í þessum efnum og það birtist meðal annars í því að félagið hefur nýverið fengið 600 milljóna evra sambankalán á góðum kjörum.“ Það gera 45 milljarðar íslenskra króna.

## ENDURTEKNING SÖGUNNAR

Mark vann um tíma í Afríku og þekkir vel að vinna á ólíkum efnahagssvæðum og að meta áhættu í mismunandi gjaldmiðlum. „Ég hef verið 25 ár í alþjóðlegum fjármálum og í samanburði viði staði sem ég hef unnið á þá er það að vinna hjá Actavis sem er með starfsemi í víða um heim ekki framtandi. Það sem skiptir mestu í fjármálastjórn er að upplýsingarnar séu nákvæmar, á réttum tíma og innihald þeirra hjálpi stjórnendum við ákvarðanir, auk þess að gefa hluthöfum, bönkum og greiningaraðilum glögga mynd af rekstrinum.“

Mark Keatley er löggiltur endurskoðandi í Bretlandi, með MBA-gráðu frá Stanford, auk menntunar í alþjóðasamskiptum og sögu. „Fyrsta háskólagráðan mín er í sögu. Þar lærði ég mikilvægan hlut sem er að þeir sem ekki kunna söguna eru dæmdir til að endurtaka hana. Það er því mikilvægt að þekka fortíðina og læra af mistökum annarra til þess að forðast að gera þau sjálfur í framtíðinni.“

## LÆRDÓMUR HJÁ FORD

Reynslan er líka góður kennari og Mark hefur víðtæka reynslu meðal annars af því að skrá fyrirtæki á markað. „Ég varði fyrstu tíu árum starfsævinnar í að verða mér út um þá þekkingu sem þarf til að verða góður fjármálastjóri og hef sinnt því starfi síðan. Ég vann fyrir framleiðslufyrirtæki eins og Ford Motor og ég get sagt þér að það eru ekki mörg fyrirtæki sem standa Ford fram- ar þegar kemur að kostnaðarhagkvæmni. Ég lærði mikið þar sem hægt er að nýta í hvaða rekstri sem er.“ Síðan tók við ferill í banka- starfsemi sem færði honum þá reynslu sem á vantaði til að takast á hendur fjármálastjórn fyrirtækis. „Ég fór að vinna sem fjár-



MARK KEATLEY Auk góðrar menntunar og reynslu af fjármálastjórn er Mark með próf í sögu. Hann segir að þeir sem ekki kunni söguna séu dæmdir til að endurtaka hana.

málastjóri hjá gullnámufyrirtækinu Ashanti Goldfield í Ghana. Okkur tókst að skrá það fyrirtæki á markað, fyrst í kauphöll í London og síðan á New York Stock Exchange. Það var fyrsta afríska fyrirtækið sem skráð var á markaðinn í New York. Skráningin gaf okkur tækifæri til að taka yfir önnur fyrirtæki. Fyrirtækið varð eitt af tíu stærstu gullnámu- fyrirtækjum heims. Það varð

til þess að við drógum að lokum að okkur þá mikla athygli að Anglo Gold í Suður- Afríku keypti okkur og sameinaði sinni starfsemi,“ segir Mark og bætir við að með þessum góða árangri hafi hann unnið sig út úr starfinu.

## ÁHUGI Á HEILBRIGÐISMÁLUM

„Börnin voru komin á þann aldur og á það skólastig að okkur fannst tímabært að flytja aftur til Evrópu. Fyrir utan starfið hef ég haft mikinn áhuga á heilsu og heilbrigðisþjónustu í víðustum skilningi. Konan mín er læknir og mikið af læknum í fjölskyldunni. Það lá því beint við að ég færi í eitt- hvað tengt þessu áhugamáli mínu. Ég var einn stofnenda líftæknifyrirtækis sem við skráðum á markað.“ Þaðan lá leiðin í lyfjaframleiðslu þar sem Mark komst í kynni við Actavis.

Actavis hefur gefið út að fyrirtækið stefni að erlendri skráningu. Það liggur því

beint við að spyrja Mark hversu mikilvæg slík skráning sé fyrir framtíð fyrirtækisins að skrá sig á annan markað. „Í fyrsta lagi þá tel ég að fyrirtækið búi að því að vera skráð á íslenska markaðnum. Hér eru fagfjárfestar og fagleg greining á fyrirtækinu. Við erum í fremstu röð og félagið hefur innleitt alþjóðlega staðla í reikningsskilum og stjórnun fyrirtækisins. Eftir því sem fyrirtækið vex á alþjóðamarkaði kemur að þeim tímapunkti að það er rökrétt að skrá félagið í erlenda kauphöll meðal annars til að tryggja auknið aðgengi að fjármagni. Þar liggur beinast við að horfa til New York og London, án þess að nokkuð hafi verið ákveðið í þeim efnum. Hvort og þá hvenær er ekki mitt að ákveða og mun ráðast af framvindu rekstrarins og mestu máli skiptir að velja bestu tímasetninguna fyrir hluthafa félagsins.“ Mark segir skráningu á markað hafa orðið flóknari eftir hneykslismál sem hafi orðið til þess að regluverk á mörkuðum hafi oft farið út í öfgar. „Það skiptir því miklu í skráningarferli sem og öðru að vanda vel allan undirbúning.“

## HÁDEGISVERÐURINN

### Með Mark Keatley

framkvæmdastjóra  
fjármálasviðs Actavis

### Hádegisverður fyrir tvo á Vox

Hádegishlaðborð

Drykkir  
Trönuþerjasafi  
Vatn  
Alls 5.200 krónur



## BÖRNIN BETRI Á SKÍÐUM

Vinnustaður Marks er í Hafnarfirði, en fjölskyldan býr í London. Starfinu fylgja mikil ferðalög og fjarvistir frá fjölskyldu. Hann segir það spurningu um skipulagningu að geta varið tíma með fjölskyldunni. „Sem betur fer hefur fjölskyldan mín gaman af að ferðast og ég vonast til að þau komi hingað og sjái það sem landið hefur upp á að bjóða.“

Áhugamálin eru einnig sameiginleg hjá fjölskyldunni. „Ég er mikill áhugamaður um vetraríþróttir og útivist, þannig að því leytinu er ég á réttum stað. Ég hef gaman af skíðum og skíðagöngu og vonast til þess að geta notað frítímann hér í að stunda það. Börnin mín deila þessu áhugamáli með mér og eru miklu betri á skíðum en ég,“ segir hann og hlær.



# Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • [humarhusid.is](http://humarhusid.is)





# Jákvæð niðurstaða fyrir álver í Helguvík

Öll skilyrði fyrir álver hagstæð.

Könnun sem fulltrúar Norðuráls, Reykjanesbæjar og Hitaveitu Suðurnesja létu framkvæma um ýmsa þætti fyrirhugaðs álvers í Helguvík, bendir til þess að mjög hagstæð skilyrði séu fyrir álver á þeim stað þar sem áætlað er að reisa álverið. Meðal þeirra þátta sem kannaðir voru, eru orkuðöflun, umhverfisskilyrði og aðstaða fyrir álverið. Það var verkfræðistofan Hönnun hf. sem framkvæmdi könnunina.

Meðal þess sem fram kemur í könnuninni er að hafnarskilyrði í Helguvík séu mjög ákjósanleg. Hægt sé að byggja um 250 þúsund tonna álver á núverandi iðnaðarsvæði í Helguvík þannig að öllum umhverfisskilyrðum sé fullnægt. Einnig kemur fram að með því að teygja byggingarsvæði aðeins til norðurs frá skipulögðu iðnaðarsvæði séu stækkunarmöguleikar enn meiri. Og síðast en ekki síst kemur fram að fyrstu athuganir á flutningsleiðum fyrir raforku gefi jákvæð fyrirheit.

Niðurstöður könnunarinnar hafa verið kynntar fyrir forsvarsmönnum þeirra sem létu framkvæma könnunina.

Áhersla er lögð á að fyrirhugað álver trufli ekki núverandi íbúabyggð í nágrenni við Helguvík og benda fyrstu rannsóknir til þess að það standist allar um-



TEIKNING AF ÁLVERI Í HELGUVÍK Svona gæti álver í Helguvík lítið út ef það verður að veruleika.

hverfiskröfar sem gerðar eru til þess.

Hitaveita Suðurnesja á að tryggja orku fyrir verkefnið en áður hefur komið fram að mögulegt sé að Hitaveitan þurfi að leita til annarra orkufyrirtækja, svo sem Orkuveitu

Reykjavíkur eða Landsvirkjunar, til þess að afla nægilegrar orku í verkefnið. Gert er ráð fyrir því að ef af byggingu álversins verði, að álframleiðsla geti hafist á árunum 2010-2015 en framkvæmdir gætu hafist jafnvel á árinu 2007. - hb

## SPK og HK gefa út kort

Sparisjóður Kópavogs og íþróttafélagið HK hafa gert með sér samning um útgáfu á HK-kortum. Kortin eru bæði debetkort og hraðbankakort og eru kortin einkum ætluð fyrir yngra fólkið en þau gilda einnig sem félagsskírteini og á alla heimaleiki hjá HK.

Sparisjóður Kópavogs er nú aðalstyrktaradili allra deilda og flokka HK og mun niðurgreiða æfingagjöld yngri iðkenda hjá félaginu. Í hvert skipti sem greitt er með kortinu, rennur ákveðinn hluti fjárhæðarinnar beint til HK. Kortin standa öllum félagsmönnum til boða.



HK-KORTIÐ Í hvert sinn sem greitt er með kortinu, rennur tiltekin upphæð til HK.

ER ÞITT FYRIRTÆKI

## SÝNILEGT?



**BROS**  
AUGLÝSINGAVÖRUR  
- með þínu merki

Bros sérhæfir sig í sölu og merkingum á fatnaði, auglýsingavörum og fánum

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 581 4141 • WWW.BROS.IS

# Færni í fjármálum

## Ráðstefna um fjármálalæsi

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Íslandsbanki efna til ráðstefnu um fjármálalæsi föstudaginn 30. september 2005 í Háskólanum í Reykjavík kl. 13 til 17.**

Ráðstefnan er öllum opin og sérstaklega ætluð þeim sem miðla upplýsingum um fjármál til almennings, svo sem bankastarfsmönnum, viðskiptafræðingum, lögfræðingum og kennurum.

### Dagskrá

- 13.00 Dr. Þorlákur Karlsson, deildarforseti Viðskiptadeilda Háskólans í Reykjavík, setur ráðstefnuna.
- 13.10 Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Íslandsbanka: **Færni í fjármálum – hvert er hlutverk bankanna?** Almar kynnir niðurstöður könnunar um viðhorf Íslendinga til fjármála.
- 13.50 Dr. William L. Anthes, formaður samtakanna National Endowment for Financial Education: **Financial Literacy Education in the U.S.: Lessons to Be Learned/Mistakes to Be Avoided.**
- 14.40 Kaffiveitingar
- 15.10 Dr. Karen Gross, prófessor í lagadeild New York háskóla: **Understanding Overindebtedness: The Price We Pay for Non-Payment.**
- 15.50 Breki Karlsson, M.Sc. nemi við CBS: **Betur má ef duga skal – framhaldsskólanemar falla í fjármálalæsi.** Breki kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar á fjármálalæsi íslenskra framhaldsskólanema.
- 16.30 Ketill Magnússon, siðfræðingur: **Bankar sem bandamenn.** Ketill fjallar um siðferði í viðskiptum.
- 17.00 Ráðstefnu slitið.

Aðgangur er ókeypis. Að ráðstefnu lokinni er gestum boðið til móttöku.

Vinsamlegast tilkynntu þátttöku til Indu Marenar Guðmundsdóttur í síma 599 6200 eða í tölvupósti, [inda@ru.is](mailto:inda@ru.is).

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Íslandsbanki



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



ÍSLANDSBANKI | 100%





**ÍHUGULIR HAGSPEKINGAR** Yngvi Örn Kristinsson og Björn Rúnar Guðmundsson brjóta heilann jafnt og þétt um framvindu efnahagsmálanna. Margvísleg óvissa er nú uppi í efnahagsmálum og þeir félagar brjóta sennilega heilann jafnar og þéttar þessa dagana en oft áður.

## Ekki fara á taugum

Mikið fjölmenni var mætt árla morguns til að hlýða á efnahagsspá Landsbankans sem gefin var út í síðustu viku. Titill fundarins var óhefðbundinn fyrir slíka fundi og var yfirskriftin: „Ekki fara á taugum, Guðmundur.“

Salurinn sem ætlaður var undir fundinn reyndist of lítill fyrir allan fjöldann sem lét sig fundinn varða. Grípa varð því til þess ráðs að sjónvarpa fundinum í hliðarsal. Þrátt fyrir þetta

komust færri að en vildu og var fundurinn sendur út á netinu til að allir þeir sem vildu gætu fylgst með.

Frummælendur á fundinum voru Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur greiningardeildar Landsbankans og Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs bankans. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, stýrði fundinum af myndarskap.

# Frá hugmynd til markaðar

Síðastliðinn fimmtudag stóðu Samtök iðnaðarins fyrir ráðstefnunni „Frá hugmynd til markaðar“ þar sem var fjallað um nýjungar í miðlun upplýsinga og þau tækifæri sem felast í beinni markaðssókn.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, setti ráðstefnuna og sagði meðal annars að full ástæða væri til að huga að því hvernig lagaumhverfi og samkeppni ætti að vera háttað þar sem þróunin er í átt til aukinnar samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði. Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, kom einnig inn á þennan punkt og benti á að samkeppni væri erfið og þreytandi og fyrirtæki leituðu stöðugt að leiðum til að skapa sér sérstöðu á markaði. Ein leiðin væri að skapa sér vígstöðu „þar sem reynt er að ná tökum á viðskiptavininum



**HLUSTAD Á FYRIRLESTUR** Margir áhugaverðir fyrirlestrar voru á ráðstefnunni. Að fyrirlestrum loknum voru pallborðsumræður. Meðal þeirra sem tóku þátt í þeim var Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sem hér hlýðir á einn fyrirlesaranna.

og þvinga hann í nokkurs konar vistarband“.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar tvö, ræddi

stöðu og framtíð upplýsinga- og fjölmiðlagreina á Íslandi við valda viðmælendur í lok fundarins.



**NÝJUNGAR OG TÆKIFÆRI** Sólveig Hjaltadóttir, deildarstjóri söludeildar, var einn frummælenda á ráðstefnunni. Á ráðstefnunni var fjallað um nýjungar í miðlun upplýsinga og þau tækifæri sem felast í beinni markaðssókn.

## ÞÝÐINGARJÓNIISTA Boga Arnars

Enska - danska - sænska - norska - þýska

Sérhæfing í fjármálum, lögfræði, læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði

Sími 587 3690 • Fax 587 3691 • baf@centrum.is

## Símkerfi

Heildarlausnir fyrir fyrirtæki og heimili.

Við sérsníðum símkerfi að þínum þörfum

**Bodleið**

www.bodleid.is

Bodleið ehf. • Hlíðarsmári 8 • 201 Kópavogi  
Sími 535 5200 • Fax 535 5209 • bodleid@bodleid.is

## Vandaðir gjafapokar í úrvali



Eingöngu sala til fyrirtækja.

Opið frá kl. 08.00-16.00

Réttarhæsi 2 - 110 Rvk

Sími: 535-8500 • Netfang: info@fora.is



## megasól

**Ný og glæsileg sólbaðstofa er opnuð í Grafarholti við Kirkjustétt 4.**

**Opnunartilboð á 10 tíma ljósakortum**

**10 tíma morgunkort - 3900 kr**

**10 tíma mánaðarkort - 4900 kr**

**Gildir til 1. Október.**

**Opnunartími:**

**Virkir dagar: 9-23**

**Laugardagar: 9-22**

**Sunnudagar: 10-22**

**Sími 571 7171**



## FÓLK Á FERLI



**ÓMAR SVAVARSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Og Vodafone. Ómar, sem er 36 ára gamall, hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra einstaklingssviðs Sjóvá-Almennra trygginga hf., í tæplega tvö ár. Hann hefur í heild starfað hjá Sjóvá í 10 ár. Ómar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann á tvö börn og er í sambúð með Sigfríði Eik Arnardóttur, vörumerkjastjóra hjá Vífilfelli.

## VIÐ KAUP Á EGLA BRÉFABINDUM ERTU AÐ TRYGGJA MÖRGUM EINSTAKLINGUM BETRI FRAMTÍÐ

**BIC Atlantis**  
penni  
Verð 119 kr/stk



Punnu möppurnar með mjúku og hörðu baki. Þær sem allir eru að spyrja um

MÚLALUNDUR

Ljósritunarpappír 394 kr/pakningin

## FÁST Í ÖLLUM BETRI BÓKAVERSLUNUM



Teygjumöppur af öllum gerðum

**Geisladiskar** þar sem gæðin skara framúr fást í 10, 25, 50 og 100 stk einingum



Mjúkar möppur sem passa vel í bakpokann.

**PILOT FEED GP4**  
Skriflitur 4 lita  
VERÐ 296 KR

**PILOT SUPER GRIP**  
VERÐ 98 KR

**STABILO BOSS**  
Margir litir.  
Verð 89 kr/stk

Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða [www.mulalundur.is](http://www.mulalundur.is)





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KÆTTUST MEÐ ÞÓR** Jón Sigurðsson seðlabankastjóri, Agnes Bragadóttir blaðamaður, Vilhjálmur Egilsson ráðuneytisstjóri og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, samfögnuðu og kættust í útgáfuteiti Þórs Sigfússonar.

# Straumhvörfum fagnað

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, er mikill atorkumaður. Ný bók hans ber heitið Straumhvörf og fjallar um útrás íslensks viðskiptalífs. Bókin ber nafn með rentu, því slíkar hafa breytingarnar verið. Þór segir að nú sé að hefjast nýtt tímabil hnattvæðingar íslenskra stórfyrirtækja með nýjum tæki-



**ERLENDUR FJÁRFESTIR** Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, stýrir fjárfestingum félags Bakkabræðra. Hann fylgist með straumi viðskiptalífsins og mætti í boðið ásamt konu sinni, myndlistarkonunni Aðalheiði Valgeirsdóttur.



**ALLT AÐ OPNAST** Martin Eyjólfsson, Bergþóra Ketilsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson hafa væntanlega rætt sín á milli þau tækifæri sem opnari heimur viðskipta skapar fyrir íslenskt viðskiptalíf.

færum þar sem mikilvægt sé að Ísland búi sig undir að geta haldið í og laðað til sín þekkingu. Þór hvetur sem endranær til að við höldum huganum opnum og nýtum þau tækifæri sem felast í breyttum heimi. Þór hélt upp á útgáfu bókarinnar á Sólon og fékk til sín marga góða gesti sem samfögnuðu honum í tilefni af útkomu bókarinnar.



## Lausnir í fiskvinnslu til sjós og lands



### Við bjóðum eftirfarandi:

- M. 950 Hausaklofningsvél (fésvél)
- M. 900 Gellu-, kinna- og klumbuskurðarvél
- M. 850 Sundmaga- og lundavél
- M. 300 Grálúðuhousara
- M. 422 Hausapressu fyrir þurrk
- M. 310 Keflaknúsari fyrir þurrk
- M. 100 Sneiðavél fyrir þurrk (sneiðir heilan fisk og hausar)

**Smíðum færribönd, þvottakör og fleira. Önnumst uppsetningar.**

**18 ára þjónusta við fiskiðnaðinn.**

**Á. M. SIGURÐSSON ehf.**  
Hvaleyraarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður  
Sími: 565 2546 - Fax: 565 2548 - Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is

### FÓLK Á FERLI

**ROGER LAKHANI** tók nýlega við stöðu fjármálastjóra Atlantis Group. Roger, sem er 38 ára, hefur MS-gráðu í loftferða- og geimferðavísindum frá MIT og doktorsgráðu frá Tokyo Institute of Technology í geimvélaverkfræði, auk MBA-gráðu frá Instituto de Empresa frá Madrid. Hann hefur unnið hjá hugbúnaðar- og tæknifyrirtækjum í Tókió, Houston og París í stjórnenda- og millistjórnendastöðum. Roger er ógiftur og barnlaus.

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** mun 1. október taka við starfi framkvæmdastjóra reikningshalds Atlantis Group. Þórarinn er endurskoðandi og hefur starfað hjá Deloitte síðan 1997. Þar vann hann m.a. við endurskoðun, reikningshald, yfirtökur, skatta- og fjármálaráðgjöf. Þórarinn er 37 ára og er kvæntur Helenu Viggósdóttur, skrifstofumanni. Þau eiga tvö börn.

**MARTIN EYJÓLFSSON** verður framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Atlantis Group. Martin hefur starfað hjá utanríkisþjónustunni í Reykjavík og Brussel frá 1996. Þar var hann m.a. forstöðumaður Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins (VUR). Martin er 34 ára og er kvæntur Evu Þengilsdóttur, viðskiptafræðingi. Þau eiga þrjú börn.

## NJÓTTU HAUSTSINS Á HÓTEL KLAUSTRI



**ICELANDAIRHOTELS KLAUSTUR**

S: 487 4900    klaustur@icehotels.is    icehotels.is



**Aðalflutningar**  
Öryggi alla leið



**Innanlandsflutningar eru okkar fag.**

Flytjum **hvað** sem er, **hvert** sem er, **hvenær** sem er.  
Tökum ekkert aukagjald.

Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030

## Einkanámskeið

**Árangur í starfi**  
Námskeiðið beinist að því að þátttakandinn nái meiri árangri í starfi, hafi betri stjórn á tíma sínum, virkji starfsfólk sitt betur og laði fram öflugri og samstilltari liðsheimild.

**Persónuleg stjórnun**  
Námskeiðið hentar stjórnendum sem vilja verða marksæknari í vinnu og einkalífi og bæta árangur sinn á öllum sviðum lífs síns.

**Það sem gerir námskeiðin einstök:**

- Vandað lesmál
- Margskonar stjórnunarverkfæri
- Matslistar á eigin frammistöðu
- Mjög hagnýt verkefni
- Þú færð kennarann út af fyrir þig
- Námskeiðið hefst þegar þér hentar

Hringdu og við kynnum þér námskeiðin.



**AFL TIL FRAMTÍÐAR**  
Síðumúli 1 • 108 REYKJAVÍK  
Sími: 553 6147 • Netfang: atf@atf.is



# Allir leggist á eitt

Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, var fundarstjóri morgunverðarfundar Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka kvenna í atvinnurekstri síðastliðinn fimmtudag.

**Af hverju er Ísland eftirbátur nágrannalanda sinna þrátt fyrir alla burði til að vera í forystu hvað varðar hlutfall kvenna í stjórnnum og æðstu stjórnunarstöðum?**

Spurningunni er erfitt að svara því rannsóknir skortir á þessu sviði. Ég vil taka undir að við höfum alla burði til að vera í forystu, við vorum fyrst þjóða til að kjósa konu sem þjóðarleiðtoga, atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er með því hæsta sem þekktist, menntunarstig kvenna er hátt, úrræði til dagvistunar eru góð í samanburði við önnur lönd og réttur til fæðinga- og foreldraorlofs er með því besta sem þekktist. Kannski hefur blindað okkur jákvæð ímynd af vel menntuðum, sjálfsöruggum og sterkum íslenskum konum og einhverra hluta vegna gerðum við ráð fyrir að vera komin lengra en nágrannaþjóðirnar. Hugsanlega hefur líka gleymst að benda viðskiptalífínu á þann fjárhagslega ávinning sem fólgin er í því að hafa konur í æðstu stöðum.

**Hvað er til ráða fyrir konur?**

Konur þurfa að taka höndum saman og leggja áherslu á þær viðskipta- og markaðslegu ástæður sem eru fyrir því að fjölga konum í stjórnar- og stjórnunarstöðum, rannsóknir styðja að það eru góðir viðskiptahættir að fjölga konum í þessum stöðum.

Konur sem hafa hug á leiðtogastörfum geta ýmislegt gert til að koma sér á framfæri og ég vil birta hér lista af tillögum:

- Setja markmið, brjóta þau niður í undirmarkmið og verkefni, og vinna markvisst að því að auka færni og þekkingu á stjórnun.
- Láta vita hafi þær áhuga á að sinna stjórnarstörfum eða æðstu stjórnunarstörfum í fyrirtækjum eða stofnunum.
- Efla tengslanet sitt bæði meðal annarra kvenna og ekki síður meðal karla.
- Vera sýnilegar og mæta á viðburði og fundi til að sýna sig og hitta aðra stjórnendur.
- Fá lærimeistara eða fyrirmyndir til að leiðbeina sér.
- Standa saman og styðja hverja aðra.

**Hvað þarf atvinnulífið að gera sjálft?**

Fyrirtæki og stofnanir gera sér æ betur grein fyrir því að konur taka mikilvægar ákvarðanir um hvers konar verslun og viðskipti, þær hafa mikil völd sem skynsamlegt er að endurspegla í skipun í æðstu stöðum. Lisa Levey frá Catalyst í New York kynnti nýlega rannsóknir sem gefa vísbendingu um að seta kvenna í stjórnnum fyrirtækja skili árangri í viðskiptum. Atvinnulífið er í raun einstök fyrirtæki og stofnanir, ýmislegt er hægt að gera og hér fer listi af tillögum:

- Endurskoða viðhorf til kvenna – staðalímynd í huga margra stjórnenda virðist sú að konur séu ekki nógu herskáar og að þær skorti getu og metnað.
- Ræða af fullri alvöru hvort ástæða sé til að nýta krafta kvenna í stjórn eða æðstu stjórnunarstöðum.
- Sýna í verki að eigendur/stjórnendur hafi þörf fyrir og vilji nýta krafta kvenna í æðstu stöðum fyrirtækis/stofnunar.
- Þróa og þjálf fleiri konur til ábyrgðar og stjórnunarstarfa og gefa þeim kost á þeirri reynslu sem til þarf.

- Bjóða konum að fá leiðbeinendur (e. mentors) sem hafa náð árangri í stjórnnum eða stjórnun fyrirtækja.
- Vera duglegri að auglýsa æðstu stöður viðskiptalífsins og leita í tengslanet kvenna eftir ábendingum.
- Muna að meiri munur er á milli karla innbyrðis en er á milli karla og kvenna.

**Eiga stjórnvöld að grípa inn í?**

Stjórnvöld bera einhverja ábyrgð og verða fyrst og fremst að ganga á undan með góðu fordæmi. Það má deila um réttmæti þess að setja lög á fyrirtæki, en stjórnvöld verða með einhverju móti að gefa skýr skilaboð og sýna í verki að þau vinna fyrir konur og karla.

**Hver er afleiðing þess að konur eiga ekki jafn greiða leið og karlar í æðstu stöðum?**

Afleiðingarnar eru þær að fyrirtæki og atvinnulífið fer á mis við að nýta krafta vel menntaðra og hæfileikaríkra kvenna. Stjórn fyrirtækjanna verður einhæf en rannsóknir benda til þess að því fjölbreyttari sem stjórn fyrirtækjanna er, því meiri árangri er hægt að ná. Við höfum oft tilhneigingu til að ráða fólk sem er líkt okkur, hugsar eins og við og er sam-mála okkur. Nýsköpun á sér stað þegar ólíkir einstaklingar taka saman höndum.



**KARLAR VORU EKKI ÁBERANDI Á FUNDINUM NEMA Á PALLBORÐI** Á myndinni eru Steinn Logi Björnsson, forstjóri Húsasmiðjunnar hf.; Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins; Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista ehf., og Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair og formaður stjórnar VÍ, en þeir sátu fyrir svörum á fundinum ásamt Hreggviði Jónssyni, forstjóra Vistor hf.

## Hagsmunir þjóðarinnar

Síðastliðinn fimmtudag stóð Viðskiptaráð Íslands í samráði við Samtök kvenna í atvinnurekstri fyrir morgunverðarfundir á Grand hótél Reykjavík. Yfirskrift fundarins var „Eykur breidd í forystu hagnaðinn?“ *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fór á fundinn og komst að raun um að fjölbreytileika og breidd í forystu fyrirtækja má tengja bættari afkomu þeirra.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ávarpaði fundinn í upphafi en nefnd á vegum ráðuneyta hennar hefur meðal annars unnið að því að bera saman stöðu kvenna á Íslandi við stöðu kvenna í nágrannaríkjunum og kanna hvort þau hafa gripið til einhverra ráðstafana í þessu skyni. Valgerður telur að um nokkra framför sé að ræða, konum hafi fjölgað í stjórnnum fyrirtækja miðað við óopinbera könnun gerða af ráðuneytum hennar en þó sé ljóst að hæfileikar kvenna eru vannýttir.

Eftir opunarorð Valgerðar tók til máls Lisa Levey en hún er einn æðstu stjórnenda ráðgjafafyrirtækisins Catalyst sem hefur sérhæft sig í rannsóknum og ráðgjöf á því hvernig fjölga megi tækifærum kvenna í forystu fyrirtækja. Alcoa, Cisco Systems, General Motors, Pepsi og Shell eru meðal þeirra fyrirtækja sem hafa nýtt sér ráðgjöf þess.

Catalyst gerði könnun meðal 500 tekjuhæstu fyrirtækja Bandaríkjanna og komst að því að samband er milli góðrar fjárhagslegrar afkomu fyrirtækja og stjórnunaraðildar kvenna. Annars vegar var arðsemi eigin fjár skoðuð og hins vegar meðalardregiðslur til hluthafa. Hvað báðar mælingar varðar var fjárhagsleg afkoma þeirra fyrirtækja sem höfðu konur í stjórnnum fyrirtækjanna eða sem framkvæmdastjóra umtalsvert betri en hinna (athuga að láta inn graf). Því er ekki haldið fram að afkoma fyrirtækjanna sé betri af því að konur eru í stjórn heldur sé um að ræða vel rekin fyrirtæki og þetta sé eitt atriði sem sýni það.

Konur eru ekki í minnihluta á öllum stjórnunarstigum, þær eru um helmingur millistjórnenda í Bandaríkjunum en þegar komið er upp í næsta stjórnunarbrep (corporate management) fellur talan niður í 15,7 prósent og fer svo áfram lækkanði eftir því sem ofar dregur.

Bandaríkin eru þó töluvert á undan hvað varðar að hafa konur í stjórnnum fyrirtækja en 11% af bandarísku Fortune 500 fyrirtækjunum hafa enga konu í stjórn á meðan sú tala er 51 prósent í Kanada,

37 prósent meðal 500 tekjuhæstu ríkja Norðurlandanna en 58 prósent á Íslandi.

Þóranna Jónsdóttir, stjórnendaráðgjafi hjá Kaliber ehf., var annar framsögumaður fundarins. Hún vakti athygli á því að hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja er mun lægra en í nágrannalöndum okkar og að hér eru mun fleiri stjórnir eingöngu skipaðar körlum en annars staðar. Þetta þykir skjóta skökku við því aðstæður eru óvída betri en hérlendis hvað varðar menntunarstig og atvinnuþátttöku kvenna.

Framsögumenn reifuðu ýmsar ranghugmyndir um konur og hæfileika þeirra til að sinna stjórnunarstörfum. Að þeirra mati þurfa konur stöðugt að berjast við mýtur, til dæmis hugmyndina lífseigu um að konur hafi ekki það sem til þarf og séu metnaðarlausar.

Miklum hæfileikum kann að vera sóað með núverandi fyrirkomulagi. Fjölgun kvenna í forystusveit atvinnulífsins er ekki bara hagsmunamál kvenna heldur atvinnulífsins, hagkerfisins og samfélagsins í heild. Í þessu samhengi benti Þóranna á að einungis fjórir karlar skráðu sig á fundinn en salurinn var annars þétt setinn konum.

Í lok fundarins fékk Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, nokkur valinkunn fyrir menni úr íslensku viðskiptalífi til að segja hug sinn.

Í umræðunum kom meðal annars fram að konur þykja viljugri til að læra og taka ráðum en karlar og samviskusamari en á móti komi að þær séu öruggari í ákvörðunartökum og ekki eins duglegar að mæta á fundi og ráðstefnur, sýna sig og sjá aðra, kynna sig og auka sinn veg. Þó þurfi konur ekki að verða eins og karlar til að vera gjaldgengar í þessum heimi, þær eru einfaldlega öðruvísi stjórnendur og það er kostur en ekki galli.

Það var sameiginleg skoðun manna að lagasetning væri ekki lausnin. Fyrirtækin sjálf sæju hag sinn í því að hafa konur með í ráðum og auka þannig hagsæld sína. Þetta væri einungis spurning um tíma.

**MÁLID ER**  
*Konur í forystu fyrirtækja*



**Góð ávöxtun vegur þungt**  
– og þar erum við á toppnum!

**8,2%\***

**Verðbréf 3 - Peningamarkaður**

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

\*Nafnávöxtun frá 1. ágúst 2005 - 31. ágúst 2005 á ársgrundvelli



**ÍSLENSKT VERÐBRÉF**  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003





# LCD OG PLASMA TILBOÐ



ÖRPUNNT  
LCD



**JVC®** **LT32A60**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m<sup>2</sup> birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereó hljóðkerfi, fullkomnu textavarp, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heyrnartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990



ÖRPUNNT  
LCD

**UNITED** **LTV15L50** **12v/220v**

15" LCD SJÓNVARP með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, 8w stereó hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heyrnartól, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.

**TILBOÐ** ▶ **39.990**

FULLT VERÐ kr. 49.990



**UNITED** **LTV20L50**

20" LCD SJÓNVARP með fjölkrafa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpu: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m<sup>2</sup>, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarp, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **59.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990



**UNITED**

**LTV32**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (stýður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m<sup>2</sup> birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsvið, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 Tunerar), textavarp og fjarstýringu.

ÖRPUNNT  
LCD

**TILBOÐ** ▶ **139.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990



**UNITED** **PTV42**

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarp og fjarstýringu.

ÖRPUNNT  
PLASMA

**TILBOÐ** ▶ **179.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



**PHILIPS** **42PF4320**

42" ED PLASMA SJÓNVARP með 852x480 (VGA, SVGA, XGA, SXGA) upplausn og 10.000:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, stýður HDTV, Active Control með ljósskynjara og Anti reflex til að minnka glampa, 2x30w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengi og PC Tengir (DVI), SVHS, RCA og heyrnartólstengi, textavarp og fjarstýringu.

**VERÐ** ▶ **249.990**

FRÁBÆRT VERÐ

ÖRPUNNT  
PLASMA



**JVC**

**PD42B50**

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, stýður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarp), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heyrnartólstengi, T-V Link og veggfesting.

**TILBOÐ** ▶ **299.990**

FULLT VERÐ kr. 349.990

WWW.HUGGERKALIS




# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐID: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Holmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Ljósgejafinn, Akureyni. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupón, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Tumbraður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brímmes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Rafleignavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.





Innmúruð Peningamál

Peningamál Seðlabankans koma út á fimmtudag og eru væntingar um að Seðlabankinn hækki vexti samhliða útgáfunni. Áhugafólk um efnahagsmál biður jafnan spennu eftir Peningamálum, en ekki síst nú þegar óvissa er í umhverfinu. Birgir Ísleifur Gunnarsson kynnir nú Peningamál í síðasta sinn, en hann hefur kynnt þau af miklum skörungsskap undanfarin ár. Þótt menn séu spennir nú er líklegt að menn verði enn spennari þegar kemur að útgáfunni í mars, en þá mun ónefndur maður kynna peningamálin. Sá verður þá búinn að vera innmúraður og innvígður í musteri efnahagsmálanna í tæpt hálf ár.

Parkódin við Baugsmálum

Samfélagið hefur verið undirlagt af Baugsmálum að undanfögnu og lítið um annað talað manna á meðal. Umræðan hefur eins og vænta mátti farið út um víðan völl og verður að segjast að sum innleggin í þá umræðu hafa valdið mörgum höfuðverknum. Forsíða Fréttablaðsins var undirlögð Baugsfréttum þrjá daga í röð. Fjórdi daginn var hlé og þar var kannski á ferðinni lýsing á ástandinu í þjóðfélaginu og til hvaða ráða gripið hefði verið vegna óskapanna allra. Fyrirsögn um viðbrögð þjóðarinnar var: „Taka 70 töflur af parkódini daglega.“

Fé þvegið

Starfsemi Kaupþings banka í London flytur á nýju ári í glæsileg húsakynni í miðborg Lundúna. Húsnæðið er tíu þúsund fermetrar svo bankinn ætti að rúmast vel, þrátt fyrir mikinn vöxt. Starfsemi Singer og Friedlander flytur með og verður þá starfsemin öll undir einu þaki. Á hliði núverandi höfuðstöðva Singer og Friedlander er stytta af hvítri kind og margir hafa velt því fyrir sér hvort kindin sú arna myndi flytja með í nýtt húsnæði bankans. Skýringin á veru kindarinnar er sú að húsnæðið sem Singer og Friedlander er í var áður ullaþvottastöð. Kindin mun því verða eftir á gamla staðnum til heiðurs sögu hússins. Engin skortur er á forystufé í KB banka og ekki er heldur ætlunin að þvo fé í nýjum höfuðstöðvum Kaupþings banka.

123,4 Væntingavísitala Gallup sem lækkaði um 11 stig milli mánaða. 57 milljónir áhorfenda sem Latibær nær til eftir nýjan samning við BBC. 1252 Hluthafar Símans sem fá sent yfirtökutilboð.

Til hamingju með HK-kortið!



- SPK styrkir allta barna- og unglingastarf HK
- HK-kortið er í senn debetkort/hraðbankakort, félagsskírteini og aðgöngumiði á heimaleiki HK
- Í hvert skipti sem að þú greiðir með HK-kortinu rennur hluti fjárhæðarinnar til HK



SPK - HK góð saman!

Sparisjóður Kópavogs Hlíðasmára 19 – Digranesvegi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 - Fax: 515 1909 - www.spk.is - spk@spk.is

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds





## SMÁAUGLÝSINGAR

Peugeot 406 St. árg '99, dísel, sk. '06, mikið keyrður, í góðu standi. Mikið nýtt. Verð 270 þ. Uppl. í s. 892 5982.

Silfurgrár Daewoo Lanos árg. '99, ek. 71 þús., 4 vetrard., CD, toppbíll. Verð 430 þús stgr. S. 691 6888.

## 500-999 þús.



Nissan Almera árg. 2000, ekinn aðeins 53 þ. km. Bíll í toppstandi. Verð 530 þ. Mögul. að yfirtaka 300 þ. kr. bílalán. Uppl. í s. 694 9299.



Renault Megane '99 til sölu. Ekinn 85 þús. S. 663 9174.



BMW 320i árg. '97. Mjög góður bíll í góðu standi. 2000 vél, 5 þrepa sjálf-skipting, 6 cylendra, 150 hestöfl, K&N Loftsla. Lakkið í mjög góðu standi. Fyrir nánari upplýsingar hafið samband í síma. Verð 800 þús. stgr. S. 863 0578.



M. Benz 200 (123) árg. '81. Nýnnfl. 1 eig. frá upph. Eins og nýr. Ótrúll. eintak. Kr. 590 þús. S. 822 1216.

Nissan Patrol til sölu með nýrri vél nýjum vatnskassa og nýjum Turbo Intercooler, árg. '92, verð 650 þús. stgr. Uppl. í s. 894 1706.

## 1-2 milljónir



Útsala, 100% lán. Econoline 350 XL árg 2002. V8 5.4 L, ekinn 98.000 km. 14 manna. Verð 1.6 m. Uppl. í s. 892 5556.

## 2 milljónir +



Toyota Avensis '05. Gullmoli, ek. 13 þ. Dökkar rúður, 17" króm. Ný naglad. fylgja á flegum. Tilb. ósk. í s. 692 2371.



Gullfallegrur dísel A6 Audi árg. 2001, 4x4. Ekinn 116 þús. leður, lúga, Xenon, ssk. Með öllu. Verð aðeins 2.650 þús. S. 690 5626.

## Bílar óskast

Til sölu Dahtsu Gran Mow árg. '98, ek. 130 þ. Verð 400 þ. Skipti á dyrari, 1-1,5 milj. á milli. S. 899 3870 & 421 4095.



Peugeot 505 gti árg. '88, ekinn 141.000 km, innfluttur frá Þýskalandi '99, topp bíll, tilboð óskast símar 867 2257 eða 565 0010.



Cadillac Escalade árg 2002, 354 hp, perlúhvítur, ek. 33 þ., leður, CD, loft-fjórðrun, 7 manna, 20" álf, o.m.fl. Verð 4.200 stgr, enginn skipti, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



Audi A6 árg 2003 3.0 Quattro, ekinn 4 þ. km., leður, CD, rafm. í öllu, tilboð aðeins 4.400 þ. stgr. Uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



MMC Pajero V6, árg. 1991, ekinn 190 þ. km., 7 manna, ssk, verð 350 þ. stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



Ford Excursion, LTD Dísel, árg. 2001, ekinn 108 þ., leður, rafm. í öllu eins og nýr, Verð 3.450 þ. stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



Renault Laguna árg. 8/'99, ekinn 162 þ., ABS hemlar, auka felgur, álfelgur, fjárstýrðar samlæsingar, geislaspilari verð 700 þ. uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



M. Benz E 320 árg. 2004, ekinn aðeins 8 þ. km, leður, topplúga, rafm. í öllu, cromefelgur, eins og nýr, verð 4.850 þ. stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



M Benz ML55 AMG árg. 2001, ekinn 28 þ., eins og nýr, hlaðinn auka búnaði. Verð 4.500 þ. stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



Rexton 290, árg. 2002, 35" breyttur, leður, rafm í öllu, 7 manna, cromefelgur. brettakantar. Verð 3.650 þ stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



M Benz C320 stw, árg 12/03, ekinn 10 þ., einn hlaðin aukabúnaði, bíll fyrir vandláta, verð 3.990 þús stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



M Benz C320 stw, árg. 12/'03, ekinn 10 þ., einn hlaðin aukabúnaði, bíll fyrir vandláta, verð 3.990 þús stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.



Tíl sölu Lexus SC 430, árg 2003, ekinn 15 þ. km, niðurfellanlegur toppur, Mark Levinson hljómt + GPS, skemmdur eftir umferðaróhapp, hluti af varahlutum fylgja, skemmtilegt verkefni fyrir veturinn. Verð 2.600 millj. uppl. í síma 892 1116 og 892 5005.

Nissan pickup 1996, þarfnast lagfæringa. Verðtilboð óskast. S. 845 1301.

Jeep Cherokee, túrbó Dísel árg. '95, ek. 230 þ. og í ágætu standi. Ný hedd ofl. Sumar- og vetrardekk á felgum, upp-hækkaður og með dr.krók. Meðaleyðsla 11 L. á hundraði. S. 893 2826.

Subaru Impreza árg. '97, ekinn 140 þús., ssk., 4x4 með 2000 vél. Uppl. í s. 694 6647.

Tíl sölu Nissan Sunny '92 ek. 122 þús. 4 dyra, 5 g. sk. '06. Verð 120 þús. S. 868 8565.

## 0-250 þús.



Subaru Legacy '92, ekinn 230 þús. Mik-ið endurnýjaður bíll. Verð 150 þús. stgr. S. 844 6060.



Renault Twingo árg. '97, ekinn 109 þ. Til sölu á 250þús. Uppl. í síma 690 8721 Axel.

Lancer 5 dyra, 4x4, árg. '90, ek. 170 þ., sk. '06. Fjarst. læsingar og þjófavörn. Verð aðeins 88 þ. S. 699 3548.

Golf '94, 3 dyra, nýskoðaður, Verð 170 þús. Uppl. í síma 822 8854 & 696 7267.

Tíl sölu Hundai Electra model '95, ekinn 77.000 km. Nýskoðaður, verð 100.000, staðgreiðsluafsláttur. Sími 894 8400.

Renault Megane árgerð '95, ekinn 137.000 km með bílaða kúplingu. Tilboð óskast. Uppl. í síma 662 5829.

Toyota Touring '91, ek. 235 þús. Sk. '06. Verð 75 þús. Uppl. í s. 695 9555.

Tíl sölu Subaru Legacy, árg. '92. Nýskoðaður í fínu standi. Uppl. í s. 899 9649.

Dodge Aries 88, skoðaður út 2006. Nýlegar bremsur. Verð kr. 55 þús. S. 895 5870.

Tíl sölu Ford Escort '95 GLX 1400 vél. Verð 160 þús. áhv. 82 þús. Uppl. í s. 820 2450.

## 250-499 þús.



Suzuki Swift árg. '95 til sölu. Ekinn 95 þús. km. Ásett verð 290.000 kr. Uppl. í síma 664 1072.



M.Benz ML320 árg.01 ek.70þ.km. V.3,500 þ.- sk.m/ód.



M.Benz E 240 Elegance árg.02.ek.49þ.km. s.sk V.3750,- Lán 1700,- sk.m/ód.



Chryslet Town & Country LTD 4X4 Árg.02 ek.49þ.km. V.3190,- Lán 2090,- sk.m/ód.



Nissan Almera 1,6 árg.97 ek.96þ.km. Sjálf.sk. s/v.dekk Tilboð 400,-



Jeep Grand Cherokee Laredo 3,7 New. árg.05 ek.31þ.km. V.3950,- Lán 2582,- sk.m/ód.



Hyundai Trajet 7 manna árg.03. ek.80þ.km. . V.1600,- Lán 850,-



Renault Megane St. árg.00 ek.129þ.km. b.sk. V.750,-



Suzuki Ignis 4x4 árg 05 ek.4 þ.km. B.sk. V.1390,-



Ford Econoline 350 5,4 ek.36þ.m. V.3800,- sk.m/ód.



Ford Explorer XLT árg 02 ek 68 þ.m V. 2790,- Lán 1936,- skipti ódyrari



VW Golf Basicline 1,6 New. 09/04 OKEYRÐUR. Tilboð 1880,-stgr.



Suzuki Jimny 02/01 ek 14 þ.km S.sk 31" breyting V. 1190,- Lán 700,- Skipti D/O



BMW 318 I árg.99 ek.92 þ.km. b.sk. V.1500,-



Audi A4 2,8 V-6 árg.98 ek.67þ.m. b.sk. V.1650,- Lán 820,- sk.m/ód.



MMC Lancer GLXI 4X4 árg.98. ek.134þ.km. b.sk. V.590,-



Toyota Hi-lux árg 92 ek.250 þ.km. b.sk. V.490,-



VW Caravella TD 8 manna 07/97 ek 331 þ.km V. 590,- Gott viðhald (TAXI)



VW Golf 1400 árg 98 ek 125 þ.km 5 gíra Tilboð 430 stgr

## KAUPENDUR ATHUGIÐ!!!

Við getur útvegað allar gerðir bílalána og upplýsingar um lánakjör. Getum útvegað ódyra Ástandsskoðun!!!

## ATHUGIÐ!!!

Um 70 bílar á staðnum á öllum verðum og 1000 bíla á skrá.

## SELJENDUR ATHUGIÐ!!!

Erum með góðan vel upplýstan inni sal (Ekkert inngjald) Við auglýsum bílana á staðnum með mynd í blöðunum Einnig auglýsum við alla bíla með mynd sem eru skrá á bílasölu.is og á mbl.is. Getum útvegað ódyra Ástandsskoðun!!!

Opnunnar tímar Bilamarkaðsins  
Virka daga Kl: 10-19 • Laugardaga kl:10-17  
Sunnudag kl: 13-17  
Smiðjuvegi 46 E Gul gata  
Skoðu myndirar á • www.bilamarkadurinn.is



**SMÁAUGLÝSINGAR**

Óska eftir bíl á 10-30 þús. Uppl. í síma 847 0408.

Óska eftir Musso dísel í skiptum fyrir Hyundai Sonata árg. '99, ek. 77 þús. S. 482 1626 & 868 9916 & 846 4086.

0-150 þ. staðgreitt, helst ekki eldri en '95, má þarfnast lagf, eða skoðunar. S. 659 9696.

**Jeppar**

Daihatsu Move '98, ek. 81 þús. Ný upp- teknar bremsur og alternator. Nýr raf- geymir. Snjódekk fylgja. Verð 460 eða samkomulag. S. 553 2064.



Terrano II, 2.4i, árg. '98, ek. 130 þ. 7 manna. Tilboð 990 þ. stgr. Áhv. 460 þ., 14 þ. pr. mán. S. 821 8415.



MMC Pajero long V6, skr. 10/'03, ekinn 33 þús. Algjör gullmoli. Hiti í sætum, leðuráklæði, álfelgur, dráttarkúla, topp- lúga, ABS hemlar, CD, loftkæling, inn- spýting, CD magasin. Bílalan, 17" felgur. Uppl. bílahusid.is s. 421 2808 Njardvík.



MMC Pajero 2800 túrbó dísel, ssk., árg. '98, nýfirfarinn og skoðaður. Dr.krókur, CD, fajrast. læsingar. Smurbók frá upp- hafi. Ek. 200 þús. Toppeintak. Verð 1.380 þús. Áhv. 1 milljón. Uppl. í s. 487 5838 & 892 5837.

Toyota Land Cruiser 90 VX, 08/'98, ek. 160 þ., 8 manna, leðurklæddur, sjálfsk., dísel, central-læsingar, há sæti, rafm. í öllu, upphækkaður 1", Cruise control, nýfirfarinn, ryðvarinn, ný nelgd snjóð. á felgum, hóperðaskoðaður '06, tilbúin í skólaakstur. Verð 2.490 þús. S. 894 1153.

Chevrolet Blazer árg. '95, 3ja dyra, ek. 111 þ. millur, góður bill, á nýjum dekkjum, sk. '06. Uppl. í s. 866 6614.

**Sendibílar**

VW LT 35 Tdi, óekinn, central, rafm í speglum, klæddur að innan, bill með ábyrgð. verð aðeins 2370þ +/vsk! uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.

**Hóperðabílar**

Dodge Sprinter 316 Cdi , 5/2005 , nýr og óekinn, 13+1 farþega, 156 hp, ssk, 2 f öld miðstöð/ac, allur aukabúnaður, Abs, Asr, Esd, lítað gler, central, rafm í rúðum o.m.fl. Verð 4.700 þús stgr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.

**Vörubílar**

Ford F 350 Xlt Lariat Dísel, árg. '99, einn með öllu, ek. 80 þ., verð 1.730 þ. +/vsk. uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.

Benz 1513 '72, í góðu lagi, óryðgaður. Verð 300 þús. Uppl. í síma 848 0146.

**Mótorhjól**

Dual Sport Kawasaki KLR 650 árgerð 2003, verð 490 þ. Tank, hliðar og aftur- töskur fylgja. S. 822 2209 www.bergmaster.net

Suzuki Intruder 1500 árg '00. Ekið 19 þús. km, fullt af aukahlutum. Selst á 950 þús. Lán getur fylgt. Uppl. í s. 892 5982.

Krossari til sölu, Yamaha IZ-250, árg. '89, allt tekið í gegn, sem nýtt á 150 þús. kr. Uppl. í s. 659 4314.

**Kerrur**

Ísl. jeppa, verkataka, hesta og hjóla kerr- ur, nokkrar stærðir til. Einnig járnhlíð eftir pöntun. S. 899 2202 J.E.S ehf.

**Vinnuvélar**

Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

**Lyftarar**

**Körfubílaaleigan.** Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573



Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftu- borð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutabjón- usta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

**Bátar**

**Skipamiðlunin Bátar & Kvóti ehf, Síðumúla 33.** Til sölu allar stærðir og gerðir fiskiskípa, með og án kvóta. Ösk- um eftir skipum með aflaheimild- um á söluskrá. Öskum eftir 150 t. af ýsu og 35 t. af þorski í krókak. **Heimasíða: www.skipa- sala.com Skipamidlun@sim- net.is Sími. 588 8111 Fax. 588 8114.**

**Hjólbarðar**

4 stk. 33" vetrardekk á 6 gata felgum undir Pajero og sambærilega bíla til sölu. Uppl. í s. 899 7807.

Goodyear jeppadekk 31x10,5 15, hálf- slitin. Verð 15 þús. Uppl. í s. 695 9555.

4 stk. dekk 35" DC á álfelgum 5 gata til sölu. Verð 50 þús. S. 565 8592 & 895 0015.

**Varahlutir**

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Im- presa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15.

**Ópel partar** Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrífs. Sími 553 9900 & 845 2996.

Bílllutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til nið- urrífs.

**Bílapartasalan Ás** Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir vara- hlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrífs.

**Hedd 557 7551** Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Bens, VW, Musso, Skoda og fl. Opíð mán.-föst. 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Air- bag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**S. 555 3560** Bílapartar og Þjónusta. Eignum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

**Aðalpartasalan s. 565 9700** Kaplahrauni 11 HF. Eignum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrífs.

**bilapartar.is** Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mostellsbæ, s. 587 7659. Erum ein- göngu með Toyota. Kaupum Toyota- bíla. Opíð virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eignum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrífs.

**Musso-Lancer '93** Er að rífa Musso '98, '99 og Lancer '93. Á einnig framfjós í Golf, Avenis og Corollu. Uppl. í s. 864 0984.

**Partaland s. 567 4100** Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

**Viðgerðir**

Ef þústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikk- þjónustan, Söltúni 3, s. 562 1075.

**Pústþjónustan í Miðbænum.** Nótúni 2. Sími 562 8966. Pústkerfi, sérsmiði, viðgerðir. Fljót og góð þjón- usta.

KK Bílaverkstæði Skemmuvegi 22 Kópavogi, bremsuviðgerðir. Almennar viðgerðir fyrir fjólsbíla og jeppa, s. 861 3790 & 555 3755.

**Bílaleiga**

Hasso Ísland. Ertu að flytja? Höfum til leigu ýmsar stærðir af sendibílum sem henta þér, á verðum sem koma á óvart. Síminn er 555 3330 Hasso Ísland

**KEYPT & SELT****Til sölu**

Notaðar verslunarhillur frá Rými til sölu á finu verði. Einnig ýmis skrifstofuhús- gögn. Uppl. veitir Margrét í s. 847 9663.

Góð amerísk þvottavél og þurrkari, selst fyrir lítið. Straumbreyta vantar. Uppl. í s. 893 0768.

**Bílskúrssala - Ódýrt**

Miðvikud. 28.sept kl. 17-21 að Flóka- götu 58. Antik skrifborð, antik ruggu- stóll, borðst.stólar, kollar, eldhúsdót, bækur, kvennafatnaður st. 36-40 og margt fleira. Uppl. í síma 699 0005.

Til sölu ísskápur 180 cm og uppþvotta- vél. Verð 15 þús. stk. Einnig kommóða með baði og skíptiborði á 5 þús. Uppl. í s. 694 4420.

Til sölu hvítt notað vatnsrúm Queen Size með nýlegri dýnu. Uppl. í s. 554 4257.

Vegna flutninga eru til sölu Ariston þvottavél og Philips þurrkari. Nýlegar vélar, tilboð óskast. S. 899 0162 og 587 1156.

**Parket**

Eignum til gegnheilt eikarparket á mjög góðu verði. Verð frá 1.800 kr. fm. Leggjum einnig og slípum. Góð og persónu- leg þjónusta. Sími 822 8928.

**Hljóðfæri**

Get útvegað allar gerðir af harmonikk- um. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

**Sjónvarp**

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsyn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

**Tölvur**

Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.** Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri virusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

Fartölvustandar kr. 3990. Eignum á lager. Plexiform.is Dugguvogi 11, 104 Rvk, s. 555 3344.

**Til bygginga****Verslun****Nýtt!! Nýtt!!**

Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja dísku DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyju- götu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskrófu um land allt.

**Hótel, mótuneyti, veitingahús.** Fersk ýsuflök. Sendum um allt land. Vis tryggir gæðin. **Vís ehf, Súðavík, sími 893 1436.**

**Hreingerningar**

Orkuboltastelpurnar. Alþríf og hrein- gerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366.

Nostra Hreingerningarpjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stígagangapríf og teppahreinsanir, bönvinnu og gluggapvott. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Tek að mér venjuleg heimilisþríf í heimahúsum. Er vandvirk. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.

**Garðyrkja**

**Túnþökur** Túnþökurúllur, túnþökur og holta- gróður ávallt fyrirliggjandi **Túnverk ehf. Sími 892 3666 Gylfi Jónsson**

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@sim- net.is

**Túnþökur.** Úrvals túnþökur til sölu. Frí heimkeyrsla. Túnþökusala ÞG Ehf. S. 891 8891.

**TIL SÖLU**



Málarar



Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Viðgerðir og málningaþjónusta, utanhúss og innan. Uppl. í s. 869 3934. Viðhald og Málning ehf.

Meindýraeyðing



Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mys o.fl. S. 898 2801.

Búslóðaflutningar



Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bill. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560.

G.S. flutningar ehf. Getum bætt við okkur öllum tegundum flutninga. 10 ára reynsla. Upplýsingar gefur Stefán í s. 821 1966.

Húsaviðhald



Móðuhreinsun glerja & háprýstipvottur!

Er komin móða eða raki á milli glerja? Háprýstipvottur húseigna. Móduhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Glerjun og gluggaviðgerðir !

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Stíflupjónusta



Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frænnis-lögnum. Stíflupjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Snyrting

Flottar neglur!!!

Náttúrulegt hunangsel. Frábært opnunartilboð í gangi út september. Carita Snyrting s. 555 4250.

Spádómar



Alspá 908-6440

Óhamingjúsöm/samur? Óþarfi! Notaðu NLP. Einkatimar. 10-22 Y.Carlsson.

Spásíminn 908 5666. Stjörmuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening-ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Englaljós til þín.

Ertu óhamingjúsöm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára & Laufey e. kl. 18.00 til kl. 01.00.

lönaður

Járnsmiði - Járnsmiði

Getum bætt við okkur verkefnum. Öll almenn járnsmíði. Tilboð eða tíma-vinna. Fljót og góð þjónusta. S. 698 8594.

Rafvirkjun



Trésmíði

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun og trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tíma-vinna. S. 616 1569.

Viðgerðir

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Inn-anhúsviðgerðir og nylagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

HEILSA

Heilsuvörur



Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Frábær liðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! Kaupauki með pöntunum í sept. Edda Borg s. 896 4662.

Herbalife. Innri og ytri næring. 20 kg. farin frábært útlit, gláðningur með sept-emberpöntun. Setselja. S. 659 5819 & birtad@simnet.is.

Fæðubótarefni


Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Slökunarnudd

1 klst. kr. 3900. Axlir og bak 30 mín. að eins kr. 1900. Tímabantanir í s. 587 0077. Nuddstofan Hólmasetti 2.

Snyrting



Starfsmenn óskast strax! Vantar starfsmenn og verkamenn í almenn störf. Mikil vinna framundan og góð laun.

Uppl. í síma 577 5180 og 820 0070 LÍNUBORUN



Þjónusta



SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla



Tölvunám

10 klst. námskeið fyrir þá sem villja læra að klippa heimamyndböndin sín og setja yfir á DVD. Námskeiðsýsing: Klipping, setja inn texta, hljóðsetning, effektar og kyrrmyndir. Einnig verður farið yfir ýmis aðalatríði við gerð DVD diska. Kennr verður á Adobe Premiere elements klippiforritið. Allar nánari uppl. í síma 511 4510. Tölvuskóli Fjarkennslu.

Ökukennsla

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

HEIMILÐ

Húsgögn



Ertu að leita að ekta amerísku rúmi? Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Til sölu eldhúsbörð,rúm og stakir stólar. Uppl. s.557 5391.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Dýrahald

30% Kynningarafsláttur

Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl. Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Krínglan, s. 588 0711 Dýraland Spöng, s. 587 0744.

NUTRO - 30 % afsláttur!

Purrfóður fyrir hunda og ketti í hesta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hlj. S. 565 8444.

Þýskur Pointer (Vorsteh). Ættbókarræðir frá HRFÍ. Uppl. í s. 864 1504.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Gisting á spáni.

Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn



www.sportvorugerdin.is



www.sportvorugerdin.is



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



**Leðurhanskar**



**Vandaðir leðurhanskar í flestum litum á aðeins 1990 kr.**

**Allt Smart**  
**Laugaveg 46.**  
**Sími:551-1046**

**2ja herb. lúxusíbúð**



Glæný 2ja herb. lúxusíbúð í nýju húsnæði á Laugavegi til leigu. Íbúðin er öll með sérsmiðuðum innréttingum, eikarparketi á gólfum og heitum potti á rúmgóðum svölum í suðurátt.

**www.leiguibudir.is**

Til leigu í 118 Rvk. Stór 2ja herb. íbúð. Leiga 85 þús. kr. m. rafm. + hita. Laus 1. okt. Reyklaus. Uppl. í s. 588 1022.

Meðleigjandi óskast. 22ja og 23ja kátir piltar óska eftir meðleigjanda, helst kvenkyns! í Garðabæ, stutt í FG, leiga 34 þús. Uppl. 860 4431 & 893 0173.

Rúmgott herbergi (15m2) til leigu í Hlíðunum. Aðg. að eldhúsi, þvottavél og neti (ADSL). 35 þ. á mán fyrir fram+trygging. Pétur 861 9617.

### Húsnæði óskast

Húsasmiðameistari óskar eftir íbúð á höfuðb.svæðinu, helst með bílskúr. S. 899 4958.

23 ára kona í Háskólanum óskar eftir stúdíóíbúð, helst í nágrenni Háskólans. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Uppl. í síma 696 9782.

### Einstaklingsíbúð óskast

Karlmaður óskar eftir einstaklingsíbúð til leigu sem fyrst í 101 eða 105. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Reyklaus. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í síma 696 9776.

Smiður utan af landi óskar eftir herbergi eða einstaklingsíbúð í Hafnarf. eða nágrenni. Reglusemi og skilvísar greiðslur. S. 864 1504.

Herbergi óskast, helst í gamla Austurbæ. Uppl. í s. 517 3244 eftir kl. 13.

### Sumarbústaðir



Framleiðum ýmsar stærðir heilsárs-húsa. Bjóðum einnig byggingarefnis-pakka viljir þú reisa sjálfur. Nú er rétti tíminn til að panta. S. 517 4200 & [www.husoghonnun.is](http://www.husoghonnun.is)

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaða-lóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121.

**Var 989 BYLGJAN**

**Reykjavík síðdegis**  
Alla virka daga kl. 16-18.30



Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Asgeir Páll Agústsson

### Atvinnuhúsnæði

1 til 2 góð skrifstofuherbergi óskast til leigu miðsvæðis í Rvk eða Kópavogi. Tölvutenging nauðsinleg og gíaman af-not af sameiginlegri móttöku og fund-araðstöðu. S. 862 5345 eða 864 1529.

### Geymsluhúsnæði



Gómar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



**Þú geymir í gám við geymum gáminn**



Geymsla í skemmi eða lengri tímal  
Gámarnir eru staðsetir á lokuðu svæði Hafnarbakka.

**HAFNARBAKKI**  
Suðurbátanesi Hafnarfirði  
Sími: 543-2733 - [www.hafnarbakki.is](http://www.hafnarbakki.is)

**Vinnu-skúrar**



Til sölu og leigu nýir og notaðir vinnuskúrar.

**HAFNARBAKKI**  
Suðurbátanesi Hafnarfirði  
Sími: 543-2733 - [www.hafnarbakki.is](http://www.hafnarbakki.is)

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóð-ir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðinar.

## ATVINNA

### Atvinna í boði



#### Vantar þig gott starf.

IntJob útvegar eflezt starfsfólk samkvæmt þínum óskum. Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatillögum. Leggjum áherslu á fagmensku. Anægð-ir viðskiptavinir eru okkar besta auglýs-ing Intlob sími 517 4530 e mail in-tjob@intjob.is.



Hrói Höttur Smiðjuveg 2 og Fákafeni 11 geta bætt við sig starfsfólki. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu, hentar vel með skóla. Umsækjendur þurfa að vera ábyrgir, stundvísir og heiðarlegir. Uppl. í s. 866 5154 Amar.



#### Vaktstjóri á Pizza Hut

Pizza Hut leitar að vaktstjóra á Sprengisandi. Starið felst í þjónustu, stjórnun vakta, mannastjórnun í sam-ræði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samvirkusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á [www.pizzahut.is](http://www.pizzahut.is) sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

#### Vantar þig góða vinnu?

Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Geturðu unnið fullt starf í vaktavinnu? Ertu dug-leg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hent-ar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.


**Umsóknir á [aktutaktu.is](http://aktutaktu.is) og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

#### Ýmis störf í boði

í fullu starfi í vaktavinnu á Amer-ican Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir!  
**Upplýsingar veitir starfs-mannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á [americanstyle.is](http://americanstyle.is) og á stöðun-um.**

#### Kaffihús, Bakarí

Bakarameistarinn, Húsgagnahöll-inni, Smáratorgi, Suðurverri og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19.  
**Uppl. í s. 897 5470 einnig um-sókareyðublað [www.bakara-meistarinn.is](http://www.bakara-meistarinn.is)**



Óskum að ráða járnsmið eða menn vana járnsmiði til starfa nú þegar. Hafið samband við Benedikt í síma 892 7687. Stál-Orka Hvaleyrarbraut, Hafnarfirði.



### Hvar ert þú að vinna í haust ?

Okkur vantar gott fólk í störf með skóla/vinnu. Ef þú ert dug-leg/duglegur og hefur áhuga á mjög góðum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og vinnuum-hverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.

**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á [hordur@ipf.is](mailto:hordur@ipf.is)**

#### Starfsfólk óskast.

Kjúkingastaðurinn Suðurverri ósk-ar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.  
**Uppl. í s. 897 4796 & 553 8890.**

#### Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hag-kaupum og Ostá og sælkeraborð-ið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju í Ostá- og Sæl-keraborðið í Hagkaupum Kringl-unni. Nauðsynlegt er að umsækj-endur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð

**Áhugasamir sendið tölvupóst á [kokkarnir@kokkarnir.is](mailto:kokkarnir@kokkarnir.is) eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Físki-slóð 81a 101 Reykjavík**



#### Réttingarmann

Viljum ráða vanann rétttingarmann og málara, þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar gefur Guð-mundur s. 896 4214 & 564 2141.

### Hestamennska



Reiðskóli Reykjavíkur haustnámskeið að byrja 3 og 4 okt. Uppl. í síma 692 0889.

### Ýmislegt

**Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílar**



**Verð frá kr. 29.900.-**

**vdo.is**  
Borgartún 36 • s: 588-9747

**Vetraropnun: Laug-Sun frá 14-18**  
Pakktilboð fyrir hlipa Kaffiveitingar í hlífarsal



**Draugasetríð**  
Stokkseyri  
S. 483-1202  
[www.draugasetrid.is](http://www.draugasetrid.is)

Ísland, sækjum það heim

**HÚSNÆÐI**

### Húsnæði í boði



25 Glæsilegar Hótelíbúðir til leigu í lengri eða skemmi tíma að Reykjavík-urveg 72 Hafnarfirði, skoðið heimasíðu okkar [www.bphotel.is](http://www.bphotel.is) Sími 540 9700. Fax 540 9701.

### TIL SÖLU

**Betri heilsa**

**Ný vefverslun**

Með næringuna að leiðarljósi!

**[www.betriheilsa.is](http://www.betriheilsa.is)**

Allt um tísku og heimili á fimmtudögum í Fréttablaðinu.

allt





### Bakarið hjá Jóa Fel

Bakarið Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir.

**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakarið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.**

### Leikskólinn Sólborg.

Óskar eftir áhugasömu samstarfsfólki til starfa. Þjóðum góða leiðsögn í skemmtilegu vinnu umhverfi.

**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 5380.**

### Dagvinna - Subway

Hringbraut og Austurstræti. Vantar fólk í fullt starf, vaktavinna, sveigjanlegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.

**Hægt er að sækja um á subway.is**

### Devitos pizza

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir og kvöldvaktir.

**Uppl. í s. 692 4327.**

### Bakarið Austuveri.

Starfsmaður óskast í pökkun.

Vinnutími 05-12

**S. 860 7222**



### Frábær-aukavinna

Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulunda starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti. Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Skipholt Haukur í s.552 2211 eða 660 1143.

### Pítan Skipholti

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir.

**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

### Pizzabakara vantar.

Pizzubakara vantar á Mangó Pizzu Grafarvogi. Góð laun í boði fyrir rétt fólk.

**Upplýsingar í staðnum eða í síma 660 7750.**

### Afgreiðslufólk!

Afgreiðslufólk vantar á Mangó grill, Grafarvogi.

**Upplýsingar í síma 577 1800 Anna.**

### Góð aukavinna!

Við getum bætt við okkur fólki í símasölu frá klukkan 18-22. Tvö til fimm kvöld í viku. Góðir tekju-möguleikar.

**Ístal ehf. S. 511 4501.**

### Ræsting/afleysing

Tímabundna ræstingu vantar í leikskólann Austurborg v. forfalla.

**Áhugasamir hafi samband í s. 588 8545. Austurborg Háaleitisbraut 70 (bakvið Austurver).**

### Rauðará steikhlús

Vantar framleiðslumann, barþjón og aðstoð í sal kvöld og helgar.

**Upplýsingar í síma 699 2363 & 562 6766.**

### Hellulagningaraðilar og verkamenn

Vana aðila vantar í hellulagnir einig verkamenn.

**Uppl. í síma 822 2661.**

### Príf og umhirda.

Fyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann til þrifa og umhirdu vinnubúða í nágrenni reykvavíkur. Vinnutími 4 tímar á dag, virka daga. Góð laun í boði.

**Upplýsingar í síma 664 5080.**

### Smíðir óskast !

Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkið.

**Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is**

### Múrari óskast (vanur flísalögnum)!!

Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkið.

**Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is**

### Píparar óskast !

Duglegir menn óskast í framtíðarstörf hjá Handlaginn. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta fólkið.

**Uppl. í síma 511 1707 eða sendið umsóknir á handlaginn@handlaginn.is**

### Öflugur starfsmaður

Flotlagnir ehf. óska eftir að ráða öflugan starfsmann til framtíðarstarfa. Starfið felst í gólfslipunum og flotun gólfa. Reynsla æskileg.

**Upplýsingar í sínum 862 1600 og 896 9604.**

### Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veislupjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð

**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**



### Næturvinna - Subway Ártúnshöfða

Vantar fólk á næturvaktir, 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.

**Hægt er að sækja um á subway.is. Góð laun í boði.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Vantar fólk til starfa í samlokugerð, vaktavinna. Sómi ehf Gilsbúð 9, 210 Garðabæ.

Rótgróið markaðsfyrirtæki með góð verkefni óskar eftir sölufulltrúa frá kl. 9.00-17.00. Við krefjumst ekki reynslu heldur veitum þér þjálfun. Starfið hentur vel þritugum og eldri, jafnvel miklu eldri. Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 533 4440 á daginn.

Óskum eftir verkamönnum í smíðavinnu. Góð laun í boði og mikil vinna framunda. Uppl. í síma 896 1305 & 894 6115.

Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. s. 899 0909 eða 893 5114

### Járnamenn!

Óska eftir tveimur samhentum járnamönnum í vetur. Uppl. í s. 895 7263.

### Ert þú dugleg/ur!?

Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum starfsmönnum sem vilja vinna með skemmtilegum hóp af fólki. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf í veitingasal og eldhúsi. Lágmarkskaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

### Pizzabakari og aðstoða

Okkur vantar hressan, duglegan og jákvæðan starfsmann í eldhús. Lágmarkskaldur 18 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

### Ritfangaverslun

Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Upplýsingar í s. 698 4114.

### Bæjardekk Mosfellsbæ

Óskar eftir hressu og öflugu starfsfólki. Upplýsingar hjá Davíð í síma 566 8188 eða á staðnum.

Matsvein og háseta vantar á dragnótarbát. Uppl. í s. 822 6664 & 893 5590.

### Breiðholtsbakari

Vantar starfskraft í verslun, skiptivaktir og einhver helgarvinna. Ekki yngri en 18 ára. Einnig vantar starfskraft eftir hádegis. Reyklaus vinnustaður. Uppl. í s. 895 9420.

### Háseta vantar

á trillu sem stundar línuveiðar frá Patreksfirði. Möguleiki að útvega húsnæði. Uppl. í s. 898 3959 & 897 2427.

### Sölumaður

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbæ R-vík. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3193.

### Starfsmaður á kassa

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbænum. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3193.

Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu í sjoppu. Þarf að vera orðinn 18 ára. Uppl. í s. 661 4524 & 553 9522.

Manneskja vön símasölu óskast. Hluta-starf. Uppl. í s. 864 3580.

### Mikil vinna

Vantar verkamenn í jarðvinnuframkvæmdir. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

Vantar starfsmann til almennra afgreiðslustarfa í blómabúð. Vinnutími samkomulag, dag-, kvöld- og helgarvinna í boði. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax. Upplýsingar í síma 551 8602, eftir kl. 20.

### Stýrimann vantar

Stýrimann vantar á 130 tonna dragnót-arbát sem gerður er út frá Suðvesturhorninu. Uppl. í s. 847 2836 & 863 9357.

Ræstingapjónustan sf óskar eftir starfsfólki til ræstingastarfa á höfuðborgarsvæðinu í 50-100% störf á daginn. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9 og 12.

### Sjómenn!!

Vana háseta vantar á bát með beitning-arvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Bilastjarnan óskar eftir starfskrafti til að sjá um þríf og frágang bíla eftir viðgerðir. Viðkomandi þarf að vera vandvirkur og stundvís. Uppl. í s. 567 8686.

Rekkverk óskar eftir vönum járníðnaðarmanni til starfa strax. Uppl. í s. 565 3232 og 892 3231.

### Þríf-Cleaning and cooking

Óska eftir duglegum og heiðarlegum einstakling til þess að þrifa og hjálpa til á heimili í Garðabæ. Þarf að vera vandvirkur og kunna að elda. Framtíðarstarf. Vinsamlegast hafið samband í síma 897 7922, eða senda mail á aria@islandia.is

### Hlutastarf í verslun.

Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf í tiskuvöruverslun í kringlunni. 18 ára og eldri. Umsækjendur sendið tölvupóst á sjsk@simnet.is

Verkstjóri óskast í byggingavinnu (inni-vinna) í vetur. Uppl. í s. 869 9814.

### Au pair til Köben

Dönsk fjölskylda óskar eftir íslenskrí au pair. Við eigum 3 börn (2, 7 og 9 ára) einnig þarf að hjálpa til við heimilis-haldið. Viðkomandi verður að vera eldri en 18 ára, þarngóð og jákvæð, þarf að tala ensku og/eða dönsku. Sendið svörin skriflega með nauðsynlegum upplýsingum á warning@dadlnet.dk fyrir 6. okt. 2005.

Verkamenn. Vantar duglega menn í vinnu nú þegar. Ekki yngri en 25. ára. Góð laun. Uppl. í 896 9507

Bakarið Hraunbergi 4 óskar eftir að ráða starfskraft í ræstingar. Vinnutími ca 3 tímar á bilinu 13-18. Nánari uppl. í s. 897 8101 & 863 8009.

### Atvinna óskast



### Vantar þig starfsfólk? In-tJob útvegar erlend starfsfólk

Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatilhögum. Leggjum áherslu á fagmennsku.

**In-tJob sími 517 4530 in-tjob@intjob.is**

Smíður, 55 ára, leitar eftir atvinnu (launþegi). Uppl. í s. 863 3012.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið



Janus er týndur og er sárt saknað. Ómerktur. Hafið samband við Kristínu í s. 567 1647 eða 895 3813.

### Einkamál

### Viltu kynnast fólki?

Fólk með sömu þarfir og þú er akkurat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

**90,9**  **FRÉTTABLAÐIÐ** *Létt 96.7* 

Kynntu þér KB Tekjuvernd-Pantaðu ráðgjöf á KBbanki.is eða hringdu í síma 444-7000.

### KB banki

Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg Enn meiri verðlækkun, komdu strax.

**Brimborg, notaðir bílar.**

### Jeppakerrur, Víkurvagnar

Taktu notaðan bíl strax í Brimborg. Enn meiri verðlækkun.

**Komdu núna í Brimborg.**

Brother prentarar; allt að 50% afsláttur.

**Penninn Hallarmúla og Akureyri.**

Kápur fyrir veturinn.

**Debenhams.**

Stígvél í úrvali.

**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Höfum opnað fullkomnuustu bílaþvottastöð á Íslandi.

Ný gerð af silkimjúkum svampburstum.

Tilboðsverð 1000 krónur.

**Löður Bæjarlind-2, kjallari.**

Sláturmarkaður S.S. og Hagkaupa er í Hagkaupum, Skeifunni.

**Sláturmarkaður S.S.**

Bónusvinningurinn stefnir í 29 milljónir og hefur aldrei verið stærri.

**Víkingalottó.**

### Dráttarbeisli, Víkurvagnar

Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg. Það eru brjáluð tilboð á notuðum bílum núna hjá Brimborg.

**Komdu strax í Brimborg.**

Takið mikið slátur og sparið.

**Sláturmarkaður S.S. og Hagkaupa í Skeifunni.**

Ársalir Fasteignamiðlun, **533-4200.**

Hleðslurafhlöður.

**Rafborg.**

Hjólbarðaskipti.

**Gúmmivinnustofan Skipholti\_35**

Grænmetisþíta.

**Pítan Skipholti.**

Baðmottur, 50% afsláttur.

**Baðheimar, Fosshálsi.**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.

**Gler-í-gegn.**

Vílleroy&Boch hreinlætistæki.

**Baðheimar Fosshálsi.**

Frábær hádegistilboð.

Grillhúsið Tryggvagötu.

**Belladonna. is**

Allt til vingerðar.

**Áman.**

Lítu við!

**Belladonna. is**

Ókeypis lyfjakömmtnun og fríar heimsendingar.

**Lyfjaver, Apótekið Suðurlandsbraut.**

Kalkúnapíta.

**Pítan, Skipholti.**

Heilsársdekk.

**Gúmmivinnustofan Skipholti.**

Nikótínlyf á heildsöluverði.

**Lyfjaver, Apótekið Suðurlandsbraut.**

Fjölbreytt úrval.

**Gler í gegn.**

Veldu góða skó.

**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Gerðu sjálfur þitt gæðavin.

**Áman.**

Símarafhlöður.

**Rafborg.**

Yfirhafnir í miklu úrvali.

**Debenhams.**

Baðkór í úrvali.

**Baðheimar, Fosshálsi.**

Ársalir Fasteignamiðlun, **www.arsalir.is**

Haustið er komið.

**Belladonna**

Góður matur, góð stemning.

**Grillhúsið Tryggvagötu.**

Buffþíta.

**Pítan Skipholti.**

GP-alkaline.

**Rafborg.**

Innskór í úrvali.

**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Glerlist.is

**Gler í gegn**

Lopahúfur og indversk sjöl-

**Alvöru búðin-Selfossi**

Vingerðarnámskeiðin eru að byrja.

**Áman.**

### Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

## KONUR HLUSTA

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stö**



## SJÓNARHORN



Friðsæld í kirkjugarðinum í Vestmannaeyjum. Ljósmynd: Vilhelm



Hreinlega...

Allt sem þú þarft  
og meira til

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

# Tilboð!

Á NOTUDUM OG NÝJUM VÖGNUM

**STÓRLÆKKAD VERÐ!**

**Tjaldvagnaland**

SEGLAGERÐIN ÆGIR  
Verslaðu við traustan aðila!

Allar upplýsingar um tilboðin eru á [www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is)

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • [www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is)

JOINT  
lágþekjubíll

Holi - camp ÆGIS  
tjaldvagn

allt

Allt um tísku og ferðir  
á fimmtudögum í Fréttablaðinu.



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.599 **-0,07%** Fjöldi viðskipta: 211 Velta: 4.064 milljónir

| MESTA HÆKKUN  |        | MESTA LÆKKUN   |        |
|---------------|--------|----------------|--------|
| ↑ Jarðboranir | +4,48% | ↓ Atorka Group | -0,83% |
| Siminn        | +1,04% | Marel          | -0,75% |
| Össur         | +0,59% | FL Group       | -0,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,20 +0,50% ... Bakkavör 43,50 -0,50% ... Burðarás 17,90 +0,00% ... FL Group 14,70 -0,70% ... Flaga 3,65 -0,60% ... HB Grandi 9,20 +0,00% ... Íslandsbanki 14,95 +0,00% ... Jarðboranir 21,00 +4,50% ... KB banki 591,00 -0,20% ... Kögun 54,10 +0,20% ... Landsbankinn 22,00 +0,00% ... Marel 66,50 -0,80% ... SÍF 4,77 -0,60% ... Straumur 13,75 +0,00% ... Össur 85,50 +0,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Afgangur af rekstri ríkissjóðs tveir milljarðar

Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti aukast um tæp 50 prósent milli ára.

Afgangur af rekstri ríkissjóðs í fyrra var tveir milljarðar króna samkvæmt ríkisreikningi sem birtur var í gær. Árið áður var ríkissjóður rekinn með 6,1 milljarðs króna tapi. Ef afkoman er skoðuð án tilfallandi liða eins og eignasölu, lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna er afgangur af rekstri ríkissjóðs um 23 milljarðar króna á meðan halli ársins á undan nam rúmum 1 milljarði króna á sama grunni.

Gjöld ársins voru 300 milljarðar króna en það eru tæp 34 prósent af landsframleiðslu samanborið við 34,6 prósent árið 2003. Samkvæmt fjáráukalögum var gert ráð fyrir að útgjöldin næmu 285 milljörðum króna. Niðurstaðan er 5,6 prósent frá þeirri áætlun.

Eins og áður eru heilbrigðismál



FYRRVERANDI FJÁRMÁLARÁÐHERRA OG FYRRVERANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA Viðsnúningur var á afkomu ríkissjóðs í fyrra miðað við árið 2003.

stærsti útgjaldaliður ríkisins og var 73 milljörðum króna varið til þeirra. Aukning frá fyrra ári er 5,8 prósent eða 2,5 prósent að raungildi. Hér vega sjúkrahúsapjónusta og heilsugæsla þýngst eða um 87 prósent. Séu útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála einnig tekin með fer um helmingur heildarútgjalda ríkissjóðs í þessa málaflokka.

Tekjur ársins urðu 302 milljarðar króna en það er 34,2 prósent af landsframleiðslu samanborið við 33,8 prósent árið á undan. Tekjur af sköttum á sölu vöru og þjónustu eru um 131 milljarður króna eða nær helmingur heildartekna. Mest verður aukning skatta á fjármagnstekjur milli ára en hún var 49 prósent.

- bg



JAKOB SIGURÐSSON, FORSTJÓRI SÍF Afkoma annars ársfjórðungs markast mjög af hækkandi hráefnisverði, fyrst og fremst á laxi.

SÍF vel undir væntingum

Hækkandi hráefnisverð snertir félagið illa.

Hagnaður SÍF á öðrum ársfjórðungi var aðeins 33 þúsund evrur. Er það talsvert undir spám bankanna sem höfðu að meðaltali gert ráð fyrir tæplega 6,2 milljóna evra hagnaði. Hagnaður á fyrri hluta árs var alls 2,8 milljónir evra.

Svokölluð EBITDA-framlegð var einnig langt undir væntingum markaðsaðila.

„Eins og við spáðum í maí hafði umtalsverð hækkun hráefnisverðs samanborið við sama tíma í fyrra umtalsverða erfiðleika í för með sér á öðrum ársfjórðungi. Áhrif hækkandi laxaverðs voru veruleg þar sem SÍF er með leiðandi stöðu í framleiðslu og sölu reyktra laxafurða á lykilmörkuðum sínum í Vestur-Evrópu,“ segir Jakob Sigurðsson, forstjóri SÍF, í tilkynningu frá félaginu.

Ágætis tekjuaukning varð á milli fyrsta og annars fjórðungs en sölutekjur námu um 114 milljónum evra.

Fastlega er búist við að hátt hráefnisverð muni hafa áhrif á afkomu félagsins á næsta ársfjórðungi sem verður fyrsti ársfjórðungur þar sem félagið hóf nýtt reikningsár í júlí. Síðasti ársfjórðungur er eftir sem áður langmikilvægastur.

- epa

Fall í Banda-ríkjunum

Væntingar bandarískra neytenda hrapa.

Væntingar bandarískra neytenda hafa ekki verið lægri síðan í október 2003 samkvæmt nýjustu útreikningum á væntingavísitölu vestanhafs. Vísitalan, sem var 105,5 stig í ágúst, er nú komin niður í 86,6 stig og hefur ekki lækkað eins hratt milli mánaða í fimmtán ár.

Þetta er töluvert lægri tala en bandarískir hagfræðingar höfðu gert ráð fyrir en nýafstaðnar hamfarir eru taldar hafa haft töluverð áhrif til lækkunar vísitölunnar. Samdráttur í einkaneyslu getur verið varasamur þar vestra þar sem hún drífur um 70 prósent af hagkerfi Bandaríkjanna.

- hhs

# Hittu Microsoft®

á Nordica 4. og 5. október 2005

## Taktu frá 4. og 5. október til að hitta Microsoft á Nordica Hótel

**Ráðstefnan í ár fyllir tvo heila daga. Annars vegar er ráðstefnan sniðin að þörfum smærri fyrirtækja og almennra notenda og hins vegar stjórnenda í fyrirtækjum almennt ásamt tæknimönnum og sérfræðingum.**

Meðal fyrirlesara verða sérfræðingar á vegum Microsoft Íslandi og í Danmörku auk samstarfsaðila Microsoft hér á landi.

**Skráningargjald**

**Fyrri dagur:** kr. 2.500  
**Báðir dagar:** kr. 10.000

Innifalið í skráningargjaldi eru kaffiveitingar og hádegisverður báða daga. Vinsamlegast skráið ykkur tímanlega á vefsetrinu [www.microsoft.is](http://www.microsoft.is). Dagskránni 5. október lýkur með kokkteil og hjómsveit spilar.

Ráðstefnan er haldin í samvinnu við:

**4. október**

**SMÆRRI FYRIRTÆKI**

Í fyrirlestrum ætluðum stjórnendum og starfsmönnum smærri fyrirtækja verða kynntar leiðir til að hagræða í rekstri. Annars vegar verður fjallað um mikilvægi þess að velja réttar hugbúnaðarlausnir og hins vegar hvernig þær skuli nýttar til að auka afköst og framlegð í rekstrinum.

**NOTENDUR**

Í fyrirlestrum ætluðum almennum notendum verður aðal áhersla lögð á að kynna leiðir til að nýta lausnir Microsoft Office betur og árangursríkar.

**5. október**

**STJÓRNENDUR**

Stjórnendum í fyrirtækjum verður sýnt fram á hvernig réttar lausnir geta stuðlað að aukinni samvinnu, bæði meðal starfsmanna og einnig milli starfsmanna og viðskiptavina. Réttar lausnir eru til þess fallnar að stuðla að aukinni framlegð í rekstrinum.

**TÆKNIMENN OG SÉRFRÆÐINGAR**

Tæknimönnum og sérfræðingum verða kynntar helstu nýjungar í hugbúnaðar- og tæknilausnum frá Microsoft og hvernig nýta megja þessar lausnir á árangursríkari hátt en áður hefur sést.

Microsoft®



BRIGITTE BARDOT (1934 -)  
á afmæli í dag.



„Það er leitt að eldast en gott að þroskast.“

Franska þokkagyðjan og kvikmyndastjarnan Brigitte Bardot  
hætti að leika árið 1974 en hefur síðan verið ötull  
talsmaður dýraverndunar.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar  
aðstoðað við undirbúning útfara.  
Alhliða útfararþjónusta  
Símar: 567 9110,  
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.  
Stofnað 1990

LEGSTEINAR

S. HELGASON

Skemmuvegi 48

S: 557 6677

www.steinsmidjan.is



Ástkær bróðir okkar,

**Sigmundur Sigurgeirsson**

frá Ásgerðarstaðaseli í Hörgárdal,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 18. september.  
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.  
Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Hlíð fyrir góða  
ummönnun og hlýhug.

Bragi Sigurgeirsson

Geirfríður Sigurgeirsdóttir



Elskuleg eiginkona, dóttir, móðir,  
tengdamóðir, systir, mágkona, amma og  
langamma,

**Kristín Hallsdóttir**

Kedjevägen 5, Örebro, Svíþjóð,

sem lést miðvikudaginn 14. september, verður  
jarðsöngin þann 30. september í Mäster Olofs kapell,  
Örebro, Svíþjóð.

Kjell Söderberg

Guðný Ólafía Stefánsdóttir

Hallur Viggósson

Kristrún Birna Viggósdóttir

Dagný Viggósdóttir

Guðni Þór Viggósson

Vernharður Sveinn Vígsteinsson

Þórunn Kristín Vigsteinsdóttir

Björn Hallsson

Edda Hallsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Linda Sigurðardóttir

Jón Rafn Einarsson

Óskar Rúnar Samúelsson

Ylva Viggósson

Maria Jannesson

Martin Wido

Jarþrúður Rafnsdóttir

Finnbogi Gústafsson



Hjartans ættingjar, vinir, samstarfsfólk og  
nemendur nær og fjær. Innilegar þakkir  
fyrir nærveru ykkar, hlýju og samúð vegna  
veikinda og andláts elskulegs eiginmanns  
míns, föður, tengdaföður og afa

**Ólafs Guðmundssonar.**

Kæra starfsfólk Krabbameinsdeildar LSH og Karitas.  
Þjóðin er gæfusöm að eiga mannaud sem ykkur innan  
handar. Megi minningin um Ólaf lifa í hjörtum  
okkar allra.

Hlín Helga Pálsdóttir

Andri Birkir Ólafsson

Olga Björk Ólafsdóttir

Helga Lára Ólafsdóttir

Magnús Björn Ólafsson

Jóhann Ólafur og Andri Hrafn Andrasynir.

María Guðbjartsdóttir

Roland Hartwell

Ásgeir Friðriksson

## PETTA GERÐIST > 28. SEPTEMBER 1066

### Vilhjálmur gerir innrás í England

Á þessum degi árið 1066 réðst Vilhjálmur, hertogi  
af Normandí, inn í England og gerði tilkall til ensku  
krúnunnar.

Þótt óskilgetinn væri varð Vilhjálmur hertogi Norm-  
andí aðeins sjö ára gamall, þegar faðir hans féll frá  
árið 1035.

Árið 1051 er talið að hann hafi heimsótt Játvarð  
Englandskonung sem var barnlaus. Normanskir  
sagnfræðingar segja Játvarð hafa lofað að gera Vil-  
hjálmuð erfingja sínum en á banabeði snerist hon-  
um hugur og lofaði Haraldí Guðinarsyni, voldugasta  
manni Englands, krúnunni. Í janúar 1066 var hann  
krýndur Haraldur II Englandskonungur og mótmælti  
Vilhjálmur harðlega.

Síðar um árið veitti Haraldur harðráði Noregskon-  
ungur Vilhjálmi liðsinni sitt. Hann réðst inn í Eng-  
land frá Skotlandi sem gerði að verkum að landið  
var óværið frá Ermasundi. Vilhjálmur kom á land í  
Pevensey og skundaði þaðan til Hastings hvar hann

mætti Haraldí II í  
orrustu í október.  
Vilhjálmur felldi Har-  
ald og sigraði her  
hans.

Frá Hastings þusti  
Vilhjálmur til Lund-  
úna og vann borg-  
ina umsvifalaust á  
sitt vald. Á júlada-  
g 1066 var Vilhjálmur  
sigursæli krýndur  
Englandskonungur,  
fyrstur Normanna og  
lauk þar með valda-  
tið Engilsaxa á  
Englandi. Franska varð opinber tunga hirðarinnar en  
blandaðist smám saman engilsaxnesku og lagði  
grunninn að nútímaensku. Vilhjálmur lést árið 1087.



VILHJÁLmur SIGURSELI

## MERKISATBURÐIR

- 1542** Portúgalski landkönnuður-  
inn Juan Rodríguez  
Cabrillo kemur til Kalíform-  
íu fyrstur Evrópumanna.
- 1914** Þorsteinn Erlingsson skáld  
deyr.
- 1928** Bandaríkin viðurkenna rík-  
isstjórn Shjang Kai-shek í  
Kína.
- 1930** Hús elliheimilisins Grund-  
ar við Hringbraut er vígt.
- 1958** Frakkar samþykkja nýja  
stjórnarskrá.
- 1968** Lag Bítlanna Hey Jude fer  
á topp breska vinsældas-  
listans og trónir þar í níu  
vikur.
- 1988** Ríkisstjórn Steingríms Her-  
mannssonar, sú önnur  
undir hans forsæti, tekur  
við völdum.
- 1989** Ferdinand Marcos, fyrrver-  
andi forseti Filippseyja,  
deyr í útleig.

OLIVER KENTISH VERÐUR AÐALSTJÓRNANDI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÁHUGAMANNA

## Skemmtilegast af öllu að stjórna

Sinfóníuhljómsveit áhuga-  
manna hefur starfað í  
fimmtán ár undir styrkri  
stjórn Ingvars Jónassonar.  
Ingvar ákvað í vor að  
hætta sem aðalstjórnandi  
og við honum tekur Oliver  
Kentish, sellóleikari, tón-  
skáld og stjórnandi. Oliver  
hefur búið á Íslandi síðan  
árið 1977. „Ég fékk starf í  
Sinfóníuhljómsveit Ís-  
lands. Þetta átti að vera til  
eins árs en eins og vill  
verða þá kynntist ég konu,  
stofnaði fjölskyldu og allt í  
einu er ég búinn að búa  
lengur hér en í heimaland-  
inu,“ segir Oliver sem  
fæddist í London og hóf að  
læra á selló tólf ára gam-  
all. „Þegar ég var búinn að  
læra og var að leita mér að  
vinnu í Bretlandi var  
hringt í mig og ég spurður  
hvort ég hefði áhuga á  
þessu starfi,“ segir Oliver  
sem hélt fyrst að verið  
væri að gera grín.

Oliver hefur verið við-  
riðinn Sinfóníuhljómsveit  
áhugamanna frá upphafi.  
„Ég held ég hafi spilað á  
fyrstu tónleikum hljóms-  
veitarinnar sem hljóð-  
færaleikari,“ segir Oliver  
sem stjórnað hefur hljóms-  
veitinni nokkrum sinnum  
yfir árin auk þess sem hann  
hefur samið verk fyrir  
hana.

„Þetta er það sem mér  
finnst mest gaman af öllu,“  
segir Oliver um það að  
stjórna hljómsveit en hann  
stjórnar einnig kammer-  
hljómsveit í Tónlistarskól-  
anum í Hafnarfirði. „Mér  
finnst þetta mjög gefandi  
starf því mikið af þessum  
krökkum sem ég hef kennt  
er núna atvinnufólk í tónlist  
og spilar í Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands,“ segir Oliver  
sem er stoltur af gömlu  
nemendum sínum.

Oliver vill heldur  
stjórna nemendum og  
áhugamönnum en atvinnu-  
mönnum. „Ég held ég sé  
best geymdur þar sem ég  
er,“ segir Oliver og hlær  
hjartanlega. Oliver telur  
hljómsveitina góða enda  
spili þar bæði ungt fólk á  
leið í atvinnumennsku og  
annað fólk sem hefur lært  
talsvert í tónlist en valdi að  
lokum annan starfsferil.

Oliver segir spennandi  
starfsár framundan og  
margt skemmtilegt í boði.  
Fyrstu tónleikarnir verða  
nú á sunnudag þar sem boðið  
verður upp á verk eftir  
Mozart, Schubert og Weber  
en ungur klarinettuleikari,  
Grímur Helgason, mun  
leika einleik með hljóms-  
veitinni. Tónleikarnir  
verða í Seltjarnarneskirkju  
og hefjast klukkan 17.



TÓNSKÁLD OG STJÓRNANDI Þegar Oliver var boðið starf í Sinfóníu-  
hljómsveit Íslands fyrir 28 árum hélt hann fyrst að verið væri að gera grín.

## ANDLÁT

**Hannes Jónsson** rafvirkjameist-  
ari, Austurbrún 4, Reykjavík, and-  
aðist fimmtudaginn 15. septem-  
ber. Bálfor hefur farið fram í kyrr-  
þey.

**Ingibergur Bjarnason**, Rauða-  
nesi III, Borgarnesi, andaðist á  
gjörgæsludeild Landspítalans í  
Fossvogi föstudaginn 23. septem-  
ber.

**Einar Kr. Pálsson**, sjóntækja-  
fræðingur, Oddeyrargötu 14, Ak-  
ureyri, andaðist á Fjórðungs-  
sjúkrahúsinu á Akureyri laugar-  
daginn 24. september.

**Áskell Einarsson**, fyrrverandi  
framkvæmdastjóri Fjórðungssam-  
bands Norðlendinga, lést á heim-  
ili sínu, Vallholtsvegi 17, Húsavík,  
sunnudaginn 25. september.

## JARÐARFARIR

**11.00 Jón J. Waagfjörð**, frá Garð-  
húsum, Vestmannaeyjum,  
Holtsbúð 16, Garðabæ,  
verður jarðsönginn frá  
Vidalínskirkju í Garðabæ.

**11.00 Sigríður Jóhannessdóttir**,  
Suðurnýri 8, Seltjarnar-  
nesi, verður jarðsöngin frá  
Dómkirkjunni í Reykjavík.  
Jarðsett verður að Helga-  
felli í Helgafellssveit kl.  
17.00.

**14.00 Ingibjörg Ágústsdóttir**, frá  
Borgarholti, síðast til heim-  
ilis á Suðurgötu 35, Akra-  
nesi, verður jarðsöngin frá  
Akraneskirkju.

**15.30 Minningarathöfn um Maj-  
lis Stenelund**, hjúkrunar-  
fræðing, verður haldin í  
Geisla, kapellu hjúkrunar-  
heimilisins Sólvangs.



Elskuleg sambyliskona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Kristín Jónsdóttir**

Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 20. september.  
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn  
29. september kl. 15.00.

Reynir Jóhannesson

Elisabet Reinhardsdóttir

Reinhard Reinhardsson

Stefanía Reinhardsdóttir

og barnabörn.

Sigvaldi H. Ægisson

Karólína I. Guðlaugsdóttir

Khalifeh



**50**  
**+ 80** **I. vinningur**



**130**  
**milljónir**

**ENGINN SMÁ  
BONUS!**



**Það er alltaf einhver  
að vinna milljónir**

Taktu þátt í Víkingalottóinu og láttu reyna á hvort lukkuhjólið snúist þér í vil að þessu sinni.  
Það væri enginn smá bónus fyrir þig að fá nokkrar millur í vinning.  
Freistaðu gæfunnar – það er til mikils að vinna!

Skelltu þér á miða á næsta sölustað, á **lotto.is** eða fáðu þér **miða í áskrift** svo þú missir ekki af neinu!

**V Í K I N G A**  
**LOTTO**  
Alltaf á miðvikudögum!

**Vertu með fyrir kl. 16.**





## Heyrst hefur ...

... að bakhjarlar handknattleiksdeildar FH séu orðnir mjög órólegir vegna mjög lélegs gengis hjá bæði karla- og kvennaliði félagsins. Liðin hafa tapað öllum sínum leikjum til þessa og það þrátt fyrir að hafa verulega öflugan mannskap innan sinna raða – leikmenn og þjálfara sem sagan segir að hafi kostað skilðinginn.

**sport**  
sport@frettabladid.is

## GUÐJÓN VALUR SIGURDSSON: SÁ BESTI Í SINNI STÖÐU Í ÞÝSKALANDI AÐ MATI ALFREDS GÍSLASONAR

# Æfði með Jóni Arnari tugbrautarkappa

Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurdsson, leikmaður Gummersbach, hefur farið á kostum í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í vetur. Hann er á meðal markahæstu manna og Gummersbach með fullt hús stiga eftir 5 umferðir.

Alfred Gíslason, þjálfari Magdeburg, er ákaflega hrifinn af frammistöðu Guðjóns Vals. „Hann er besti vinstri hornamaðurinn í deildinni og var það líka í fyrra. Guðjón Valur er öflugur allhliða leikmaður og hefur spilað feikilega vel í haust,” sagði Alfred við Fréttablaðið.

Guðjón Valur segir rosalega gaman

að fá svona ummæli frá fagmanni eins og Alfred sem er á meðal fremstu handboltapjálfa í heiminum.

„Ég get ekki sagt að ég skari fram úr öðrum hornamönnum í minni stöðu. Mér og mínu liði hefur gengið vel í haust en mér finnst þetta rökrétt framhald af síðasta vetri þegar ég lék með Essen,“ segir Guðjón Valur sem varð Evrópu-meistari með liðinu í vor.

Guðjón Valur lét ekki deigan síga í sumarfríinu og leitaði til Jóns Arnars Magnússonar tugbrautarkappa til að koma sér í enn betra form.

„Ég fékk Jón Arnar til að

pína mig í sumar. Hann samdi æfingaprógamm fyrir mig og ég mætti í ræktina til hans þegar hann var að æfa. Það var frábært að æfa með svona afburða íþróttamanni eins og Jóni Arnari. Í sam-anburði við hann var ég eins og byrjandi.”

Þjálfari Gummersbach, Króatinn Velimir Kljaic, sagði í samtali við Fréttablaðið að Guðjón Valur væri vissulega bestur í sinni stöðu og þegar kemur að markaskorun komi hraðinn að góðum notum. „Lars Christiansen og Stefan Kretschmar eru öðruvísi týpur. Kretschmar fer fljótlega að hætta og Christiansen er góður þegar það er ekki mikið undir. Guðjón Valur er mjög fjölhæfur leikmaður, alltaf duglegur og hefur góð áhrif á liðsandann.”

## > Við biðum spenntir eftir ...

... að sjá hvort Eiður Smári Guðjohnsen fái tækifæri hjá Jose Mourinho í kvöld. Hann hefur átt við veikindi að stríða en fékk að spreyta sig um helgina þar sem hann stóð sig þokkalega. Nú er að sjá hvort hann haldi uppteknum hætti og fái loksins að sýna almennilega hvað í honum býr.

## > Við furðum okkur ...

... á HK-ingum sem ætla greinilega að beita öllum ráðum til að koma liði sínu á topp DHL-deildar karla. Tæknimenn liðsins létu sigurleikinn gegn ÍBV telja þefalt og hafa því afgerandi forystu í deildinni samkvæmt opinberri heimasíðu deildarinnar.



FH-stúlkur fá liðsstyrk:

## Ólympíumeistari í Krikann

**HANDBOLTI.** „Ég geri fastlega ráð fyrir því að þetta sé einn besti leikmaður sem komið hefur hing-að til lands sem atvinnumaður í kvennaboltanum, án þess að ég vilji vera að kasta rýrð á þá leikmenn sem fyrir eru,” sagði Örn Magnússon, formaður handknattleiksdeildar FH, þegar Fréttablaðið spurði hann út í nýja leikmann liðsins, dönsku skyttuna Maju Grönbek, sem lék sinn fyrsta leik fyrir liðið í gærkvöld.

„Hún hefur gríðarlega reynslu og við saum það strax á fyrstu æfingunni hennar að hún er klassaleikmaður. Hún sagði skilið við lið sitt á Spáni á dögnum og Kristján Halldórsson þjálfaði hana á sínum tíma í Danmörku, þannig að hann þekkir hana vel,” sagði Örn.

- bb

# Risinn sefur enn værum svefni

Kvennalið FH hefur ekki staðið undir væntingum í upphafi Íslandsmótsins og í gær mátti liðið sætta sig við tap á heimavelli gegn Stjörnunni.

**HANDBOLTI** Það er ljóst að risinn í Hafnarfirði er ennþá í dvala í handboltanum en FH tapaði í gær fyrir Stjörnunni í Kaplakrika. Þar með hefur liðið tapað fyrstu tveimur leikjum sínum á mótinu, en ljóst er að þeirra biður mikið verk ef liðið ætlar sér að vera í toppbaráttunni í vetur. Jafnræði var með liðunum í byrjun en um miðjan fyrri hálfleik náðu gestirnir tókum á leiknum sem þeir slepptu aldrei.

Kristján Halldórsson var ekki upplýsdjafur í leikslok: „Við vorum að elta allan tímann eftir ágætis byrjun en gerðum mistök á mikilvægum augnablikum í leiknum þegar við áttum þess kost að komast inn í leikinn,” sagði Kristján. Það sem varð FH að falli í

þessum leik var dapur sóknarleikur og Kristján tók undir það: „Sóknarleikurinn var alls ekki nægilega góður. Við fengum nýjan leikmann í gærmorgun og liðið á eftir að slípast betur til. En það er ljóst að okkar biður mikið verk og við getum gert mikið betur.”

Varnarleikur Stjörunnar var góður í gær og flotíð á sóknarleiknum var gott og þá sérstaklega í fyrri hálfleik. Ljóst er að liðið hefur alla burði til þess að vera í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í vetur. Jóna Margrét Ragnarsdóttir skoraði 10 mörk í leiknum og átti góðan dag: „Þetta var sigur liðsheildarinnar, vörnin var góð og í kjölfarið fengum við hraðaupphlaup og það skóp sigurinn í dag.”

- gjj



JÓNA Í STUÐI Stjörnustúlkan Jóna Margrét Ragnarsdóttir skoraði tíu mörk í Krikannum í gær og FH-stúlkur réðu ekkert við hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



GUÐNI BERGS HITAR UPP KL. 18.  
Í KVÖLD KL. 18:30  
SCHALKE - AC MILAN (SÝN EXTRA)

LIVERPOOL  
CHELSEA



**SÝN**  
besta sætið

## Gömul knattspyrnuhetja leggur skóna á hilluna: Hlynur hættur í boltanum

**FÓTBOLTI** Hlynur Birgisson, sem leikið hefur knattspyrnu með Þór á Akureyri undanfarin ár, er hættur að leika knattspyrnu eftir langan feril. Hlynur var um tíma atvinnumaður hjá Örebro í Svíþjóð og spilaði tólf landsleiki fyrir Íslands hönd, auk fjölda leikja

fyrir yngri landsliðin. „Mér fannst þetta vera ágæt tímasetning núna. Ég er að stunda nám í fjölmiðlafræði og ætla að einbeita mér að því. En eflaust verður erfitt að slíta sig alveg frá fótboltanum,” sagði Hlynur.

- mh



JOSE MOURINHO Á blaðamannafundi fyrir leik Chelsea og Liverpool í kvöld.

GETTY

Chelsea mætir Liverpool í meistaradeildinni í kvöld:

## „Munurinn ekki jafn mikill og deildin segir til um“

**FÓTBOLTI** Chelsea og Liverpool mættust alls fimm sinnum á síðustu leiktíð, Chelsea sigraði þrjá leiki, einum lyktaði með jafntefli og Liverpool vann einn. Enginn leikurinn endaði með meira en eins marks sigri og því má búast við því að það lið sem skorar á undan í kvöld vinni leikinn.

Rafael Benitez, knattspyrnu-stjóri Evrópumeistara Liverpool, er sannfærður um að bilið á milli Liverpool og Chelsea í deildinni endurspegli ekki gæðamuninn á liðunum í alvöru. „Það er mikið talað um öll þessi jafntefli sem við höfum gert að undanfögnu. Í fyrra töpuðum við yfirleitt svona jöfnunum leikjum. Chelsea hefur unnið

alla sína leiki í deildinni hingað til en stigin segja ekki alla söguna um gæðamuninn á liðunum. Þeir hafa spilað fleiri leiki,” sagði Benitez.

Ég hef ekkert hugsað um leikina í fyrra til að undirbúa mig fyrir þennan leik. Þessi viðureign er svo allt öðruvísi, nú erum við að keppa í riðlakeppni og tap þarf alls ekki að þýða að liðið sé úr leik,” sagði Benitez.

Leikurinn á Stamford Bridge verður í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn klukkan 18.45. Þá verður leikur Schalke og AC Milan í beinni útsendingu á Sýn plús og hefst á sama tíma.

- hjó

## ÚR SPORTINU

Aðeins hefur verið sótt um leikheimild fyrir sex evrópska leikmenn í Intersportdeildinni í vetur, samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Körfuboltasambands Íslands. Reglum um útlenda leikmenn var breytt á síðasta ársþingi KKÍ á þann veg að í vetur er aðeins leyfilegt að vera með einn bandarískan leikmann í hverju liði en áður gátu lið verið með 2 til 3 undir launabaki. Var því búist við holskeflu evrópskra leikmanna í Intersport-deildina í vetur en annað hefur komið á daginn. Einn mánuð tekur að fá keppnisleyfi fyrir evrópska leikmenn eftir 1. september. Keflavík, Hamar/Selfoss, Skallagrímur, Snæfell, Grindavík og Fjölnir hafa fengið sér evrópska leikmenn og hugsanlegt að fleiri bætist við þegar liða fer á veturinn.

Kristján Guðmundsson skrifaði í gær undir nýjan þriggja ára samning við Keflavík en tók nokkuð óvænt við Keflvíkurlíðinu fyrir sumarið eftir að Guðjón Þórðarson hætti störfum hjá félaginu. Keflavík endaði í fjórða sæti í Landsbankadeildinni og komst þar að auki í aðra umferð í Evrópukeppni félagsliða. Kristinn Guðbrandsson verður aðstoðarmaður Kristjáns, líkt og hann hefur verið í sumar.

Tveir leikmenn skrifuðu undir nýjan samning við félagið en það voru Issa Abdul Kadír og Davíð Örn Hallgrímsson. Branislav Milicevic skrifaði einnig undir nýjan samning við félagið á dögnum og verður í leikmannahópi félagsins í vetur.



Tveir leikir fóru fram hjá yngri landsliðum Íslands í knattspyrnu í gær. U-19 ára landslið kvenna burstaði Georgíu, 7-0, og U-17 ára landslið drengja steinlá hins vegar fyrir Tékkum, 4-1. Stúlkurnar voru að keppa í undankeppni HM en drengirnir í undankeppni EM.



LEIKIR GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

|                                         |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|-----------------------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| <b>A-RÍÐILL:</b>                        |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| BAYERN MÜNCHEN–CLUB BRUGGE 1–0          |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–0 Demichelis (32.).                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| JUVENTUS–RAPÍD VÍN 3–0                  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–0 Trezeguet (27), 2–0 Mutu (82.), 3–0 |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Ibrahimovic (85.).                      |  |  |  |  |  |  |  |  |  |

|                |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
|----------------|---|---|---|---|-----|---|--|--|--|
| <b>STAÐAN:</b> |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
| JUVENTUS       | 2 | 2 | 0 | 0 | 5–1 | 6 |  |  |  |
| BAYERN M.      | 2 | 2 | 0 | 0 | 2–0 | 6 |  |  |  |
| CL. BRUGGE     | 2 | 0 | 0 | 2 | 1–3 | 0 |  |  |  |
| RAPÍD VÍN      | 2 | 0 | 0 | 2 | 0–4 | 0 |  |  |  |

|                                            |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|--------------------------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| <b>B-RÍÐILL:</b>                           |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| AJAX AMSTERDAM–ARSENAL 1–2                 |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 0–1 Ljungberg (2.), 0–2 Pires, víti (69.), |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–2 Rosenberg (70.).                       |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| THUN–SPARTA PRAG 1–0                       |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–0 Hodzic (89.).                          |  |  |  |  |  |  |  |  |  |

|                |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
|----------------|---|---|---|---|-----|---|--|--|--|
| <b>STAÐAN:</b> |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
| ARSENAL        | 2 | 2 | 0 | 0 | 4–2 | 6 |  |  |  |
| FC THUN        | 2 | 1 | 0 | 1 | 2–2 | 3 |  |  |  |
| AJAX           | 2 | 0 | 1 | 1 | 2–3 | 1 |  |  |  |
| SPARTA PR.     | 2 | 0 | 1 | 1 | 1–2 | 1 |  |  |  |

|                                         |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|-----------------------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| <b>C-RÍÐILL:</b>                        |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| BARCELONA–UDINESE 4–1                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–0 Ronaldinho (13.), 1–1 Felipe (24.), |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 2–1 Ronaldinho (32.), 3–1 Deco (41.),   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 3–1 Ronaldinho, víti (90.).             |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| PANATHINAIKOS–WERDER BREMEN 2–1         |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–0 Gonzales (6.), 2–0 Mantzios (8.),   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 2–1 Klose (41.).                        |  |  |  |  |  |  |  |  |  |

|                |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
|----------------|---|---|---|---|-----|---|--|--|--|
| <b>STAÐAN:</b> |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
| BARCELONA      | 2 | 2 | 0 | 0 | 6–1 | 6 |  |  |  |
| UDINESE        | 2 | 1 | 0 | 1 | 4–4 | 3 |  |  |  |
| PANATHINA.     | 2 | 1 | 0 | 1 | 2–4 | 3 |  |  |  |
| WERDER BR.     | 2 | 0 | 0 | 2 | 1–4 | 0 |  |  |  |

|                                         |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|-----------------------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| <b>D-RÍÐILL:</b>                        |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| LILLE–VILLARREAL 0–0                    |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| MANCHESTER UNITED–BENFICA 2–1           |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| 1–0 Giggs (39.), 1–1 Sabrosa (59.), 2–1 |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Van Nistelrooy (85.).                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |

|                |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
|----------------|---|---|---|---|-----|---|--|--|--|
| <b>STAÐAN:</b> |   |   |   |   |     |   |  |  |  |
| MAN. UTD.      | 2 | 1 | 1 | 0 | 2–1 | 4 |  |  |  |
| BENFICA        | 2 | 1 | 0 | 1 | 2–3 | 3 |  |  |  |
| VILLAREAL      | 2 | 0 | 2 | 0 | 0–0 | 2 |  |  |  |
| LILLE          | 2 | 0 | 1 | 1 | 0–1 | 1 |  |  |  |

DHL-deild kvenna:

|                                                                                                                                                                                                                                                                     |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| GRÓTTA–VALUR 19–21                                                                                                                                                                                                                                                  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk Gróttu:</b> Karen Smidt 6, Ivana Veljkovic 4, Gerður Rún Einarsdóttir 3, Arndís María Erlingsdóttir 2, Kristín Þórðardóttir 2, Tinna Jökulsdóttir 2.                                                                                                        |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk Vals:</b> Alla Gokorian 8, Sigurlaug Rúnarsdóttir 5, Drífa Skúladóttir 2, Katrín Andrésdóttir 2, Arna Grímsdóttir 2, Anna Guðmundsdóttir 1, Hafðís Hinriksdóttir 1.                                                                                         |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| KA/ÞÓR–VÍKINGUR 35–23                                                                                                                                                                                                                                               |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk KA/Þórs:</b> Inga Dís Sigurðardóttir 11, Guðrún Helga Tryggvadóttir 6, Arna Rut Gunnarsdóttir 5, Jurgita Markeviciute 5, Erla Tryggvadóttir 3, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Auður Ómarsdóttir 1, Þórdís Sigurdórsdóttir 1, Guðrún Linda Guðmundsdóttir 1. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk Víkings:</b> Hekla Daðadóttir 6, Ásta Björk Agnarsdóttir 5, Natasa Damljanovic 5, Þórhildur Björnsdóttir 3, Gyða Ingólfssdóttir 2, Anna K. Árnadóttir 1, Áslaug Gunnarsdóttir 1.                                                                            |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| FH–STJARNAN 23–25                                                                                                                                                                                                                                                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk FH:</b> Maja Grönberg 7, Ásdís Sigurðardóttir 5, Eva Albrechten 4, Gunnur Sveinsdóttir 3, Guðrún Hólmgeirsdóttir 2, Arna Gunnarsdóttir 2.                                                                                                                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk Stjörnunnar:</b> Jóna Margrét Ragnarsdóttir 10, Sólveig Kjærnesteð 4, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Rakel Dögg Bragadóttir 2, Elísabet Kowal 2, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 2, Kristín Jóhanna Clausen 1.                                                          |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| HK–FRAM 30–20                                                                                                                                                                                                                                                       |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk HK:</b> Arna Sif Pálsdóttir 9/5, Rut Jónsdóttir 7, Tatjana Zukovska 5, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 3, Aukse Vysniauskaite 3/1, Herdís Helgadóttir 2, Auður Jónsdóttir 1.                                                                                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| <b>Mörk Fram:</b> Sigurbjörg Jóhannsdóttir 9/1, Ásta Birna Gunnarsdóttir 5/2, Þórey Stefánsdóttir 2, Eva Hrund Harðardóttir 2, Saga Sigurðardóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1.                                                                                   |  |  |  |  |  |  |  |  |  |

|                |   |   |   |   |       |   |  |  |  |
|----------------|---|---|---|---|-------|---|--|--|--|
| <b>STAÐAN:</b> |   |   |   |   |       |   |  |  |  |
| STJARNAN       | 2 | 2 | 0 | 0 | 59–40 | 4 |  |  |  |
| HK             | 2 | 2 | 0 | 0 | 60–46 | 4 |  |  |  |
| VALUR          | 2 | 2 | 0 | 0 | 51–39 | 4 |  |  |  |
| ÍBV            | 1 | 1 | 0 | 0 | 35–18 | 2 |  |  |  |
| HAUKAR         | 1 | 1 | 0 | 0 | 36–24 | 2 |  |  |  |
| KA/ÞÓR         | 2 | 1 | 0 | 1 | 52–57 | 2 |  |  |  |
| GRÓTTA         | 2 | 0 | 0 | 2 | 45–51 | 0 |  |  |  |
| FH             | 2 | 0 | 0 | 2 | 47–61 | 0 |  |  |  |
| VÍKINGUR       | 2 | 0 | 0 | 2 | 43–65 | 0 |  |  |  |
| FRAM           | 2 | 0 | 0 | 2 | 38–65 | 0 |  |  |  |

Enska 1. deildin:

|                                                             |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|-------------------------------------------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| LEICESTER–BRIGHTON 0–0                                      |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| SHEFFIELD UNITED–PLYMOUTH 2–0                               |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Bjarni Guðjónsson lék fyrstu 57 mínúturnar fyrir Plymouth.  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| STOKE CITY–CARDIFF 0–3                                      |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Þórður Guðjónsson var ekki í hópnum hjá Stoke.              |  |  |  |  |  |  |  |  |  |

Enska 3. deildin:

|                          |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|--------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| GRIMSBY–NOTTS COUNTY 4–0 |  |  |  |  |  |  |  |  |  |
|--------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|

Van Nistelrooy bjargaði kvöldinu á Old Trafford

Átta leikir fóru fram í meistaradeild Evrópu í gærkvöld. Ronaldinho skoraði þrennu á meðan Manchester United og Arsenal unnu 2–1 sigra.

**FÓTBOLTÍ** Vörn Manchester United hefur oft verið skipuð þekktari mönnum en blasti við þegar liðið tók á móti Benfica á Old Trafford í gær. Bakverðir voru þeir Kieran Richardson og Phillip Bardsley og þá var John O'Shea í stöðu mið-varðar við hlið Rio Ferdinand. Þrátt fyrir þessi vandræði með varnarmenn liðsins fengu þeir ekki nema eitt mark á sig og skor-uðu tvö blessunarlega fyrir Sir Alex Ferguson og félagi.

„Ég held að við áttum sigurinn skilinn,“ sagði Ferguson eftir leikinn. „Við vorum ávallt jákvæðir og spiluðum góða knattspyrnu.“ United tapaði um helgina fyrir Blackburn í ensku úrvalsdeildinni og var Ferguson ánægður með að hafa bætt fyrir það. „Þegar maður tapar leik fær maður þrjá eða fjóra daga til að bæta fyrir það og gerðum við það í kvöld.“

Brasilíumaðurinn Ronaldinho skoraði þrennu þegar Barcelona valtaði yfir Udinese, 4–1, og vann



VAN NISTELROOY SKORAR Hollendingurinn skorar hér sigurmark Manchester United gegn Benfica í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

þar með annan leikinn sinn í röð. Hið sama má segja um Juventus sem vann 3–0 sigur á Rápíd Vín. Þá vann Arsenal 2–1 sigur á Arsenal en óvæntustu úrslit

kvöldsins voru án efa sigur sviss-neska liðsins Thun á Sparta Prag þar sem sigurmarkið kom á 89. mínútu.

eirikurst@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

25 26 27 28 29 30 1

Miðvikudagur

LEIKIR

- ☐ 19.15 Heil umferð fer fram í **DHL-deild karla** í handbolta. Selfoss–Þór, KA–HK, Valur–Haukar, Fylkir–FH, Fram–Afturelding, Stjarnan–ÍR og ÍBV–Vikingur/Fjölnir.
- ☐ 19.15 Tveir leikir fara fram í **Reykjanesmótinu** í körfubolta karla. Grindavík–Njarðvík og Keflavík–Stjarnan.

SJÓNVARP

- ☐ 17.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn.
- ☐ 18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn.
- ☐ 18.30 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Leikur Liverpool og Chelsea sýndur í beinni útsendingu.
- ☐ 20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn.
- ☐ 21.20 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Leikur Schalke og AC Milan.
- ☐ 22.20 Handboltakvöld á RÚV.
- ☐ 23.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn.
- ☐ 23.50 Mótorsport 2005 á Sýn.

**HYUNDAI**  
hefur gæðin

# Hyundai SANTA FE

Einn stærsti og öflugasti jepplingurinn á markaðnum



**Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur.**  
**Dráttargeta 2300 kg.**  
**Verð kr. 2.910.000**  
**Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði.**  
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.

**Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Disel, sjálfskiptur.**  
**Dráttargeta 2000 kg.**  
**Verð kr. 2.970.000**  
**Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði.**  
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444

Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

\*Mánaðargreittur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun. Greiðum úr þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.



## Tónlistarskóli Árbæjar

# Tónlistarskóli Árbæjar í Grafarholti!

## Hug á tónlistarnámi? Nú er tækifærið!

Nýr tónlistarskóli í Grafarholti. Kennsla fer fram í Ingunnarskóla.

Kennt á öll helstu hljóðfæri fyrir byrjendur sem lengra komna.

Nokkur pláss laus á gítar og píanó!

Umsóknir sendist á tölvupósti: [tonarb@heimsnet.is](mailto:tonarb@heimsnet.is)

Reyndir og menntaðir kennarar



Tónlistarskóli Árbæjar, Ingunnarskóla  
Skoðið vefsíðu okkar: [www.tonarb.net](http://www.tonarb.net)  
símar 587 1664 861 6497

## STUÐ MILLI STRÍÐA · Ógn líkamsræktarstöðvanna

## BORGHILDI GUNNARSDÓTTUR LEIÐAST LÍKAMSRÆKTARSTÖÐVAR



Ég er ein af þeim sem hræðist líkamsræktarstöðvar. Mér finnst þær of stórar, of ógnandi, of sveittar og innihalda of mikið af tækjum sem ég kann ekki á. Ég hata

að koma inn í líkamsræktarstöð, setjast við eitthvað tæki og byrja á því að finna út hvernig það virkar. Eg skil eiginlega ekki þessa líkamsræktarstöðvaporð hjá fólki. Þessar stóru og nýju stöðvar eru líka eins og geimstöðvar og svo fjarri öllu því umhverfi sem ég fíla mig í að mér líður alltaf eins og ég sé gestur. Eins og allir horfi á mig og hugs: „Bíddu, hver er þetta

eiginlega?“

Fór í Laugar í fyrsta sinn um daginn. Nei, auðvitað ekki til þess að fara í tækin heldur átti ég miða í baðstofuna. Afgreiðslustúlkan átti ekki orð yfir að ég hefði aldrei komið þangað áður. Ég tilkynnti henni vinkjarnlega að það væru nú bara ekki allir sem færu í líkamsræktarstöðvar, hvað þá sömu stöðina. Svo þurfti ég að fara í gegnum heljarinnar aðgerð til að skanna á mér augað. Hvað ef ég vil ekkert að augað í mér sé skannað? Má ég þá bara ekki vera með? Næst fara þessar líkamsræktarstöðvar að græða örflögu í handarbakið á manni. Baðstofan var reyndar yndisleg og til hamingju með hana Laugar, trallala. En það tók mig líka hálf-

tíma að finna hana eftir að hafa ráf-  
að um gangana á sundfötunum eins  
og auli og spurt til vegar. Maður  
þarf að taka með sér staðsetningar-  
tæki í svona stöðvar. Ætli björgun-  
arsveitin fái mörg útköll frá stór-  
um líkamsræktarstöðvum? „Uu, já,  
ég er staddur einhvers staðar rétt  
hjá spa-inu, ég er hundvilltur-  
getið komið og sótt mig.“

Annars skil ég ekki af hverju fólk fer ekki bara út og hreyfir sig. Í staðinn fyrir að keyra í líkamsræktarstöð, borga gifurlega peningaupphæð fyrir það, fara svo á hlaupabretti og labba. Halló?! Fariði út að labba, fólk! Eða hjóla, hlaupa, dansiði úr ykkur allan mátt á skemmtistöðunum eða fariði í búðarrölt.

**myndasögur**



**PONDUS**

Eftir Frode Överli



**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



**PÚ OG PA**

Eftir SÖB



**KJÖLTURAKKAR**

Eftir Patrick McDonnell


**BARNALÁN**

Eftir Kirkman/Scott

**SUDOKU DAGSINS**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátt er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautir er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

### Lausn á gátu gærdagsins

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 |
| 3 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 3 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 5 | 6 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 | 9 | 6 |
| 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | 2 | 8 |   |   |   | 9 |   | 4 |
|   |   | 5 | 6 | 8 |   |   |   |   |
| 1 | 4 |   | 5 |   | 2 |   | 7 |   |
| 7 |   |   |   | 3 |   | 5 | 4 |   |
|   |   | 6 | 8 |   | 1 | 7 |   |   |
|   | 9 | 2 |   | 6 |   |   |   | 3 |
|   | 3 |   | 9 |   | 8 |   | 6 | 1 |
|   |   |   |   | 1 | 7 | 2 |   |   |
| 5 |   | 4 |   |   |   | 8 | 9 |   |

**su | do | ku**  
© Puzzles by Pannocom



# Breski söngvarinn Lemar vinnur til verðlauna

Breski sálarsöngvarinn Lemar sigraði enga aðra en Mariuh Carey á verðlaunahátíð MOBO, Music of black origin, eða tónlist af svörtum uppruna. Söngvarinn sem fæddur er í London, komst í návígi við frægðina í hæfileikaþættinum, Face Academy. Hann hlaut verðlaun fyrir bestu plötuna sem ber heitið, Time to Grow, og einnig hlaut hann verðlaun fyrir að vera besti breski

listamaðurinn. „Ég bjóst alls ekki við þessu. Ég veit ekki hvað skal segja. Ég vil fá að þakka öllum þeim sem studdu mig.“ Þetta er í tíunda sinn sem þessi verðlaunahátíð er haldin en það er almenningur sem kýs. Lauryn Hill byrjaði á því að koma fram á hátíðinni, R&B John Legend, tónlistarmaðurinn hlaut verðlaun fyrir bestu R&B framkomuna. Damian Marley fékk verðlaun fyrir að vera besti reggí-listamaðurinn og hann lauk einnig verðlaunahátíðinni með glæsilegri upptöku. Meðal annarra sem hlutu verðlaun má nefna, rappsveitina Public Enemy, Yousou N'Dour og Luther Vandross.

# John Lennon skaðaði son sinn

Bítillinn John Lennon var pirraður og ofbeldisullur faðir ef marka má sögur fyrstu konu hans, Cynthia. Cynthia sem nú er 66 ára gömul segir að sonur þeirra, Julian Lennon, sé enn í sárum eftir þá framkomu og óvirðingu sem John Lennon sýndi honum sem barni. Hún telur eitt ákveðið atvik hafa skaðað hann svo mikið að hann hafi varla hlegið síðan. „Þegar fjölskyldan hafði verið að fíflast og Julian fór að hlæja sneri John sér við og öskraði og bætti við að hann þyldi ekki þegar það væri hlegið að honum.“ Við þetta hljóp Julian inn í herbergið sitt grátandi. ■

# Moss gefst ekki upp

Kate Moss er á leiðinni í meðferð samkvæmt breska blaðinu The Daily Mirror. Þessi ofurfyrirseta hefur sætt nornaveiðum slúðurblaðanna. Er það ekki síst vegna sambands hennar við Pete Doherty en hann er þekktur dóphaus. Blöðin náðu loks mynd af henni þar sem hún var sögð vera að taka kókaín. H&M, Burberry og Chanel sögðu upp samningum sínum við fyrirsætuna í kjölfarið en Moss hefur verið sú eftirsóttasta í sínum geira. Ljósíð í myrkrinu hjá Kate er að umboðsskrifstofa hennar ætlar að standa þétt við bakið á henni og styðja hana á erfiðum tímum. ■



# Sharon er svart- sýnismanneskja

Sharon Osbourne lifir í ótta við að krabbameinið, sem hún barðist við fyrir tveimur árum, taki sig upp að nýju. Þegar Sharon komst að því að hún var með krabbamein fann hún styrk í að reyna að hjálpa öðrum. Í kjölfarið byrjaði hún með sjónvarpsþætti sem áttu að aðstoða þá krabbameinssjúku. En þótt hún hafi sýnt á sér þessa sterku hlið segir Sharon að hún lifi í stöðugum ótta. „Ég er mjög óttaslegin. Ég fer í skoðun á sex mánaða fresti til að athuga hvort allt sé ekki í lagi. Ég er mjög svartsýn manneskja og er alltaf tilbúin að taka á móti vondum fréttum.“ ■

# Miller mætti ein í brúðkaupið

Þótt Sienna Miller og Jude Law séu að reyna að láta samband sitt ganga hefur enn ekki gróðið um heilt þar á milli. Miller mætti til dæmis ein í brúðkaup systur sinnar, Savannah og smiðsins Nic Skinner, en The Daily Mirror greinir frá þessu. Miller er sögð hafa óttast að allt umtalið í kringum framhjá-hald Laws myndi eyðileggja stóra daginn fyrir systur sinni. Þar að auki var leikarinn bendlaður við kynsvall með fyrirsætunni Kate Moss sem hefur vafalaust ekki verið til að bæta mál-in. Sienna, sem sjálf ætlaði upp að altarinu með Law, hefur lýst systur sinni sem hippa. „Hún þolir ekki fræga fólkið og skilur það



JUDE OG SIENNA Ekkert par hefur verið jafn mikið á milli tannanna og þau. Miller mætti fyrir skömmu ein í brúðkaup systur sinnar til að Jude skygði ekki á stóra daginn.

ekki. Mér hefði fundist verra að draga hana inn í þetta,“ sagði Miller í samtali við blaðið en tók jafnframt fram að hún hefði útskýrt málavexti fyrir Law og hann hefði skilið það. ■

6. alþjóðlegi

SkólaMjólkur.  
dagurinn – 28. september 2005

Marianna Svendsdóttir, Flúðaskóla

Guðjón Örninngurðsson, Flúðaskóla

Kristín Hulda Kristófersdóttir, Snælandsskóla

Anna Maggú Grimsdóttir, Snælandsskóla

Bergdís Rán Jónsdóttir, Barnaskóla Vestmannaeyja

Jón Gautason, Flúðaskóla

Halþór Ingi Rognarsson, Flúðaskóla

Svanborg Sigrún Jóhannsdóttir, Ljósafossskóla

Sóley Reynisdóttir, Heiðarskóla, Reykjanesbæ

Þórmundur Hilmarsson, Flúðaskóla

# Teiknisamkeppni 4. bekkinga

Öllum nemendum **4. bekkjar** er boðið að taka þátt í teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins. Myndefnið er algjörlega frjálst en æskilegt er að myndin tengist hollustu mjólkurinnar fyrir ungt fólk. Myndirnar verða síðan notaðar til myndskreytingar á veggspjöld og kynningar-efni vegna Skólamjólkurdagsins 2006.

**Veitt verða verðlaun fyrir 10 bestu myndirnar. Verðlaunin fyrir hverja mynd eru 25.000 kr. sem renna í bekkjarsjóði verðlaunahafanna.**

Taktu þátt í teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins og láttu hæfileika þína njóta sín – það er til mikils að vinna!

Myndum skal skilað fyrir næsta jólafrí til skólamjólkurfulltrúa, hjó Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík. Úrslit verða tilkynnt í mars 2006.

Hér má sjá vinningsmyndir Skólamjólkurdagsins 2004.





## Kl. 20.00

Kristján Jóhann Jónsson fjallar um Grím Thomsen og H. C. Andersen á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða, sem haldið verður í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3. Meðal annars leitar Kristján svara við því hvers vegna H. C. Andersen fagnaði ritdómi Gríms sérstaklega í ævisögu sinni.

# menning

menning@frettabladid.is

## Innrás í Berlín

Meira en sextíu listamenn frá Klink og Bank gera nú innrás á listapíng í Berlín. Um er að ræða bæði myndlistarmenn og tónlistarmenn, sem halda myndlistarsýningu auk fjölda gerninga og uppákoma. Á sunnudagskvöldinu verður svo blásið til heljarinnar Klink og Bank-tónleika í Club Rio í Berlín.

Opnunarhátíð listapingsins Berliner Liste verður í dag, og verður þá sýnt úr heimildarmynd um Klink og Bank eftir Þorfinn Guðnason. Einnig verður frumsýnd önnur mynd Þorfinns, sem fjallar um sýningu Christofs Schlingensiefs „Animatograph“, sem var sett upp í tengslum við Listahátíð í vor. Þá verður sýnd heimildarmynd um gerð sýningarinnar „Sheep Plug“ eftir þá Jason Rhoades og Paul McCarthy, sem stóð yfir í Kling og Bang gallerí sumarið 2004.

Síðar í kvöld tekur íslenski sendiherrann í Berlín, Ólafur Davíðsson, á móti gestum á íBart Helga Þórssonar myndlistarmanns og loks verður opnunarteiti með Ásmundi Ásmundssyni, „Gargamel's mother“, Palla Banine & The Love Goblins og Hljómsveitinni Nine Elevens.



### > Ekki missa af ...

... sýningu Nemendaleikhúss Listaháskóla Íslands á verkinu Forðist okkur, sem unnið er upp úr óborganlegum teiknimyndasögum Hugleiks Dagssonar.



... ljóðakvöldi á Café Rosenberg í kvöld þar sem Mike Pollock, Ágúst Borgþór Sverrisson, Kristín Ómarsdóttir og ung stúlka að nafni Dóra lesa úr verkum sínum.

... tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói annað kvöld þar sem meðal annars verður flutt fimmta sinfónía Beethovens.

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

### STÓRA SVID

#### KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren

Lau 1/10 kl. 14, Su 2/10 kl. 14,  
Su 9/10 kl. 14, 16/10 kl. 14

#### WOYZECK - 5 FORSYNINGAR Í SEPT.

Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Miðaverð á forsyningu aðeins kr. 2.000,-  
Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl 20

**UPPSELT**, Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku),  
Fi 27/10 kl. 20, Fö 28/10 Frumsýning UPPS.

#### HÍBYLI VINDANNA

Örfár aukasýningar í haust.

Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20,  
Su 16/10 kl. 20

#### LÍFSINS TRÉ

Fö 21/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**  
Lau 22/10 kl. 20, Fi 27/10 kl. 20, Fö 28/10 kl. 20,  
Fö 4/11 kl. 20, Lau 5/11 kl. 20

### TVENNU TILBOÐ

Ef keyptur er miði á  
Híbyli vindanna og Lífsins tré  
fæst sérstakur afsláttur

### SALKVA

Lau 15/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**

#### NÝJA SVID/LITLA SVID

#### MANNTAFL

2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,  
Lau 15/10 kl. 20

#### ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Lau 1/10 kl. 16 aukasýn, Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT**,  
Fi 6/10 kl. 20 **UPPSELT**, Lau 8/10 kl. 16 aukasýn,  
Lau 8/10 kl. 20 **UPPSELT**, Su 9/10 kl. 20 **UPPSELT**,  
Sun 16/10 kl. 20 aukasýn.

#### BELGÍSKA KONGÓ

Sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar

Fö 30/9 kl. 20, Lau 1/10 kl. 20

Sími miðasölu 568 8000

midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20  
miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
12-20 laugardaga og sunnudag



HEITIR OG KRYDDAÐIR Djasstríðið Hot'n Spicy frá Kaupmannahöfn leikur á opnunartónleikum Jazzhátíðar Reykjavíkur í kvöld.

# Djass og danskur húmor

Jazzhátíð Reykjavíkur hefst í dag með opnunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan fimm. Þar koma fram margir þeirra listamanna sem eiga eftir að láta gamminn geisa á hátíðinni næstu daga.

Í kvöld klukkan hálfnú hefst síðan á Kaffi Reykjavík fyrstu tónleikar hátíðarinnar. Þar mætir á sviðið tríóið Hot'n Spicy frá Kaupmannahöfn, sem flytur léttan melódískan djass með poppuðu ívafi og góðum skammti af dönskum húmor.

Þeir hafa gefið út eina plötu, Journey, árið 2003 sem fékk frábærar móttökur. Meðal annars hældi hinn kunnir danski djassari Svend Asmussen tríóinu sérstaklega fyrir skemmtilega og líflega

tónlist, ekki síst fiðluleik Bjarke Falgren.

Tríóið skipa þeir Bjarke Falgren á fiðlu, Svein-Erik Martinsen, sem syngur og leikur á gítar, og Lars Tormod Jensen á kontrabassa, en þeir eru allir búsettir í Kaupmannahöfn þar sem þeir voru saman í djassnámi. Þetta er í fyrsta skipti sem þessir hressu drengir koma til Íslands, en þeir eru mjög vel kynntir á hinum Norðurlöndunum, hafa meðal annars leikið á öllum stærstu djasshátíðum þar, til dæmis oft-sinnis á Copenhagen og Stockholm Jazzfestival.

Tríóið er komið hingað til lands fyrir milligöngu Tómasar Guðbjartssonar hjartaskurðlæknis, sem lengi var búsettur í Svíþjóð

en er nýlega fluttur aftur til landsins.

Tómas hefur verið iðinn við að skipuleggja tónleika, og gerir það af einskærum áhuga á tónlistinni.

„Ég geri þetta án nokkurrar greiðslu en verð að viðurkenna að mér þykir þetta alveg rosalega skemmtilegt, næstum því eins gaman og að „operera“ hjörtu,“ segir Tómas, sem síðastliðið vor skipulagði tónleika með íslensku fönksnillingunum í Jagúar úti í Svíþjóð og skömmu síðar tónleika með dönsku brimbrettarokkkurunum Langhorns hér á landi.

Jazzhátíð Reykjavíkur stendur fram á sunnudaginn og er dag-skráin afskaplega fjölbreytt svo allir ættu að geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi. ■



Síðustu sýningar

Selma

Eva appelsína

Ef spegillinn gæti talað  
þá myndi hann segja við mig  
að ég væri fegurst  
flottust og finust.  
Það myndi hann  
segja við mig.

SPARISJÓÐURINN

IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin  
alla daga frá kl.13 til kl.17  
pantanir í síma 551 4700  
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar  
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30  
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30  
www.avxtakarfan.is

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

### STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

#### EDITH PIAF

Fim. 29/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 örfá sæti laus, lau. 1/10 örfá sæti laus, fös.  
7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10 nokkur sæti laus. Sýningum lýkur í október.

### STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00

#### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 2/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti  
laus, sun. 16/10 kl. 14:00, sun. 23/10 nokkur sæti laus.


### LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

#### KODDAMAÐURINN

Fös. 30/9 örfá sæti laus, sun.. 2/10, fim. 6/10, fös. 7/10 nokkur sæti laus,  
lau. 8/10. Sýningum lýkur í október.

### KORTASALAN STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER!

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00  
MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



16. sýn. sun. 02/10 kl. 14 Annie; Solveig  
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind  
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig

mid.is  
551 4700 & 551 0200



25 ára  
og yngri:  
50%  
afsláttur  
af miða-  
verði  
í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning  
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning  
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning  
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning  
Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning  
Kl. 19:15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalín í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200  
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



ÍSLENSKA ÓPERAN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

26 27 28 29 30

### Miðvikudagur

#### ■ ■ TÓNLEIKAR

- ☐ 17.00 Formleg opnun Jazzhátíðar Reykjavíkur í Ráðhúsinu við Tjörnina. Nokkrir listamenn gefa sýnishorn af því sem í vændum er.
- ☐ 18.00 Hljómsveitin **Nílfisk** sér um upphitun en hljómsveitinnar **CC** og **Skítur** verða aðalböndin á Pepsi rokk, nýrri tónleikaröð á Bar 11 sem á að gefa efnilegum hljómsveitum ungra tónlistarmanna færi á að spila opinberlega.
- ☐ 20.30 Dansk-norska tríóið **Hot'n Spicy** leikur á tónleikum djasshátíðar á Kaffi Reykjavík.

#### ■ ■ FYRIRLESTRAR

- ☐ 16.30 Anna Ingeborg Pétursdóttir flytur erindi um virknigreiningu hegðunar á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L201 á Sólborg við Norðurlóð. Virknigreining er aðferð við atferlismat sem valdið hefur straumhvörfum í mati og meðferð á hegðunarförum.



# Á flugi í Færeyjum

„Ég hugsaði með mér hvers vegna falinni myndavél hafði verið laumað inn á heimili mitt, því þetta er mitt líf,“ segir færeysk kona sem séð hefur einleikinn Sellófan eftir Björk Jakobsdóttur. Einleikurinn er um þessar mundir sýndur í Færeyjum og það er Kristína Hansen leikkona sem fer með hlutverk eiginkonunnar ofur-duglegu.

„En svo talaði ég við aðra og þær sögðu það sama, svo illur grunur minn um að ég væri hinn nýi Truman í „The Truman Show“ varð sem betur fer að engu,“ heldur konan áfram, sem segir frá upplifun sinni á færeysku vefsíðunni kvinna.fo. Þar segja fleiri konur frá leikhúsfærð sinni, og

eru allar jafn hrifnar af bæði einleiknum og hörkuleik Kristínu.

Sellófan var frumsýnt um miðjan ágúst í Færeyjum og gengur enn fyrir fullu húsi. Nú þegar eru sýningar orðnar jafn margar og á Píkusögum, sem varð metsölustykki þar í landi.

Það er Björk Jakobsdóttir sem sjálf leikstýrir einleik sínum í Færeyjum. Einleikurinn verður næst frumsýndur í Helsinki í febrúar og þar mun Björk einnig sjá um leikstjórnina.

Sellófan er um þessar mundir einnig á fjölonum í Svíþjóð, Belgíu og Þýskalandi. Í Svíþjóð var annað leikár að byrja, í Belgíu þriðja leikárið og í Þýskalandi annað leikár. ■



SELLÓFAN Færeyska leikkonan Kristína Hansen í einleik Bjarkar Jakobsdóttur.

# Yndislega íslenskt

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRD

**Himnaríki**  
Hafnarfjarðarleikhúsið

**Leikstjóri:** Hilmar Jónsson. **Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarsson. **Búningar og gervi:** Ásta Hafþórsdóttir. **Lýsing:** Garðar Borgþórsson. **Leikarar:** Elma Lísu Gunnarsdóttir, Erling Jóhannesson, Friðrik Friðriksson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Jóhann G. Jóhannsson og Prúður Vilhjálmssdóttir.

**Niðurstaða:** Það má líkja sýningunni við góða flugferð þar sem ekkert fer úrskeiðis. Fullkomin leikhússkemmtun!



ÚR HIMNARÍKI HAFNARFJARÐARLEIKHÚSSINS Friðrik Friðriksson, Jóhann G. Jóhannsson og Erling Jóhannesson í hlutverkum sínum.

Tíu ár eru liðin frá því að leikritið Himnaríki eftir Árna Ibsen var frumsýnt í gömlu Bæjarútgerðinni í Hafnarfirði. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og nú er búið að rífa hús bæjarútgerðarinnar niður en leikhúsið komið í nýtt og betra húsnæði í hjarta Hafnarfjarðar og hefur stimplað sig rækilega inn sem eitt af atvinnuleikhúsum landsins og oftast en ekki boðið upp á frábæra leiklist sem borið hefur hróðurinn vítt og breitt svo ekki sé meira sagt.

Árni Ibsen leikskáld, dramaturg og þýðandi vann mikið á sínum tíma með Hafnarfjarðarleikhúsinu og það samstarf skilaði mörgum mjög áhugaverðum sýningum. Himnaríki hefur farið víða á undanförunum árum og gert það gott eins og margir vita og það er ekkert skritið. Verkið er hugvitsamlega smíðað þar sem það er leikið í tveimur leikrymum samtímis eða mætti segja að hinu eiginlega leikrymi sé skipt í tvennt á milli áhorfenda sem sjá sömu sýninguna frá tveimur hlíðum fyrir utan lokin sem sjást beggja megin frá. Það merkilega er að það skiptir nákvæmlega engu máli hvorn helminginn maður sér fyrir hlé og hvorn eftir hlé.

Það þarf nokkurt hugvít til að láta verkið ganga upp og það reynir ekki síst á nákvæmni og tímasetningar leikaranna sem hér njóta dyggilegrar leiðsagnar leikstjórans sem gjörþekk-

ir verkið út og inn svo að niðurstaðan verður einfaldlega: Frábær leikhússkemmtun!

Persónurnar eru auðvitað klisjur úr íslenskum nútímaveruleika en klisjur eru líka á sinn hátt sannar og hér er vinna leikaranna til slíkrar fyrirmyndar að það mætti auðveldlega hugsa sér að hitta þetta sama fólk á hlaupum í Kringlunni eða Smáralind á föstudegi að undirbúa fylleri uppi í sumar-bústað.

Það væri að svíkja væntanlega áhorfendur að blaðra mikið um atburði verksins og þær persónur sem lifa þá, aftur á móti er ástæða til að hvetja það fólk sem vill eiga góða kvöldstund í leikhúsinu með frábærum leikhópi til að drífa sig í Hafnarfjarðarleikhúsið og sjá Himnaríki. Hér geta allir fundið samsvörun. Ég meina hver þekkir ekki íslenskt fylleri í íslenskum sumarbústað þar sem allt fer á annan endann á einni kvöldstund? Hér þarf enga stæla, ekkert fiff, ekkert verið að þykjast vera eitthvað annað en skemmtilegt leikrit, fyndinn leiktexti, skondnar upptakur þar sem allt er svo skemmtilegt.

Leikarahópurinn er sérlega skemmtilegur og hvergi veikan blett að finna. Guðlaug Elísabet spilar á sinn karakter eins og hver annar virtúós sem kann á sitt hljóðfæri. Það smæsta verður stórt og það stóra kómískt, groddalegt en einhvern veg-

inn samt svo elegant og þokkafullt.

Prúður og Elma Lísu draga sínar persónur líka sterkum dráttum og skila einstaklega vel skapmiklum ungum konum í leit að ást og fullnægju sem daðra svo eins og djöfullinn sjálfur þegar færi gefst. Prúður uppskar hlátur áhorfenda í hvert skipti sem Aníta kom upp um fáfræði sína og Elmu Lísu tókst vel upp þegar Steinunn barðist um á hæl og hnakka við að endurheimta kærastann sinn.

Strákarnir voru skemmtilega ólíkir og engin furða þótt einfeldningurinn Tryggvi sem leikinn var af Jóhanni skuli fá samúð áhorfenda enda gefur texti hans tilefni til þess. Maður hefur oft hitt svona gæja eins og greddu-töffarann sem Erling lék af ríku inn-sæi þar sem litli „tindátinn“ ræður för í öllu hans lífi. Friðrik lék hinn tvístigandi Gauja sem reynir að hafa stjórna á öllu í kringum sig með litlum árangri en uppsker í lok leikritsins.

Samleikur allra var hárnákvæmur og hraðinn í sýningunni þó nokkur án þess nokkurn tíma að verða eins og „ærslafarsi“. Það má líkja sýningunni við góða flugferð þar sem ekkert fer úrskeiðis. Taxerað og testað í byrjun, full orka sett í flugtakið, klifrað upp í rétta flughæð og fluginu haldið fram að lendingu sem er mjúk og að öllu leyti ásættanleg. Fullkomin leikhússkemmtun!

20.00 Kristján Jóhann Jónsson fjallar um Grím Thomsen og H. C. Andersen á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða, sem haldið verður í húis Sögufélagsins, Fischersundi 3.

## SAMKOMUR

22.00 Mike Pollock, Ágúst Borgþór Sverrisson, Kristín Ómarsdóttir og Dóra lesa úr verkum sínum á ljóðakvöldi á Café Rosenberg. Að upplestrum loknum verður frjálst aðgangur að hljóðnemanum.

Nemendaleikhúsið og CommonNonsense

Forðist okkur eftir Hugleik Dagsson á morgun í Borgarleikhúsinu

Tónleikurinn

**BÍTL**

Föstudag 30/9  
Laugardag 1/10  
Föstudag 7/10

“Frábær skemmtun!”

Landsbankinn

KASTALINN

ELVIS

TRIBUTE TÓNLEIKAR Á BROADWAY 30. SEPTEMBER NK. KL. 22:00  
Hér er á ferðinni tónlistarveisla sem enginn má missa af.

Aðeins í þetta eina skipti!

Forsala aðgöngumíða í síma 533-1100 á Broadway og í Pennarum Eymundsson, Akureyri - Miðaverð 2.500,-

VILTU EINTAK á 199 kr?

Fullt af vinningum:

- Í takt við tímann á DVD
- Með allt á hreinu á DVD
- Tónlistin úr myndinni, fullt af öðrum DVD myndum og Coca Cola!

Lendir í BT 30. september!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.





## Christina Aguilera gæsuð

